

**SKOÐUN** Páll Magnússon segir snúið út úr fyrir lögreglustjóranum í Eyjum. 15



**MENNING** Ari Daníelsson stýrir Jazzhátíð Reykjavíkur sem hefst með göngu kl. 17. 20



**LÍFIÐ** Siggi Jensson vildi deila upplifun sinni af Eistnaflugi. 30



**SPORT** Aníta Hinriksdóttir fær að vera með á HM í frjálsum í Peking. 26

FLUGFÉLAG FÓLKSINS
WOW air


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
12. ágúst 2015
187. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**MARKAÐURINN**



## Árlegar tekjur á annan milljarð

Tekjur Rauða kross Íslands voru á annan milljarð króna í fyrra. Framkvæmdastjóri hreyfingarinnar segir að rekstur á spilakössum skipti sífellt minna máli fyrir fjáröflunina, en tekjur af fatasöfnun skipti meira máli. Áhugi Íslendinga á notuðum fötum sé að aukast.

**FRÉTTIR**



## Ofsóknirnar hafnar aftur

Maður sem ofsótt hefur Ásdísi Hrönn Viðarsdóttur árum saman og rofið nálgunarbann hlaut í sumar dóm fyrir. Hann áfrýjaði og hóf ofsóknir á ný eftir um árshlé. 8

**Lokun haturssíðu skaðleg** Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, efast um gagnsemi þess að loka vefsíðum sem innihalda hatursáróður. 2

**Segir Amnesty grafa sér gröf** Formaður Kvenréttindafélags Íslands syrgir ákvörðun heimsþings Amnesty um að styðja afglæpavæðingu vændis. 4




14

**2 SÉRBLÖÐ** Markaðurinn | Fólk






**RAÐAÐ Í DÚKKUHÚSIÐ** Bergljót Gunnarsdóttir listakona hefur nýlokið smíði tveggja dúkkuhúsa sem bera allan keim af raunverulegum húsakynnum fólks, nema hvað stærðina varðar. Veggspjöld prýða unglingaherbergi og málverk stofur. Húsin bjó hún til fyrir langömmubörn sín. Sjá síðu 30 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Lágt álverð dregur úr áhuga á álverum

Álverð lækkar enn. Er undir viðmiðunarverði sem notað var við arðsemisútreikninga á Kárahnjúkavirkjun. Áhugaleysi um álverkefni næstu ár segir hagfræðingur.

**IÐNAÐUR** Álverð lækkar enn og er í sögulegu samhengi mjög lágt. Í júlí fór tonnið niður í 1.679 dollara, sem er töluvert undir viðmiðunarverði sem notað var í arðsemisútreikninga fyrir Kárahnjúkavirkjun, en þar var gert ráð fyrir að verðið í júní 2015 yrði um 1.875 dollarar á tonnið.

Nokkrar framkvæmdir eru í pípunum varðandi álver. Century Aluminium vinnur að stækkun álvers á Grundartanga og hefur lengi unnið að byggingu álvers í Helguvík. Þá er unnið að því að reisa álver á Bakka við Húsavík og á Hafursstöðum í Skagafirði.



HÖRÐUR ARNARSON

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að vegna viðskiptalegra sjónarmiða tjái fyrirtækið sig ekki um verkefni sem verið sé að vinna að. „Almennt má segja að svona lágt álverð hefur neikvæð áhrif á þau álverkefni sem menn eru að skoða á Íslandi og annars staðar. Það er alveg ljóst að það eru allar líkur á að það dragi úr vilja manna til að auka afköstin.“



Sigurður Jóhannesson, hagfræðingur við Háskóla Íslands, telur að lækkun álverðs dragi úr framkvæmdum við álver.

„Ég reikna með að bæði sé áhugaleysi hjá þeim sem stjórna virkjanaframkvæmdum hér sem og álframleiðendum, á því að gera eitthvað á næstu árin. Ég sé ekki neinar líkur á því að það gerist neitt.“

Ágúst F. Hafberg, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og samskipta hjá Norðuráli, segir að þróun álverðs hafi engin áhrif á stækkun álvers á Grundartanga.

„Varðandi Helguvík þá erum við bara að bíða eftir orkumálum hjá HS Orku, það er svo sem ekkert meira um það að segja.“

\- kóp / sjá síðu 6

Fékk umfjöllun í Forbes:

## Spáð velgengni í gala-klæðum



SÓLA KÁRADÓTTIR

**LÍFIÐ** Í ítarlegri umfjöllun tímaritsins Forbes er breska tískumerkið Galvan sagt verða meðal forystumerkja í gala-klæðnaði. Sóla Káradóttir er listrænn stjórnandi Galvan, sem hefur vaxið hratt frá stofnun fyrir aðeins einu og hálfu ári. Hún flakkar starfs síns vegna milli Lundúna í Bretlandi og Los Angeles í Bandaríkjunum.

\- gj / sjá síðu 24

Veðurstofa Íslands býst við stormi suðvestan til og rigningu um allt land:

# Lausamunir líklegir til að fjúka

**VEÐUR** Það spáir vondu veðri um allt land í dag og stormi á suðvesturhorninu síðdegis. „Það þarf að setja inn trampólínið, grillið og garðhúsgögnin svo það fari ekki allt að fjúka,“ segir Þorsteinn Jónsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands.

Þorsteinn segir veðrið á morgun vera haustlegt en segir þó að sumarið sé ekki alveg búið að vera. Ferðaveður verði slæmt í dag. „Bílarnir með kerrurnar eru í straffi. Hviður geta farið í 35 metra á sekúndu á þessum venjulegu hvassviðrisstöðum.“

Hann leggur áherslu á að ferðamenn á hálendinu hugi vel að sér og bíði veðrið af sér. Það verði sömuleiðis mikið rok, allt upp í 23 metra á sekúndu, rigning og lélegt skyggni.

Búast má við því að það lygni um kvöldmatarleytið. - snæ






## VEÐUR




Vaxandi suðaustanátt og þykknar upp, 13-20 m/s og talsverð rigning síðdegis, en 15-23 við suður- og vesturströndina og á hálendinu og hviður allt að 35 m/s við fjöll. Mun hægara og þurrt á N- og A-landi. Dregur úr vindi og úrkomu í kvöld, en hvessir með rigningu norðaustantil.

SJÁ SÍÐU 18

Yfirvöld í Rússlandi vilja auka veru sjóhersins á norðurskautinu til að vernda hagsmuni sína á svæðinu:

# Sumir Rússar ekki velkomnir á Svalbarða

**RÚSSLAND** Yfirvöld í Rússlandi telja Noreg svívirða alþjóðlegan sáttmála um málefni Svalbarða.

Nýleg tilskipun frá norsku ríkisstjórninni bannar tilteknum rússneskum ríkisborgurum að heimsækja Svalbarða. Enn fremur hefur Noregur innleitt nýjar landamærareglur sem heimila þeim að vísa öllum rússneskum ríkisborgurum sem eru á bannlistanum á brott frá Noregi. Aðgerðin er hluti af þvingunaraðgerðum Evrópusambandsins gegn Rússlandi.

Samkvæmt sáttmálanum hafa Rússar ferðafrelsi á svæðinu líkt og þegnar þeirra ríkja sem eiga aðild að sáttmálanum.

Dímítrí Rogosín, varaforsætisráðherra Rússlands, er einn þeirra sem er ekki heimilt að ferðast til Svalbarða. Hann hefur lýst yfir megnri vanþóknun á aðgerðum Noregs og sagði meðal annars á Twitter-síðu sinni að Norðmenn væru öfundsjúkir þar sem Rússar hefðu stungið sér til sunds við norðurpólinn.

Þá hefur Alexander Bortníkov, formaður öryggismálanefndar Rússlands, boðað aukna veru rússneska flotans við norðurskautið. Hann segir að með auknum viðskiptahagsmunum og umferð á svæðinu beri ríkinu að vernda sína hagsmuni. Hann segir að Rússland hafi svigrúm í alþjóðalögum til að auka umferð herskipa um svæðið. Vladímír Pútín Rússlandsforseti hefur sett málefni norðurslóða ofarlega í forgang undanfarin ár. - srs



**SVALBARÐI** Margir Rússar starfa í námuiðnaðinum á Svalbarða. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP




**SKJÁSKOT** Netrisanum Google hefur verið skipt upp í nokkur fyrirtæki undir móðurfyrirtækinu Alphabet. NORDICPHOTOS/EPA

Alphabet er nýtt móðurfyrirtæki fyrirtækja Google:

# Google skipt upp í smærri félög

**VIÐSKIPTI Netrisinn Google upplýsti í gær um ákvörðun um að skipta fyrirtækinu upp í smærri einingar undir nýju móðurfyrirtæki, Alphabet. Meðal nýju fyrirtækjanna sem munu starfa undir væng Alphabet má nefna Nest, sem hannar snjallheimili, og drónavæng Google. Þá mun Google enn halda utan um leitarvélina vinsælu, YouTube og Android.**

**Larry Page mun taka við starfi forstjóra Alphabet og Sergey Brin við starfi stjórnarformanns en þeir stofnuðu Google. Sundar Pichai verður forstjóri hins nýja Google en Eric Schmidt mun áfram gegna stjórnarformennsku.** - þea

Ráðist á markað í Nígeríu:

# 47 manns létust í sprengjuárás

**NÍGERÍA** Minnst 47 manns létust í sprengjuárás í Nígeríu í gær.

Sprengjan sprakk á markaði í Sabon Gari í norðausturhluta landsins.

Alls særðust 52 en talið er að vígamenn á snærum hryðjuverkasamtakanna Boko Haram hafi verið að verki.

Ekki liggur fyrir hvort sjálfsvígssprengjumaður var að verki eða hvort sprengju hafi verið komið fyrir.

Liðsmenn Boko Haram hafa drepið hundruð manna í héraðinu. - srs

Ráðinn sem aðstoðarmaður:

# Björt framtíð hjá Unnsteini

**STJÓRNMÁL** Unnsteinn Jóhannsson hefur verið ráðinn upplýsingafulltrúi Bjartrar framtíðar. Hann mun einnig gegna hlutverki aðstoðarmanns Guðmundar Steingrímssonar, formanns Bjartrar framtíðar.



**UNNSTEINN JÓHANNSSON**

Unnsteinn er útskrifaður úr KaosPilot-námi í Hollandi og Danmörku og hefur verið virkur þátttakandi í félagastarfi, meðal annars starfi Samtakanna '78 og skátahreyfingarinnar. - srs

# Skaðlegt að loka á hatursáróðurssíðu

Helgi Hrafn Gunnarsson segir í skásta falli gagnslaust að loka á hatursáróðurssíður og í versta falli skaðlegt. Hann segir síðurnar spretta upp aftur sé þeim lokað. Eigandi síðu sem hýsir íslenskt hatursáróðursspjallborð segir rasisma löglegan.

**LÖGREGLUMÁL** „Að loka á þessa síðu er í skásta falli gagnslaust og í versta falli beinlínis skaðlegt," segir Helgi Hrafn Gunnarsson, þingflokksformaður Pírata, um spjallborð sem Fréttablaðið fjallaði um á mánudag. Á spjallborðinu deila Íslendingar hatursfullum skoðunum en spjallborðið er hýst á bandarískri vefsíðu.

„Það er alltaf vandamál að ætla að stjórna efni á netinu. Ef þú ætlar að loka á efnið verður það að eltingaleik sem er ekki hægt að vinna nema með samstarfi lögregluyfirvalda. Samstarfið þarf að vera byggt á því að nota hefðbundnar rannsóknarheimildir. Þannig er til dæmis tekist á við barnaklám. Maður nær ekki í glæpamann með því að loka á vefsíður," segir Helgi.

„Þegar kemur að hatursáróðri er ekki ljóst við hvað er átt. Það er dæmigert vandamál. Ef um er að ræða tjáningu sem veldur réttmætum ótta ber að rannsaka það sem lögreglumál," bætir Helgi við.

Helgi segir tilgangslaust að loka á vefsíðu sem þessa þar sem sami hópur muni koma saman á annarri vefsíðu, eða sækja sömu vefsíðu með krókaleiðum, og ræða sömu mál. „Skoðanirnar verða áfram til án samfélagslegrar gagnrýni. Umræðan mun þá fara fram án þess að fólk sem er á móti þessum skoðunum tjái sig," segir Helgi.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, sagði í samtali við Fréttablaðið á mánudag þurfa að skoða hvort hægt sé að loka síðunni en ekki er víst hvort það er lagalega framkvæmanlegt.

„Ef fólk vill fara að loka svona vefsvæðum því þar finnst hatursáróður, hvar dregur maður línuna? Ætlar maður að banna biblíuvers þar sem fjöldamorð eru réttlætt, eða banna kóraninn? Ætlarðu að banna vefsíður þar sem fólk er raunverulega að takast á um dauðarefsingar eða hvort herveldi megi pynta fanga? Hvar ætlar fólk að setja mörkin milli þess sem því finnst óþægilegt og ógeðslegt og hins vegar mikilvægrar umræðu um erfiðustu mál samtímans? Erfiðustu mál samtímans verða alltaf ógeðsleg," segir Helgi.



**SKAÐLEGT** Helgi Hrafn Gunnarsson segir í versta falli skaðlegt og í skásta falli gagnslaust að loka á hatursáróðurssíður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



> **Rasismi er ekki ólöglegur í mínu landi, negri.**
>
> *Fredrick Brennan vefhönnuður.*

Eigandi síðunnar sem hýsir spjallborðið, Fredrick Brennan, er tvítugur Bandaríkjamaður. „Rasismi er ekki ólöglegur í mínu landi, negri," skrifaði hann á Twitter-síðu sína um fréttina sem birtist á mánudag.

thorgnyr@frettabladid.is

Lögreglan í Svíþjóð staðfestir að IKEA-árásarmennirnir tveir séu erítreskir:

# Árásarmaður liggur á sjúkrahúsi

**SVÍÞJÓÐ** Lögregla í Svíþjóð staðfesti í gær að karlmennirnir tveir sem réðust á viðskiptavini IKEA í Västerås með hnífum í fyrradag hafi þekkst og verið erítreskir, en þeir dvöldu á sömu móttöku fyrir hælisleitendur.

Lögregla gerði húsleit í hælisleitendamóttökunni einungis tveimur klukkustundum eftir árásina.

Mennirnir eru fæddir árið 1979 og 1992 og voru báðir handteknir í kjölfar árásarinnar. Þá liggur sá eldri inni á sjúkrahúsi eftir hnífsstungu sem talið er að sá yngri hafi veitt honum. Yngri maðurinn var handtekinn á strætisvagnastöð fyrir utan verslunina.

Tvö féllu í árásinni og voru þau mæðgin. Móðirin var á sextugsaldri en sonurinn á þrítugsaldri.

„Við munum reyna að auka öryggisgæslu í móttökuhælisleitendanna," segir Eva Moren, talsmaður lögreglunnar í Västerås. „Það er ekki hægt að útskýra þessa árás. Þetta var algjört brjálæði," bætir hún við.

Yngri maðurinn sem handtekinn var hefur neitað sök eftir að lögregla yfirheyrði hann. Ekki hefur enn gefist tækifæri til að yfirheyra þann eldri en það verður gert á næstu dögum. - þea



**LÖGREGLUSTJÓRI** Per Ågren, lögreglustjóri í Västerås, upplýsir um þróun mála á blaðamannafundi í gær. NORDICPHOTOS/AFP




Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Pantaðu ókeypis heyrnarmælingu í síma **568 7777** og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

heyrnarstodin.is HEYRNARSTÖÐIN

Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.






**PureTech** Prófaðu nýja PureTech bensín túrbó vél og upplifðu gjörbreytta akstureiginleika. 1.2l Turbo, 130 hestafla vélin var nýverið valin Engine of the Year 2015**. Fáanleg bæði með beinskiptingu og sjálfskiptingu.



**BLUE HDi** Nýju BlueHDi dísilvélar Peugeot bjóða upp á allt það besta sem er í boði í hágæða, eyðslugrönnum dísilvélum. Með $CO_2$ útblástur frá 85g, 120 hestöfl og 3,2L/100km meðaleyðslu. Fáanleg bæði með beinskiptingu og sjálfskiptingu.

**Opið laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00**

* Peugeot 308SW er með $CO_2$ útblástur frá 85g og eldsneytiseyðslu frá 3,2L/100km miðað við blandaðan akstur. **Engine of the Year Awards

Þó Peugeot 308SW hafi hlotið fjölda verðlauna eins Bíll ársins á Íslandi 2015 og Car of the Year 2014, þá er meira sem telur og sker Peugeot 308SW frá samkeppninni. Ómótstæðilegir akstursеiginleikar, vélar sem valdar hafa verið Vélar ársins** 9 ár í röð, eldsneytiseyðsla frá 3,2L/100km og $CO_2$ útblástur frá 85g/km eru eiginleikar sem einfaldlega erfitt er að keppa við. **Svo er hann fáanlegur með 5 ára ábyrgð. Komdu og prófaðu Peugeot 308SW, bíl sem á sér ekki jafningja.**

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/PeugeotIceland

## SPURNING DAGSINS



Magnús, borðar þú perur?

**„Já, ég borða alveg perur.“**

Magnús Valur Böðvarsson, Maggi Bö, hefur vakið mikla lukku á samskiptamiðlinum Snapchat. Það hefur nafni hans Magnús Guðmundsson, oft kallaður Maggi Peran, líka gert.

Menntamálastofnun sinnir þeim verkefnum sem Námsmatsstofnun og Námsgagnastofnun hafa sinnt:

# Ný stofnun á sviði menntamála tekur til starfa

**MENNTAMÁL** „Markmið okkar er að vinna að framförum í menntun á Íslandi og vinna að betri gæðum skólastarfs,“ segir Arnór Guðmundsson, forstjóri nýrrar stjórnsýslustofnunar á sviði menntamála, Menntamálastofnunar.

Stofnunin hefur tekið til starfa og varð formlega til með lögum sem sett voru í byrjun júlí á þessu ári. „Stofnunin tekur þó ekki að fullu til starfa fyrr en 1. október,“ segir Arnór.

Stofnunin sinnir þeim verkefnum sem Námsmatsstofnun og Námsgagnastofnun hafa sinnt hingað til auk fleiri verkefna sem flutt verða frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til hennar.

„Ég held að ávinningurinn sé sá að stofnunin er nú stærri og öflugri,“ segir Arnór og bætir við að hlutverk stofnunarinnar sé víðtækt. „Hún mun sjá um námsmat og að meta gæði í skólum landsins. Sérfræðingar hjá okkur heimsækja skólana og gera úttektir. Jafnframt mun stofnunin greina menntakerfið og kanna þannig hvernig það standi í samanburði við önnur lönd. Auk þess sér stofnunin um mál er lúta að velferð nemenda, til dæmis um aðgerðir gegn einelti.“

Arnór sér fyrir sér breytingar á námsmati. „Væntanlega breytist matið með tímanum. Ég sé fram á sveigjanlegra mat sem yrði þá með rafrænum prófum sem eru einstaklingsmiðaðri.“ - ngy



**Ég held að ávinningurinn sé sá að stofnunin er nú stærri og öflugri. Hún mun sjá um námsmat og að meta gæði í skólum landsins.**

*Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar.*



**EYÐILEGGING** Mannskæður jarðskjálfti reið yfir Nepal í lok apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ræddu við 2.000 börn:

## Börn í Nepal upplifa ótta

**NEPAL** Mörg börn á jarðskjálftasvæðinu í Nepal upplifa ótta og óöryggi vegna þeirra aðstæðna sem þau búa við eftir jarðskjálftana sem þar ollu mikilli eyðileggingu í lok apríl á þessu ári. Þetta kemur fram í fjölda viðtala sem UNICEF og samstarfsaðilar tóku við börn á svæðinu. Rætt var við nærri 2.000 börn.

Neyðarsöfnun UNICEF á Íslandi fyrir Nepal stendur enn og hafa fjölmargir skráð sig í áheitahlaup fyrir UNICEF á Íslandi í Reykjavíkurmaraþoninu í næstu viku. - ngy

Viðskiptabann á vestrið:

## Segir stutt í ákvörðunina

**RÚSSLAND** Stutt er í ákvörðun rússneskra stjórnvalda um hvernig eigi að útvíkka viðskiptaþvinganir gegn Vesturlöndum.



**ARKADÍ DVORKOVÍTSJ**

Þetta kom fram í máli Arkadís Dvorkovítsj, varaforsætisráðherra Rússlands, á blaðamannafundi í gær.

Að hans sögn eru embættismenn að ræða sín á milli nokkra hnökra og smáatriði áður en lögin verða kynnt.

Stefna Rússlands er að koma á viðskiptabanni á matvæli gagnvart þeim ríkjum sem styðja þvingunaraðgerðir gegn Rússlandi. Ísland er þar á meðal. - srs



**VÆNDISKAUP** Von Amnesty er að geta barist betur fyrir mannréttindum fólks í kynlífsiðnaðinum með afglæpavæðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Amnesty International að skipuleggja eigin jarðarför

Formaður Kvenréttindafélags Íslands segir að ákvörðun heimsþings Amnesty um að styðja afglæpavæðingu vændis marki sorgardag. Íslandsdeild Amnesty International sat hjá í atkvæðagreiðslu um tillöguna.

**MANNRÉTTINDI** „Það að Íslandsdeildin skuli sitja hjá finnst mér sýna einhvers konar kjarkleysi hjá félaginu,“ segir Fríða Rós Valdimarsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands.

Heimsþing Amnesty International samþykkti á fundi sínum í Dyflinni í gær tillögu um að styðja við afglæpavæðingu vændis á alþjóðavísu. Íslandsdeild Amnesty sat hjá í atkvæðagreiðslunni auk þess sem samtökin stóðu að breytingartillögu sem var þó felld.

„Sjálf kynntist ég mannréttindabaráttu í gegn um Amnesty og þar var baráttan svona mest áberandi þegar ég var unglingur,“ segir Fríða. „Þannig að þetta er fyrir mér mikill sorgardagur að þessi samtök sem maður hefur stutt í mörg ár skuli taka þennan snúning og berjast á móti mannréttindabaráttunni sem þau hafa verið með.“

Hún segir að rannsóknir hafi sýnt að vændi er skaðlegt og lögleiðing dragi ekki úr ofbeldi gegn vændisstarfsmönnum. Ofbeldi gagnvart fólki hafi minnkað með banni við kaupum á vændi.

„Nýjustu tölur frá Noregi sýna að ungir strákar hafa hætt að kaupa vændi sem er mjög merkilegt. Það er svo mikil skaðaminnkun í því og það er það sem oft gleymist í umræðunni að vændiskaupin eru líka skaðleg. Mér finnst eins og að Amnesty sé byrjað að skipuleggja eigin jarðarför með þessu.“

Hörður Helgi Helgason, formaður Íslandsdeildar Amnesty International, segir að aðstæður íslensku samtakanna hafi verið erfiðar í aðdraganda þingsins þar sem trúnaður lá yfir tillögunni.

„Við áttum þá ekki möguleika á að leita opinberlega til okkar félaga heldur ræða við þá með óformlegum samtölum,“ segir hann.

„Í lok júlí síðastliðins tók Íslandsdeildin á stjórnarfundi sínum hins vegar ákvörðun í málinu og taldi að athuguðu máli að hún gæti ekki stutt þessa tillögu sem lá fyrir vegna þess að gögn sem voru lögð fram henni til stuðnings væru ónóg. En þess utan samþykkti stjórnin að ganga til þingsins með opnum huga og hlusta þar á öll rök sem þar voru sett fram sem og við gerðum.“

Þá hafi umræðan um tillöguna á Íslandi verið fremur óupplýst. Hörður gagnrýnir Gunnar Braga Sveinsson utanríkisráðherra fyrir að leggjast gegn tillögunni og gagnrýna Amnesty International.

„Það er sérstaklega neyðarlegt í ljósi þess að hann vísaði þessu til stuðnings í átakið HeForShe sem er á vegum UN Women en þau samtök hafa ekki einungis stutt það að þessi iðja verði afglæpavædd heldur beinlínis viðurkennd sem atvinnugrein.“

Tillaga Amnesty mætti harðri gagnrýni hér heima fyrir en auk gagnrýni Gunnars Braga hafa sjö kvenréttindasamtök gagnrýnt tillöguna harðlega auk þess sem þingflokkur VG skoraði á Íslandsdeildina að hafna tillögunni.

stefanrafn@frettabladid.is



**Þetta er fyrir mér mikill sorgardagur að þessi samtök sem maður hefur stutt í mörg ár skuli taka þennan snúning.**

*Fríða Rós Valdimarsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands*

UPLEDGER INSTITUTE ÍSLAND

**Nám í höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð hjá Upledger á Íslandi hefst 13. ágúst 2015**

Námið er kennt í önnum og eru fimm annir til að klára námið og geta orðið skráður græðari.

Á fyrstu önninni eru kennd grunnatriði meðferðarinnar.
Þau eru sett upp í 10 þrepa kerfi, sem er sérstaklega hannað og hugsað til að þjálfa færni og næmni meðferðaraðilans en hefur einnig þann kost að meðferðarþiggjandi er að fá frábæra meðhöndlun á öllum líkama.
Þeir sem hafa tekið þennan fyrsta áfanga í náminu geta tekið **hestanámskeiðið sem haldið verður 1.-4. október**.

*Kennari er Erla Ólafsdóttir sjúkraþjálfari, CST.*

Nánari upplýsingar um námið og skráning í síma 863-0610 eða **erla@upledger.is**

**www.upledger.is**

Ríflega helmingur netkaupa var frá bandarískum og breskum verslunum:

# Sprenging í fataverslun á netinu

**VIÐSKIPTI** Netverslun Íslendinga með föt og frá útlöndum hefur margfaldast síðustu ár ef marka má árbók Rannsóknarseturs verslunarinnar.

Erlend fataverslun sem Íslandspóstur annaðist flutning á nam 76 milljónum króna árið 2009 en 630 milljónum króna á síðasta ári. Þá hefur verslun með húsbúnað aukist verulega. Slík verslun nam 41 milljón króna árið 2009 en 296 milljónum króna árið 2014.

Heildarvelta netverslunar frá útlöndum sem Íslandspóstur annaðist flutning á nam 1,47 milljörðum króna á síðasta ári en 1,04 milljörðum króna árið 2013. Aukningin nam því fjórutíu prósentum milli ára.

Stærstur hluti kaupanna var frá bandarískum netverslunum eða 27 prósent og 24 prósent frá Bretlandi.



**VERSLUN** Fatakaup á netinu hafa aukist. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Greining Rannsóknarsetursins náði einungis til þeirra vara sem Íslandspóstur flutti til landsins en ekki aðrir flutningsaðilar. - ih




GERÐU ÞIG AÐ
**VERÐMÆTARI STARFSMANNI**

# MARKAÐS- OG SÖLUNÁM GRAFÍSK HÖNNUN VEFSÍÐUGERÐ

Promennt býður upp á mikið úrval skemmtilegra og hagnýtra námskeiða sem bæta stöðu þína með upplýsingatæknina að vopni.

## MARKAÐS- OG SÖLUNÁM – hraðferð

**Með sérstakri áherslu á upplýsingatækni og stafræna markaðssetningu.** Skemmtilegt en um leið krefjandi einnar annar nám fyrir þá sem vilja afla sér öflugrar þekkingar á sviði markaðs- og sölumála. Hér fléttast saman gamalgróin sölu- og markaðsfræði við nýjustu tækni sem í boði er. Nemendur fara m.a. yfir námstækni, tölvu- og upplýsingaleikni, sölutækni, markaðsfræði, Google AdWords, Google Analytics og Facebook sem markaðstæki.

Hefst: **10. sept.** • Lýkur: **10. des.** • Tími: **Kvöldhópur**
Lengd: **156 std.** • Verð: **174.000 kr.**

## GRAFÍSK HÖNNUN

Grafísk vinnsla fyrir byrjendur sem vilja læra að hanna markaðsefni sjálfir eða fólk sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi, t.d. á háskólastigi. Nemendur læra á Photoshop, Illustrator og InDesign og að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller. Kennslan byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum.

Hefst: **1. sept.** • Lýkur: **24. okt.**
Tími: **Kvöldhópur**
Lengd: **105 std.** • Verð: **169.000 kr.**

Ps Ai Id

## STÖK NÁMSKEIÐ

| STÖK NÁMSKEIÐ | LENGD | VERÐ |
|---|---|---|
| WordPress – Vefurinn minn | 26 std. | 39.000 kr. |
| Photoshop 2 | 36 std. | 64.000 kr. |
| Photoshop fyrir byrjendur | 21 std. | 39.000 kr. |
| Dreamweaver HTML og CSS | 52 std. | 66.000 kr. |
| Illustrator | 36 std. | 64.000 kr. |
| InDesign | 31 std. | 59.000 kr. |
| Facebook sem markaðstæki | 7 std. | 43.000 kr. |
| Leitarvélamarkaðssetning með Google AdWords | 6 std. | 39.000 kr. |
| Vefgreining með Google Analytics | 6 std. | 39.000 kr. |

## VEFSÍÐUGERÐ – ALLUR PAKKINN

Vönduð námsbraut fyrir alla sem vilja koma sér upp einfaldri og smekklegri heimasíðu sem auðvelt er að uppfæra í notendavænu vefumsjónarkefi. Hentar þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í gerð vefsíðna eða vilja bæta og uppfæra fyrri síður.

Hefst: **14. sept.** • Lýkur: **25. nóv.** • Tími: **Kvöldhópur** • Lengd: **115 std.**
Verð: **147.000 kr.**

„Námið var fjölbreytt, skemmtilegt og mun án efa nýtast mér vel í framtíðinni. Ég var í fullri vinnu með náminu, en námið var svo vel uppsett að það gekk allt saman upp. Promennt fær fullt hús stiga hjá mér, skólinn er með fyrsta flokks kennara og starfsfólk. Takk fyrir mig.“
*Sonja G. Ólafsdóttir, markaðs- og sölunám.*

„Ég var mjög ánægð með námskeiðið Grafísk hönnun hjá Promennt og hefur það nýst mér vel í mínu starfi. Reynsla og þekking kennarans, umfram námsefnið, var ákaflega nytsamleg og sýndi okkur ferlið frá upphafi myndvinnslu, hönnunar og umbrots til prentunar á mjög skipulagðan og skýran hátt. Ég gef námskeiðinu því mín bestu meðmæli.“
*Íris Magnúsdóttir, markaðsstjóri Wise.*

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

PIPAR\TBWA • SÍA • 153398

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver er sendiherra Þýskalands hér á landi?
**2.** Hve mörg Íslandsmet féllu á HM í sundi um síðustu helgi?
**3.** Hvað heitir ný plata Agent Fresco?

**SVÖR**

1. Thomas Hermann Meister 2. Ellefu 3. Destrier

Bráðbirgðaniðurstöður Hafró sýna mun meira magn makríls sunnan við Ísland en undanfarin ár:

# Aldrei mælst meira af makríl í lögsögunni

**SJÁVARÚTVEGUR** Aldrei hefur meira magn mælst af makríl í lögsögu Íslands. Þetta sýna bráðbirgðaniðurstöður leiðangurs Árna Friðrikssonar fyrir Hafrannsóknastofnun. Frá þessu var greint í fréttatilkynningu Hafrannsóknastofnunar í gær.

Makríll fyrir öllu Vestur- og Austurlandi var í svipuðu magni og undanfarin ár en magnið var minna norðan við land. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum er heildarmagn makríls í íslenskri lögsögu meira en nokkru sinni frá því athuganirnar hófust árið 2009.

Við Grænland var makríl að sjá á stærsta hluta rannsóknasvæðisins.

Þetta er sjöunda sumarið sem leiðangurinn er farinn og í þriðja sinn sem Árni Friðriksson er fenginn til að rannsaka grænlenska hafsvæðið í þessum tilgangi. Tólf dögum var varið í rannsóknir þar. Um leið fóru einnig fram hvalatalningar, en víðtækar hvalatalningar hafa staðið yfir í norðanverðu Atlantshafi frá því í júní.

Verkefnið er hluti af sameiginlegum rannsóknum Íslendinga, Norðmanna, Færeyinga og Grænlendinga á dreifingu og magni uppsjávartegunda í Norðaustur-Atlantshafi. Fram undan er frekari úrvinnsla á gögnum sem safnað var í leiðangrinum og verða heildarniðurstöður kynntar síðar. **- þea**



**MAKRÍLL** Mun meira var af makríl sunnan við Ísland en undanfarin ár. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

# Verð á áli heldur áfram að lækka

Álverð er komið langt niður fyrir viðmiðunarverð vegna arðsemi Kárahnjúkavirkjunar. Um 30 prósent af tekjum Landsvirkjunar eru bundin álverði. Hlutfallið hefur farið ört lækkandi síðustu ár. Hagfræðingur segir litlar líkur á álversframkvæmdum næstu árin.

**IÐNAÐUR** Heimsmarkaðsverð á áli lækkaði enn í júlí og hefur nú lækkað um tæp 18 prósent frá nóvember 2014. Töluverðar birgðir af áli sem og aukin framleiðsla Kínverja skýrir lækkunina, sem hefur verið viðvarandi síðustu árin.

Stærstu viðskiptavinir Landsvirkjunar eru álver og er hluti tekna fyrirtækisins bundinn álverði, en dregið hefur úr umfangi þess hluta í heildartekjum Landsvirkjunar.

„Varðandi reksturinn þá eru þrír stærstu viðskiptavinir okkar álfyrirtækin, við fylgjumst því mjög grannt með áliðnaðinum og það sem einkennir álverð er að það er mjög sveiflukennt. Við höfum áður séð sveiflur og það hefur komið til baka og við vonum bara að það gerist aftur,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.

Hörður segir að álverð hafi farið lengra niður en flestir áttu von á. Það hafi áhrif á afkomu Landsvirkjunar.

„Það sem hefur áhrif á okkur er að hluti af okkar orkuframleiðslu er tengdur við þróun álverðs og það hefur áhrif á um 30 prósent af tekjum okkar. Við höfum dregið markvisst úr því og árið 2009 var þetta 51 prósent, þannig að áhrifin eru minni. En meðan verðið er svona tengt hefur þetta alltaf áhrif á framtíðartekjur okkar. Það mun sjást í uppgjörunum okkar.“

Nokkur álver eru á teikniborðinu, en Hörður segir að Landsvirkjun tjái sig ekki um verkefni í vinnslu vegna viðskiptalegra sjónarmiða.

„Almennt má segja að svona lágt álverð hefur neikvæð áhrif á þau álverkefni sem menn eru að skoða á Íslandi og annars staðar. Það er alveg ljóst að það eru allar líkur á að það dragi úr vilja manna til að auka afköstin.“

Norðurál vinnur að stækkun álvers á Grundartanga og hefur unnið lengi að byggingu álvers í Helguvík. Ágúst F. Hafberg er framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og samskipta hjá Norðuráli.

„Við vinnum að stækkun á Grundartanga og það heldur bara áfram. Varðandi Helguvík þá erum við bara að bíða eftir orkumálum hjá HS Orku, það er svo sem ekkert meira um það að segja.“

**kolbeinn@frettabladid.is**



**ÁLVER UNDIRBÚIÐ** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra flutti í byrjun júlí ávarp við undirritun viljayfirlýsingar um fjármögnun byggingar álvers við Hafursstaði í Skagafirði, en það er félagið Klappir Development sem stendur fyrir áformunum. MYND/KLAPPIR

## Lítið á seyði næstu árin

Sigurður Jóhannesson, hagfræðingur við Háskóla Íslands, segir lækkandi álverð hafa áhrif á áhuga á byggingu álvera eða virkjana fyrir álver. Telur hann skynsamlegt að fara út í slíkar framkvæmdir út frá hagfræðilegu sjónarmiði?

„Það er eitt hvað menn gera og annað hvað er skynsamlegt. Nei, ég held að það verði ekki af slíkum framkvæmdum. Ég reikna með að bæði sé áhugaleysi hjá þeim sem stjórna virkjanaframkvæmdum hér sem og álframleiðendum á því að gera eitthvað næstu árin. Ég sé ekki neinar líkur á því að það gerist neitt.“

## VERÐÞRÓUN ÁLS Á HEIMSMARKAÐI









Dag- eða kvöldnám með vinnu

# Grafísk hönnun NTV

156 stundir - 249.000 - Dag- og kvöldnámskeið byrja 17. september.

Grafísk hönnun NTV er sérlega skemmtilegt og hagnýtt nám fyrir þá sem vilja sjálfir vinna kynningarefni fyrir prentmiðla, hanna skjáauglýsingar og læra litgreiningu og almenna myndvinnslu. Kennt er á Adobe forritin sem eru allsráðandi í grafíska geiranum í dag: Illustrator (teikning), InDesign (umbrot) og Photoshop (myndvinnsla).

Auk þess að kenna á forritin er rík áhersla lögð á verklag, hugmyndavinnu og frágang. Markmið námskeiðsins er að nemendur geti komið frá sér hugmyndum sínum á tölvutæku formi og að frágangur allra verka sé eins og best verður á kosið. Æskilegt er að nemendur hafi grunnþekkingu á tölvum. Vakin er athygli á að þeir sem ljúka þessu námi fá ekki starfsheitið „Grafískur hönnuður" enda er það lögverndað starfsheiti.

Skipting námsgreina:

- Mismunandi gerð kynningarefnis - 6 stundir
- Adobe Illustrator - 42 stundir
- Adobe Photoshop - 36 stundir
- Adobe InDesign - 30 stundir
- Meðhöndlun lita - 6 stundir
- Letur og leturfræði - 6 stundir
- Skipulag, vistun og frágangur - 6 stundir
- Samskipti við fjölmiðla og prentsmiðjur - 12 stundir
- Lokaverkefni - 12 stundir

**Fleiri ánægðir nemendur ...**

Námskeiðið í Grafískri hönnun hefur gagnast mér vel. Þar náði ég tökum á grundvallaratriðum í notkun á Photoshop, Illustrator og Indesign. Í kjölfarið fékk ný og spennandi tækifæri í vinnunni.
Elísabet Ágústsdóttir
fyrrverandi nemandi í Grafískri Hönnun

Námskeiðið í Grafískri hönnun reyndist mér mjög gagnlegt í alla staði. Námsefnið var gott og kennarinn var mjög fær og miðlaði vel því efni sem farið var í.
Rafn Gíslason - heimavinandi hönnuður
fyrrverandi nemandi í Grafískri hönnun

Grafísk hönnun er frábært nám sem getur hjálpað þér bæði í vinnu og frítíma.
Þorgrímur Sveinsson - Innkaupastjóri
fyrrverandi nemandi í Grafískri hönnun

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI **544 4500** : **NTV.IS**

ntv



**FRAMKVÆMDASTJÓRN ESB** Aðstoðin nær til ársins 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/PORGILS

Þvingunaraðgerðir Rússa:

## Endurnýja aðstoð til bænda

**BELGÍA** Yfirvöld í Evrópusambandinu hafa ákveðið að framlengja stuðning til bænda innan sambandsins vegna viðskiptaþvingana Rússlands sem bannar innflutning á matvælum frá Evrópusambandinu.

Aðstoð sambandsins var komið á í fyrra og hefur verið ákveðið að halda aðstoðinni áfram og mun hún vara til júní 2016.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur viðrað þá hugmynd að taka upp aðstoð af svipuðum toga ef Ísland verður fyrir þvingunum. - srs

**SVEITARSTJÓRNARMÁL**

### Listamenn taka þátt

Ný alþjóðleg listahátíð, Cycle Music and Art Festival, fer fram í Kópavogi 13. til 16. ágúst. Um hundrað listamenn, innlendir sem erlendir, taka þátt eða eru með verk á hátíðinni sem sýnd verða víða um bæ. Viðburðir eru alls 37 auk myndlistarsýningar. Miðpunktur hátíðarinnar er í menningarhúsum bæjarins, Gerðarsafni, Salnum, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Bókasafni Kópavogs. Ókeypis er inn á flesta viðburði og eru allir velkomnir.

# Ofsóknir aftur eftir árs hlé

Ásdís Hrönn Viðarsdóttir hefur ítrekað kært brot á nálgunarbanni sem sett var á fyrrverandi sambýlismann hennar, fyrst árið 2012. Maðurinn var í júlí dæmdur fyrir ýmis brot gegn Ásdísi. Hann áfrýjaði og hefur tekið upp ofsóknir á ný.



**ÁSDÍS HRÖNN VIÐARSDÓTTIR** Af ótta við fyrrverandi sambýlismann sinn flutti Ásdís Hrönn Viðarsdóttir til Þórshafnar árið 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**OFBELDISMÁL** „Hann byrjaði aftur að ofsækja mig eftir að hann áfrýjaði dómnum í byrjun júlí. Skilaboðin sem ég hef fengið á einum mánuði eru um tvö hundruð. Bara í dag hef ég fengið fimmtán skilaboð frá honum,“ segir Ásdís Hrönn Viðarsdóttir sem hefur ítrekað kært hótanir og brot á nálgunarbanni sem sett var á fyrrverandi sambýlismann hennar, fyrst árið 2012.

Ásdís og maðurinn bjuggu saman í um tíu mánuði árið 2011 og eftir að samvistum lauk hefur hann meira og minna ofsótt hana.

Ásdís sagði sögu sína í Kastljósi í fyrra og lagði þar áherslu á að nálgunarbann væri fullkomlega gagnslaust þegar lögregla brygðist ekki við því þegar það væri brotið.

Af ótta við manninn ákvað Ásdís árið 2013 að flýja til Þórshafnar á Langanesi, ásamt börnum sínum og býr þar enn í dag.

26. júní síðastliðinn féll dómur í Héraðsdómi Reykjaness gegn fyrrverandi sambýlismanni Ásdísar. Að sögn Ásdísar var hann meðal annars sakfelldur fyrir líkamsárás, um átta hundruð brot á nálgunarbanni, brot gegn barnaverndarlögum og að hafa brotið gegn blygðunarsemi hennar. Hann hlaut fimmtán mánaða dóm, þar af þrjá mánuði óskilorðsbundna.

Maðurinn hefur áfrýjað dómnum. „Og þá byrjuðu ofsóknirnar aftur, eftir árs pásu. Nú þarf ég aftur að sitja undir óhróðri og hótunum frá honum,“ segir Ásdís.

„Ég mun aldrei gefast upp“, „Þú ert lygari og átt eftir að fá þetta í bakið“, og „Ég er ekki að fara neitt“ eru dæmi um nýleg skilaboð sem Ásdís hefur fengið.

Hún segir hann senda foreldrum sínum og núverandi sambýlismanni skilaboð líka. „Hann er meira að segja farinn að senda börnum hans.“

Að sögn Ásdísar hefur þessi tími reynst mjög erfiður og veit hún ekki hvað er hægt að gera í stöðunni.

Ásdís keyrði frá Þórshöfn til Akureyrar í byrjun júlí til þess að láta taka afrit af skilaboðunum. „Ég krafðist nálgunarbanns hjá lögreglustöðinni á Þórshöfn og fór svo til Akureyrar á lögreglustöðina samdægurs með símann,“ segir Ásdís.

„Ég hef ég ekkert heyrt frá lögreglunni. Það þarf eitthvað að laga í þessu kerfi, þetta er ekki hægt,“ segir Ásdís og bætir við að nú sé kominn mánuður síðan hún bað um nálgunarbann en það hafi enn ekki gengið úrskurður. „Ég er orðin svo ótrúlega þreytt á þessu.“

nadine@frettabladid.is





**Volkswagen Golf GTE** er fyrsti tvíorkubíll Volkswagen sem gengur bæði fyrir rafmagni og bensíni. Raforkan dugar allt að 50 kílómetra og sparneytin bensínvélin kemur sterk inn í lengri ferðum. Hann er umhverfisvænn með frábæra aksturseiginleika og fer úr núlli í 100 km/klst. á aðeins 7,6 sekúndum. Álíka löngum tíma og tekur að falla fyrir honum. Komdu í rafmagnaðan reynsluakstur!

Das Auto.

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði


ALLT
fyrir skólann
á betra verði
Talnagrind
1.699kr
ABACUS
Groma-
stílabók A4
279kr
college
col
A5
stílabók
119kr
STÍLABÓK
Trélitir
289kr
JOHN SHEN
Yfir-
strikunar-
pennar
349kr
Strokleður
119kr
STAEDTLER
Límstifti
189kr
Netapoki
A-4
269kr
Netapoki
A-6
189kr
xerox
Performer
Ljósritunar-
pappír
659kr
Yddari
289kr
Gildir til 14. ágúst á meðan birgðir endast.
Allt úrval fæst í Smáralind, Kringlunni og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Tímamótarannsókn birt:

## Eykur skilning á faröldrum

**HEILBRIGÐISMÁL** Vísindamenn frá Háskóla Íslands, Landspítala og fleiri alþjóðlegum stofnunum hafa komist að tímamótaniðurstöðu um hvernig streptókokkabakterían veldur alheimsfaröldrum.

Niðurstöðurnar opna á þann möguleika að þróa ný lyf, forvarnir og greiningar gegn streptókokkasýkingum og faröldrum.

Í rúma öld hefur það verið þekkt að bakterían geti valdið heimsfaröldrum án þess að vita ástæðu þess.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni valda streptókokkar af flokki A rúmlega 600 milljón sýkingum í mönnum á ári. Flestir fá hálsbólgu en bakteríusýkingin getur leitt til gigtsóttar og ýmissa sýkinga. **- srs**

Formannskosningar í bráð:

## Corbyn nýtur mests fylgis

**BRETLAND** Jeremy Corbyn þykir sigurstranglegastur í formannskjöri breska verkamannaflokksins með fylgi 53 prósenta kjósenda samkvæmt könnun sem YouGov birti í gær. Næstir koma Andy Burnham með 21 prósent og Yvette Cooper með átján prósent.

Corbyn þykir lengst til vinstri meðal frambjóðendanna. Hann er meðal annars á móti nýtingu kjarnorku og fylgjandi aukinni þátttöku ríkisins á breskum markaði. Hann hefur setið á þingi frá árinu 1983 eða í 32 ár. **- þea**

# Samningar næstum í höfn

Grikkir hafa nærri lokið samningaviðræðum við lánardrottna um nýja 12.600 milljarða króna neyðaraðstoð. Fjármálaráðherra Grikkja segir einungis eftir að semja um smáatriði. Evran styrktist í gær eftir fall júansins.



**SAMNINGUR** Skiptar skoðanir eru meðal Grikkja á nýjum neyðaraðstoðarsamningi, en skilyrðum lánardrottna var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu fyrr í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY

**GRIKKLAND** „Við þokumst nær og nær. Einungis tvö eða þrjú smáatriði eru eftir," sagði Euclid Tsakalotos, fjármálaráðherra Grikklands, við fréttastofu Reuters í gær.

Gríska ríkið vinnur nú hörðum höndum að gerð samnings við seðlabanka Evrópu og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um nýja, 12.600 milljarða króna neyðaraðstoð fyrir ríkið. Neyðaraðstoðarsamningurinn verður til þriggja ára og er bráðnauðsynlegur fyrir Grikki ef þeir ætla að halda sér innan evrusvæðisins og forðast gjaldþrot. Neyðaraðstoðin yrði sú þriðja á fimm árum en áður hafa sömu aðilar auk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins lánað Grikkjum.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hyggst þó ekki vera með í nýja samningnum þar sem hinir lánardrottnar Grikkja vilja ekki fella niður hluta skulda Grikkja, sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur nauðsynlegt svo ríkið geti náð efnahagslegum bata.

Grikkir vonast til að klára samninginn fyrir tuttugasta ágúst en þá þarf ríkið að borga 440 milljarða króna af láni frá seðlabanka Evrópu.

Grikkir hafa samþykkt að stofna einkavæðingarsjóð að hvöt evrusvæðisins auk þess að uppfylla fleiri skilyrði neyðaraðstoðarsamningsins.

Nýi samningurinn á þó eftir að fara í gegn um gríska þingið eftir að hann er í höfn. Þar hefur Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikkja, mætt andstöðu nýverið þegar samþykkja þurfti lagapakka til að greiða fyrir samningaviðræðum. Andstaðan kom úr röðum samflokksmanna hans á þinginu en Tsipras þurfti að reiða sig á atkvæði stjórnarandstöðunnar til að fá frumvarpið samþykkt.

Tsipras hótaði þingmönnum sínum í kjölfarið nýjum kosningum, en hann er mjög vinsæll í Grikklandi og myndi samkvæmt skoðanakönnunum ná endurkjöri.

Fleiri góðar fréttir bárust Grikkjum í gær, en evran styrktist um 0,2 prósent gagnvart Bandaríkjadal. Gerðist það eftir að Kínverjar felldu gjaldmiðil sinn, júan, til að reyna að stemma stigu við miklu falli kínverska fjármálamarkaðarins. Útflutningur Kínverja dróst saman um 8,3 prósent í júlímánuði. Þá hafa hlutabréf í Grikklandi einnig lækkað í verði í kjölfar opnunar kauphallarinnar í Aþenu fyrr í ágúst.

thorgnyr@frettabladid.is



**Við þokumst nær og nær. Einungis tvö eða þrjú smáatriði eru eftir.**

*Euclid Tsakalotos, fjármálaráðherra Grikklands.*




Reykjavík
& Akureyri
30% afsláttur
af öllum barnafötum
Áður 2.690 kr
Nú 1.883
Áður 5.790 kr
Nú 4.053
Hrafnaþing rúmföt
Stærð 140x200 / 50x70
Áður 13.490 kr
Nú 9.443 kr
Allt að 30% afsláttur
af púðum
30-50% afsláttur
af allri smávöru
Bjartar nætur
Svefngríma
Áður 990 kr
Nú 693 kr
ÚTSALAN HELDUR ÁFRAM
15-60% afsláttur
30% afsláttur
af öllum lökum
100% hágæða bómull
Prjónar
Prjónapoki
Áður 1.990 kr
Nú 1.393 kr
Sendum frítt
úr vefverslun
lindesign.is
30-50% afsláttur
af öllum svuntum
Koddaver
Stærð 50x70
Áður 2.890 kr
Nú 2.023 kr
15-60% afsláttur
af rúmfötum
Hraun rúmföt
Stærð 140x200 / 50x70
Áður 9.990 kr
Nú 6.993 kr
Svunta - pipar
Áður 2.990 kr
Nú 2.093 kr
Viskastykki
Stærð 50x70
Áður 1.690 kr
Nú 1.183 kr
Hnífaparapoki
Lítið
Áður 1.690 kr
Nú 1.183 kr
Lín
DESIGN
Lín Design • Laugavegi 176 • Glerártorgi Akureyri • Sími 533 2220 • www.lindesign.is

BAUHAUS



Leon kúlugrill með gasi

Grillflötur 47 cm. Á þessu grilli geturðu bæði steikt og bakað eins og á hefðbundnu kúlugrilli og um leið nýtt þér hraða og hitastýringu gasgrillsins.

**55.995.-**

~~77.895.-~~

Kingstone

Rock 450 gasgrill

4 ryðfríir brennarar og hliðarbrennari, ásamt vinnuborði. Grillflötur 78 x 45 cm, snúningsuppkveikja á öllum brennurum.

**64.995.-**

~~98.895.-~~

# LAGERHREINSUN



Leirkrukka, svört

36 cm.

**4.495.-**

~~8.785.-~~

Leirkrukka, svört

31 cm.

**2.595.-**

~~5.425.-~~



Kertaglös

Með margs konar ilmi og í ýmsum litum.

**395.-**

~~695.-~~



Luktarglös með hengi

Með ilmi.

**695.-**

~~895.-~~

BAUHAUS®

BAUHAUS



**Corona sófasett**
Í settinu eru sófi, 2 stólar og 80 x 60 x 42 cm borð sem má einnig nota sem geymslu fyrir sessur, dúka og annað tilfallandi. Í kaffibrúnu, sessur fylgja.

**45.000.-**
~~65.995.-~~

# Á SUMARVÖRUM



**Andrea strengjastóll**
Úr svörtum málmi með svörtum strengjum.

**7.995.-**
~~13.195.-~~



**Nice garðborð**
Þv. 160 cm. Úr svartmáluðum viði með miðju sem snýst.

**50.000.-**
~~94.995.-~~

## MEIRA EN BARA BYGGINGAVÖRUVERSLUN

MIKIÐ ÚRVAL, LÁGT VERÐ OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 13. ágúst til og með sunnudeginum 16. ágúst 2015.
Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# SKOÐUN

# Málaskráin er mál út af fyrir sig

Fyrir kemur að manni þyki hlutir breytast hægt í stjórnsýslu hér á landi. Kannski er það í mannseðlinu að tregðast við þegar kemur að breytingum. Auðvitað eru ekki allar breytingar til góðs og vissara að fara sér hægt í einhverjum málum, en ekki á að standa í vegi fyrir breytingum til batnaðar. Eitt slíkra úrbótamála sem virðist hafa velkst áfram árum saman er hvernig staðið er að málum í tengslum við málaskrá lögreglu.

Í Fréttablaðinu í gær er greint frá því að Héraðsdómur Reykjavíkur hafi nýverið ógilt ákvörðun ríkislögreglustjóra um að veita, á grundvelli upplýsinga í málaskrá lögreglu, ungum manni neikvæða umsögn í tengslum við umsókn hans um aðgang að haftasvæði flugverndar. Var með því úti um flugmannsdraum mannsins.



Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is

Vert er að halda því til haga að ungi maðurinn er með hreint sakavottorð, þótt hann hafi á einhverjum tíma átt vafasama vini og því komið við sögu lögreglu sem vitni og við skýrslugjöf. Það getur nefnilega hver sem er ratað inn á þessa málaskrá lögreglunnar, svo sem við að tilkynna um slys, eða með því að hafa verið í húsakynnum þar sem lögregla hefur haft afskipti af öðrum, svo sem vegna fíkniefnaneyslu.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem slegið er á hendur þeirra sem farið hafa með upplýsingar úr þessari málaskrá. Vorið 2005 komst Persónuvernd til dæmis að því að Tollstjóranum í Reykjavík hafi verið óheimilt að afla upplýsinga úr málaskrá lögreglunnar um konu sem sótt hafði um starf þjónustufulltrúa á lögfræðideild innheimtusviðs embættisins.

Hér á málum að vera svo fyrir komið að hver maður skuli teljast saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð fyrir dómi. Og þó að lögregla hafi skráð upplýsingar í málaskrá lögreglu, líkt og gert er „í löggæslutilgangi, til nota við rannsókn mála og uppljóstran brota“ eins og Persónuvernd orðaði það 2005, þá verður að teljast í hæsta máta vafasamt að grípa til þeirra upplýsinga síðar (í takmörkuðu samhengi) til að meta hæfi fólks til starfa á einhverjum vettvangi.

Taka má undir orð Katrínar Oddsdóttur, lögmanns unga mannsins sem vísað er til hér að ofan, í blaðinu í gær um að notkun á málaskrá lögreglu sé oft og tíðum vafasöm. „Það verður að búa til skýrar reglur um hvað megi geyma þar, hvenær því ber að eyða og með hvaða hætti megi nota það sem þar stendur.“

Gagnasöfnunin er enda verulaga umfangsmikil. Í fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur, þingmanns Pírata, til Ólafar Nordal innanríkisráðherra í mars síðastliðnum um málið komu fram tölur úr svari Ögmundar Jónassonar, þá innanríkisráðherra, til hennar árið 2012. Þá voru 325.003 einstaklingar (19.754 látnir) og 19.621 fyrirtæki í málaskránni. Hún segist í blaðinu í gær ítrekað hafa rætt málið á Alþingi. „En svo gerist ekki neitt,“ sagði hún.

Þögn innanríkisráðherra um málið nú veldur ákveðnum vonbrigðum. Ef marka má skoðanakannanir verður Birgitta þó innan tíðar í aðstöðu til að ráða einhverju um framhaldið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vel falin tillaga til afsagnar?

Björt framtíð stendur frammi fyrir nokkrum vandræðum. Fyrrverandi stjórnarformaður flokksins hefur opinberlega nánast lýst yfir vantrausti á sitjandi formann, Guðmund Steingrímsson. Til að lægja öldurnar í flokknum hefur Guðmundur komið með þá tillögu að stjórnarmenn geti skipst á að vera formaður og verði sú tillaga samþykkt muni hann ekki taka sæti sem formaður. Einhver gæti túlkað það sem svo að útspil formannsins sé „falin afsagnartillaga“. Verði tillagan felld muni hann áfram gegna formennsku.



### 11 sveitarstjórnarmenn

Flokkurinn hefur ekki verið að mælast hátt síðustu mánuði og er í nýlegri könnun kominn undir fimm prósenta markið. Vilja margir meina að flokkurinn sé ekki nægilega afgerandi á þingi og sé of líkur fjórflokknum. Síðustu sveitarstjórnarkosningar sýna samt sem áður að fjöldi fólks treysti flokknum og einstaklingum innan hans fyrir stjórnartaumunum í sínum sveitarfélögum. Þessir fulltrúar flokksins gætu á endanum verið dýrmætir og bjargað flokknum frá því að detta út af þingi.



### Langt sumarfrí ríkisstjórnar

Ríkisútvarpið greindi frá því í gær að langt væri síðan ríkisstjórnin hefði tekið eins langt frí og raun ber vitni. Nú í dag eru 36 dagar frá því síðasta ríkisstjórn kom saman til fundar og hefur upplýsingafulltrúi forsætisráðuneytisins látið hafa eftir sér að ekki hafi verið boðað til nýs fundar. Oft er sagt að engar fréttir séu góðar fréttir. Ef lítið er að gera hjá ríkisstjórninni hljóti allt að ganga með ágætum í íslensku þjóðfélagi.

Það er allavega óskandi ef svo er komið og að ríkisstjórnin þurfi ekki að funda nema annan hvern mánuð.

sveinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Jón Gnarr á villigötum

SAMGÖNGUR



Özur Lárusson

framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins og Grafarvogsbúi

Góð lýsing hjá Jóni Gnarr í Fréttablaðinu, laugardaginn 8. ágúst sl. Þar lýsir hann stöðunni í almenningssamgöngum í Grafarvogi þar sem hann átti heima eitt sinn. Hann lýsir stopulum og óhentugum strætisvagnasamgöngum. Sönn lýsing hjá Jóni á raunveruleikanum þá, en það sem er athyglisvert er að lítið hefur breyst í þeim málum þrátt fyrir að Jón hefði sjálfur getað haft þar mikil áhrif. Raunar hefur lítið verið gert fyrir þá liðlega tuttugu þúsund manna byggð í Grafarvogi frá því Ingibjörg Sólrún sat í stól borgarstjóra.

Hvað er þá til ráða fyrir barnmargar fjölskyldur sem búa í úthverfum? Jú, þau verða að kaupa sér „ónýtar bíldruslur“ af bílasölum og kaupa bensín af bensínsölum sem hata fólk sem hjólar ekki með hjálm! Eins og Jón orðar það þá er íbúum haldið í helgreipum einkabílsins. Fólk er fífl í huga Jóns, eða þau 75% borgarbúa sem nota bíl til að koma sér og sínum milli staða. Fullyrðingarnar eru hver annarri furðulegri hjá Jóni í þeirri aumu tilraun að gera lítið úr þeim sem kjósa og verða að nota einkabílinn. Jón segir erindin sem fólk sinnir með notkun einkabílsins vera „fáránleg“, að ferðast í bíl valdi „offitu“ sem og þeir séu „stórhættulegir“. Rétt er það hjá Jóni að bílar geta verið hættulegir en ég veit ekki um neinn samgöngumáta sem ekki getur verið hættulegur. Auðvitað verða samgöngur hættulegri eftir því sem gatnakerfið eyðist hægt og bítandi upp. Jón Gnarr hóf þá vegferð sem enn stendur að hætta að halda götum borgarinnar við, hvað þá að byggja nýjar. Þess vegna stöndum við uppi í dag með ónýtar götur og margfaldan kostnað við endurnýjun. Já, rétt hjá Jóni, það er dýrt að eiga ónýta bíldruslu og ekki verður það ódýrara þar sem viðhaldskostnaður hennar snareykst vegna skemmda sem hljótast af ónýtu gatnakerfi. Ég veit ekki hvar Jón fær þá hugmynd að bíla- og bensínsalar agnúist út í hjól sem ferðamáta, þvert á móti. Engan hef ég heyrt tala á þeim nótum, hvorki bíla- né bensínsala.

Sjálfur hjóla ég mikið og hef af því mikla gleði og er mjög ánægður með þá þróun að lagðir séu betri og fjölbreyttari hjólastígar. Ég nota hins vegar hjálm því ég er með toppstykkið í lagi og vil halda því þannig! Það breytir því ekki að íbúar höfuðborgarsvæðisins eru og verða háðir því í flestum tilfellum að nota bílinn og þarf ekki að færa rök fyrir því, þau eru augljós. Jafnvel þó hugsanlega nokkrir pólitíkusar í 101 haldi öðru fram. Ég tel Jón á villigötum í umræðu sinni, hann reynir að búa til einhvers konar með og á móti stemmingu fyrir ákveðnum samgöngumáta. Því fjölbreyttari samgöngur því betra. Betra umhverfi fyrir hjólreiðamenn er líka betra umhverfi fyrir þá sem aka um í bíl. Að lokum vil ég benda Jóni Gnarr, dagskrárstjóra 365 miðla, að temja sér meiri víðsýni, fögnum fjölbreytileikanum gerum fólki kleift að ferðast á þann máta sem það kýs og verður. Einn samgöngumáti útilokar ekki annan, spennum beltin og öryggið toppinn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Neikvæð afstaða stjórnvalda til aldraðra og öryrkja!

KJÖR ALDRAÐRA



**Björgvin Guðmundsson**
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Í Danmörku spyrja stjórnvöld hvað þau geti gert til þess að bæta kjör og aðstöðu eldri borgara. Hér á landi leita stjórnvöld allra leiða til þess að komast hjá því að hækka lífeyri eldri borgara jafnvel þótt kaup launþega sé að hækka. Ólíkt hafast stjórnvöld að í þessum tveimur löndum. Það er mismunandi afstaða til eldri borgara í Danmörku og á Íslandi. Það er eins og Alþingi og ríkisstjórn á Íslandi séu andsnúin eldri borgurum. Það er orðið tímabært, að þessar valdastofnanir á Íslandi breyti um afstöðu til aldraðra og öryrkja og taki upp jákvæðari afstöðu til þeirra. Alþingi ætti að taka sig á strax í haust, nú í september og samþykkja ríflegar kjarabætur til lífeyrisþega. Nýjar skoðanakannanir leiða í ljós, að kjósendur ætla ekki að sætta sig við hvað sem er frá stjórnmálaflokkunum. Eldri stjórnmálaflokkar hafa fengið rauða spjaldið. Það er eins og þeir séu á skilorði. Ef þeir ekki taka sig á og vinna betur fyrir kjósendur má búast við að einhverjir þeirra verði slegnir út. Þeir fá nýtt tækifæri strax í næsta mánuði.

**Alþingi kemur saman 8. september**

Það styttist í að Alþingi komi saman á ný en það mun koma saman 8. september. Þá gefst aftur möguleiki til þess fyrir stjórnarflokkana að efna kosningaloforðin við aldraða og öryrkja sem enn eru óuppfyllt. Þar ber hæst kjaragliðnun tímabilsins frá 2009, sem ekki er farið að efna enn. Það þýðir a.m.k. 20% hækkun á lífeyri að efna þetta loforð. Lífeyrisþega munar um það. Einnig er eftir að efna nokkur loforð um afturköllun kjaraskerðingar frá 2009 en þar munar mikið um að leiðrétta skerðingu á frítekjumarki vegna fjármagnstekna. Það mál rataði inn í stjórnarsáttmálann en það hefur ekki dugað til. Það er ekki farið að efna það enn.

**Lífeyrisþegar fá ekki eina krónu**

Síðan bætist nú eftirfarandi við í syndaregistur stjórnarflokkanna: Stjórnin hefur hlunnfarið aldraða og öryrkja í kjölfar nýrra kjarasamninga, sem tóku gildi 1. maí á þessu ári. Gamli leikurinn er leikinn gagnvart lífeyrisþegum: Þó að launafólk fái verulegar kjarabætur, eða 31 þúsund króna hækkun á mánaðarlaunum frá 1. maí (14,5%), fá lífeyrisþegar ekki samhliða því eina krónu í hækkun. Aldraðir og öryrkjar eiga ekki að fá neinar kjarabætur í átta mánuði. Og þegar ríkisstjórninni loks þóknast að láta lífeyrisþega fá einhverja hækkun er það eins brot af því, sem láglaunafólk fær, eða 8,9% í stað 14,5%. Launþegar fá 28% hækkun á þremur árum en lífeyrisþegar virðast aðeins eiga að fá þessi 8,9% eða tæplega þriðjung af hækkun launþega.

**➜ Stjórnin hefur hlunnfarið aldraða og öryrkja í kjölfar nýrra kjarasamninga, sem tóku gildi 1.mai á þessu ári.**

**Hvað er til ráða?**

Rætt verður í kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík hvað er til ráða í kjaramálum eldri borgara. Stjórnvöld leiðrétta ekki kjaragliðnun liðins tíma þrátt fyrir ákveðin loforð þar um. Og stjórnvöld neita að láta lífeyrisþega fá sömu kjarabætur og láglaunafólk er að fá. Kjaragliðnunin eykst því en minnkar ekki þrátt fyrir fyrirheit um hið gagnstæða. Ljóst er því, að gömlu baráttuaðferðirnar duga ekki lengur. Það verður að fara nýjar leiðir til þess að knýja kjarabæturnar fram. Þar koma ýmis úrræði til greina. Þau munu sjá dagsins ljós á næstunni. Stjórnvöld geta ekki hundsað eldri borgara og öryrkja áfram án þess að þeir grípi til nýrra aðgerða og varna. Eldri borgarar, 67 ára og eldri, voru 37 þúsund talsins 2014 og verða 45 þúsund árið 2020. Þetta er því stór og öflugur hópur. Hann mun ekki áfram láta valta yfir sig.

# Ærðir álitsgjafar

LÖGREGLUMÁL



**Páll Magnússon**
sjónvarpsmaður og fyrrverandi útvarpsstjóri

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum er þeirrar skoðunar að ótímabærar upplýsingar til fjölmiðla um meint kynferðisbrot geti verið skaðlegar af tveimur ástæðum: Í fyrsta lagi geti þær aukið enn á þjáningar þolandans, m.a. í erfiðu kæruferli fyrstu dagana eftir brotið. Í öðru lagi geti þær torveldað rannsókn málsins og auðveldað gerandanum að komast undan. Hvort tveggja er stutt svo gildum og augljósum rökum að óþarfi er að fjölyrða um þau hér.

Í ljósi þessara sjónarmiða beindi lögreglustjórinn þeim tilmælum til viðbragðsaðila fyrir Þjóðhátíðina í Eyjum að þeir tjáðu sig ekki á fyrstu stigum málsins um meint kynferðisbrot.

Þetta voru eðlileg og rökrétt tilmæli af hálfu lögreglustjórans þótt þau hefðu vissulega getað verið betur orðuð, en þá ber reyndar að hafa í huga að þetta var minnisblað til viðbragðsaðila, sem einhver lak í fjölmiðla, en ekki fréttatilkynning. Nú tók við eitthvert sérkennilegasta sjónarspil sem ég hef orðið vitni að í opinberri umræðu – og hef ég þó marga fjöruna sopið í þeim efnum. Kannski mætti kalla þetta Íslandsmót álitsgjafa í útúrsnúningum 2015?

Allt í einu byrjaði einhver að garga: Þöggun! Þöggun! Álitsgjafarnir ærðust og löptu þessa orðaleppa upp hver eftir öðrum – greinilega margir hverjir án þess að hafa sjálfir lesið tilmæli lögreglustjórans. Í þeim er nefnilega ekki að finna stafkrók um tilburðum til þöggunar né tilmæli um slíkt. Aðeins vel rökstudd sjónarmið um tímasetningu á upplýsingagjöf með hagsmuni fórnarlambanna að leiðarljósi. Að kalla þetta þöggun er rökleysa og misnotkun á hugtakinu.

Staðreyndir málsins hindruðu þó ekki alls konar fólk í að stökkva upp á þennan útúrsnúninga- og fordæmingarvagn og óbrjálaðir menn voru jafnvel farnir að halda því fram í virðulegum útvarpsþætti að lögreglustjórinn væri sennilega að gæta einhverra annarra fjárhagslegra hagsmuna í Vestmannaeyjum með þessum tilmælum (sic!). Og alltaf varð ég meira og meira hissa á því hverjir tíndust upp á vagninn. Og mest hissa varð ég þegar talskona Stígamóta brást við útúrsnúningunum og ruglinu eins og um staðreyndir væri að ræða.

Og enn var gefið í útúrsnúningana eftir Þjóðhátíðina. Þá sagði lögreglustjórinn í viðtali, þar sem augljóst var af samhenginu að verið var að tala um önnur brot en meint kynferðisbrot, að ekki hefðu orðið alvarlegar líkamsárásir. Þá var gargað: Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum telur nauðgun ekki alvarlega líkamsárás! (sic!). Og enn var talskona Stígamóta dregin á flot og látin sig hafa það að segja að ummæli lögreglustjórans, sem hann aldrei viðhafði, væru ekki svaraverð!

Alltaf þyngdust árásirnar á persónu hins nýja lögreglustjóra í Vestmannaeyjum og enduðu í hreinni viðurstyggð í kommentakerfum og samfélagsmiðlum.

Þá bar svo til að ung kona, hugrakkur þolandi tveggja nauðgana, steig fram og lýsti opinberlega heilshugar yfir stuðningi við þau sjónarmið sem fram komu í tilmælum lögreglustjórans. Ætla álitsgjafarnir og talskona Stígamóta líka að saka þessa konu um tilburði til þöggunar – eða skilningsleysi á hlutskipti þolandans?

Ég kann ekki betra ráð til þess málsmetandi fólks sem kastaði olíu á þennan útúrsnúninga- og fordæmingareld, ekki síst talskonu Stígamóta, en að það taki sig til og biðji Páleyju Borgþórsdóttur, lögreglustjóra, afsökunar hver á sínum loga í þessari galdrabrennu.


# Flutningskerfi raforku
## – uppbygging næstu 10 árin

**Landsnet býður til opins kynningarfundar um tillögu að kerfisáætlun 2015-2024 og umhverfisskýrslu áætlunarinnar föstudaginn 14. ágúst 2015, milli kl. 9 og 10:30, í þingsal 2 á Hótel Natura í Reykjavík (áður Hótel Loftleiðir).**

Með breytingum sem Alþingi gerði í vor á raforkulögum var lagagrundvöllur kerfisáætlunar Landsnets festur í sessi og hlutverk hennar skýrt enn frekar. Áætlunin, sem uppfærð er árlega, er annars vegar langtímaáætlun Landsnets um framtíðaruppbygginguflutningskerfis raforku og hins vegar framkvæmdaáætlun fyrirtækisins til næstu þriggja ára.

Skrásetning á heimasíðu Landsnets, landsnet.is, eða í síma 563 9300. – Allir velkomnir!

Dagskrá:
- **Inngangsorð**
  Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets.
- **Kynning á kerfisáætlun 2015-2024**
  Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdastjóri þróunar- og tæknisviðs Landsnets.
- **Kynning á umhversfisskýrslu kerfisáætlunar**
  Stefán Gunnar Thors, sviðsstjóri umhverfis og skipulags hjá VSÓ Ráðgjöf.
- **Fyrirspurnir og umræður**

Fundarstjóri: Íris Baldursdóttir.

Áhugasamir, sem eiga þess ekki kost að mæta á fundinn á Hótel Natura, geta fylgst með beinni útsendingu frá honum á heimasíðu Landsnets. Á heimasíðunni eru einnig aðgengileg drög að kerfisáætlun 2015-2024 og umhverfisskýrslunni. Frestur til að gera athugasemdir eða koma með ábendingar er til og með 1. september 2015.




LANDSNET

ATHYGLI - Ágúst 2015

†



Ástkær eiginkona, móðir,
tengdamóðir og amma,

**GUÐRÚN GUÐNADÓTTIR**
**hjúkrunarfræðingur,**

andaðist á Landspítalanum 6. ágúst.
Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju
föstudaginn 21. ágúst kl. 15.00.

**Kári Sigfússon**
**Guðni Már Kárason** **María Hrönn Magnúsdóttir**
**Sigfús Ásgeir Kárason** **Birna Jónsdóttir**
**Kristín Helga Káradóttir**
**og barnabörn.**

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir,
mágkona, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR HREFNA MAGNÚSDÓTTIR**
**Lundi 3,**
**Kópavogi,**

lést fimmtudaginn 5. ágúst sl. Jarðarförin
fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 13. ágúst
kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar
er bent á barnaspítalasjóð Hringsins.

**Ásta Pétursdóttir** **Júlíus Bjarnason**
**Erla Pétursdóttir** **Ísleifur Leifsson**
**Guðrún Sylvía Pétursdóttir**
**Ólöf Sylvía Magnúsdóttir** **Guðmundur Kr. Guðmundsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem
auðsýndu okkur samúð og vinarhug við
andlát og útför elskulegrar móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**INGIBJARGAR JÓHANNSDÓTTUR**
**frá Vörum,**
**Garði.**

Guð blessi ykkur öll.

**Valgerður Þorvaldsdóttir** **Bragi Guðmundsson**
**Halldór Kr. Þorvaldsson** **Kolbrún Valdimarsdóttir**
**Ingimar J. Þorvaldsson** **Elín Kjartansdóttir**
**Vilberg J. Þorvaldsson** **Helena Rafnsdóttir**
**Þorvaldur Þorvaldsson** **Mikkalína Þ. K. Finnbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, systir, og amma,

**ELÍN KOLBEINSDÓTTIR**
**Fróðengi 1,**
**Reykjavík,**

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut
sunnudaginn 2. ágúst sl. verður jarðsungin
frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 13. ágúst
kl. 13.00.

**Grétar Zóphaníasson**
**Hjálmar Árnason**
**Kolbeinn Árnason** **Harpa Barkar Barkardóttir**
**systkini og ömmubörn.**

†



Elskulegur bróðir okkar og frændi,

**EIÐUR VALUR STEINGRÍMSSON**
**Beisi frá Ingvörum,**
**mjólkurbílstjóri,**

lést mánudaginn 10. ágúst. Jarðarförin fer
fram í Dalvíkurkirkju laugardaginn 15. ágúst
kl. 13.30. Jarðsett verður að Tjörn.

**Systkini og fjölskyldur.**

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**FRIÐRIK I. GUÐMUNDSSON**
**byggingatæknifræðingur,**
**Hamraborg 32,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ
föstudaginn 7. ágúst sl. Jarðarförin fer fram
frá Kópavogskirkju föstudaginn 14. ágúst nk. kl. 15.00.

**Guðmundur B. Friðriksson**
**Ríkharður F. Friðriksson** **Elín Gränz**
**og barnabörn.**



**ALLT TILBÚIÐ** Þórarinn og Sigríður Austmann Jóhannsdóttir, kona hans, í Steinshúsi.

# Steinshús byggt með elju, góðvild og gjöfum

Samkomuhúsið á Nauteyri í Ísafjarðardjúpi, sem eyðilagðist í eldi árið 2002, hefur verið endurbyggt og verður opnað á laugardag sem fræðasetur til minningar um Stein Steinarr.

„Uppbyggingarstarfið hér er búið að vera hobbý hjá fjölskyldu minni og vinum í bráðum átta ár,“ segir Þórarinn Magnússon byggingarverkfræðingur og hvatamaður þess að reisa samkomuhúsið á Nauteyri við norðanvert Ísafjarðardjúp úr rústum. Það verður vígt á laugardaginn sem safn og fræðasetur, tengt minningu Aðalsteins Kristmundssonar, sem tók sér skáldanafnið Steinn Steinarr og var fæddur á Laugabóli í Skjaldfannardal árið 1908.

Húsið skiptist í 50 m² fræðimannsíbúð og 100 m² safn. Íbúðin er með öllum nauðsynlegum búnaði og í safninu er sýning sem Ólafur Jóhann Ingibergsson hjá Sögumiðlun og Björn Björnsson leikmyndahönnuður eiga mestan heiður að. Þar eru sýningarspjöld sem lýsa ævi og starfi Steins, hljóðupptökur með ljóðalestri hans og þáttum um hann, munir frá tíma skáldsins, bókahorn og myndefni á skjáum.

Þórarinn hefur haldið utan um verkefnið frá byrjun. „Hugmyndin að Steinshúsi kviknaði í bústað okkar hjónanna hér á Nauteyri þar sem við höfðum brunarústirnar fyrir augum. Við heyrðum rætt í fjölmiðli um væntanlegt afmæli Steins en hann var fæddur hér í hreppnum. Ég fékk grænt ljós hjá eigendum rústanna og hélt að ekkert mál yrði að fá fé til uppbyggingarinnar enda var árið 2007 en forsendur breyttust um það leyti sem framkvæmdir hófust í september 2008.“

Þegar fé úr brunabótum og frá menningarráði Vestfjarða var uppurið sneri Þórarinn sér til hönnuða, verktaka og iðnaðarmanna sem hann þekkti. Sagðist geta lofað þeim tvennu ef þeir tækju þátt í endurreisninni á Nauteyri, í fyrsta lagi að þeir fengju aldrei borgað og í öðru lagi að um skemmtilegt verkefni yrði að ræða. „Frá haustinu 2009 fram á síðasta haust voru farnar ótal vinnuferðir úr Reykjavík, gist í bústað fjölskyldunnar, ég eldaði og á kvöldin var farið í heita pottinn,“ lýsir hann. „Þetta varð vinsælt og menn spurðu gjarnan, hvenær verður næst farið í Djúpið?“

Nú er framkvæmdum lokið, að sögn Þórarins. Allt fékkst gefins sem laut að húsinu, vinna, innréttingar, húsgögn, tæki og borðbúnaður. Vegagerðin útbjó bílastæði og setti upp skilti við vegamót þjóðvegar 1, sem vísar á staðinn. „Ef hægt væri að verða doktor í sníkjum yrði ég efnilegur nemandi, ef ekki bara kennari,“ segir Þórarinn glaðlega. „Nú erum við bara að taka til. Þegar eru farnir að koma gestir og þeir verða örugglega margir á laugardaginn á opnunarhátíðinni. En svo verður safnið lokað fram á næsta sumar en þá verða líka kaffiveitingar á boðstólum.“

gun@frettabladid.is

## Dagskráin á laugardag



Opnunarathöfn verður í Steinshúsi á Nauteyri laugardaginn 15. ágúst 2015 klukkan 14.

**Ávörp flytja:**

Þórarinn Magnússon stjórnarformaður Steinshúss,
Ása Ketilsdóttir kvæðakona, ábúandi á Laugalandi,
Össur Skarphéðinsson fyrir hönd Vina Steins,
Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður,
Kristín Helga Gunnarsdóttir, formaður Rithöfundasambands Íslands,
Ólafur J. Engilbertsson, höfundur sýningarinnar.

Loks mun Elfar Logi Hannesson flytja ljóð eftir Stein og KK leika nokkur lög.
Allir áhugasamir um Stein Steinarr og verk hans eru boðnir hjartanlega velkomnir.

†



Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,

**ÁSDÍS JÓNSDÓTTIR**
**Halldórsstöðum í Köldukinn,**
**fyrrv. húsfreyja í Hriflu,**

lést þann 5. ágúst á Heilbrigðisstofnun
Norðurlands, Húsavík. Hún verður
jarðsungin frá Þorgeirskirkju að Ljósavatni
laugardaginn 15. ágúst næstkomandi kl. 11.00.

**Sigtryggur Vagnsson**
**Hávar Örn Sigtryggsson** **Guðbjörg Kristín Jónsdóttir**
**Sigrún Birna Sigtryggsdóttir** **Sigvaldi Óskar Jónsson**
**Vagn Haukur Sigtryggsson** **Margrét Sólveig Snorradóttir**
**Björg Jóna Sigtryggsdóttir** **Ari Rúnar Sigurðsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

†



Innilegar þakkir fyrir
samúð og hlýhug vegna
andláts foreldra okkar

**HANNESAR PÁLSSONAR OG SIGRÚNAR HELGADÓTTUR**
**Sólheimum 42,**
**Reykjavík.**

**Guðrún Hannesdóttir**
**Kristín Hannesdóttir**
**Halla Hannesdóttir**
**Páll H. Hannesson**
**Pétur H. Hannesson**
**og fjölskyldur.**

†



Bróðir okkar, mágur og frændi,

**GUNNAR SIGHVATSSON**
**GUNNI FRÆNDI**
**húsasmíðameistari**
**Frostafold 32, Reykjavík,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir
sunnudaginn 9. ágúst. Útförin auglýst síðar.

**Sigrún Sighvatsdóttir** **Jón Gústafsson**
**Ólöf Sighvatsdóttir** **Þorvaldur Bragason**
**Gísli Sighvatsson** **Kristjana G. Jónsdóttir**
**Ástrós Sighvatsdóttir**
**og systkinabörn.**

†



Yndisleg eiginkona mín, mamma okkar,
tengdamamma, amma og langamma,

**RAGNHILDUR JÓNSDÓTTIR**
**frá Neskaupstað,**
**Drekavöllum 18, Hafnafirði,**

lést á Landakotsspítala þann 9. ágúst.
Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju
föstudaginn 21. ágúst kl. 15.00.

**Karl Finnbogason**
**Jón H. og Erla**
**Finnbogi, Jóna Dóra og Guðmundur Árni**
**Heimir og Rúna**
**ömmubörn og langömmubörn.**



ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 12. ágúst 2015 | 31. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

GÖNGUM HREINT TIL VERKS!
Umhverfismerki 141 381 Prentgripur
GuðjónÓ




## Skuldabréf keypt fyrir milljarða



Erlendir aðilar hafa aukið eignarhlut sinn í ríkisskuldabréfum um 8,2 milljarða króna í júní og júlí. Hrafn Steinarsson, hagfræðingur og sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka, segir fjárfesta vera að nýta sér hærri vexti sem bjóðist hér á landi miðað við í nágrannalöndum. Fjárfestarnir hafi fjármagnað kaupin með því að koma með nýtt fé til landsins á álandsgengi. Þannig komist fjárfestarnir út með féð á ný óháð því hvort liðkað verði frekar fyrir gjaldeyrishöftum eða ekki. ➜ SÍÐA 2

## Frá Spáni í Seðlabankann

Önundur Páll Ragnarsson var á dögunum ráðinn á fjármálastöðugleikasvið Seðlabanka Íslands og hefur störf um miðjan ágúst. Hann mun ganga til liðs við teymi hjá bankanum sem vinnur að mótun þjóðhagsvarúðarstefnu. „Þetta snýst í aðalatriðum um það að innleiða og framfylgja mælikvörðum, eða vísum, sem segja til um það hvort kerfislæg áhætta sé að myndast í bankakerfinu og hvort kerfið geti staðið af sér högg eða skelli sem hagkerfið í heild kann að verða fyrir,“ segir Önundur. ➜ SÍÐA 6

## Samvinnu í markaðssetningu



„Það þarf heppni til þess að ná að byggja upp tengsl erlendis,“ segir Guðmundur R. Einarsson hjá Bókun. Hann mun halda framsögu fyrir hönd fyrirtækis síns á ráðstefnunni Startup Færeyjar sem fram fer um helgina. Bókun er fyrirtæki sem framleiðir hugbúnað sem gerir aðilum í ferðaþjónustu kleift að tengjast og vinna saman á einfaldan hátt. Til dæmis geta þeir selt vörur hver annars, haldið utan um útistandandi kröfur sín á milli, sameinað eigin vörur við vörur annarra og selt sem þriðju vöruna, allt í rauntíma. ➜ SÍÐA 9

SONOS

FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM



**Hvað er SONOS?**

Sonos er kerfi þráðlausra hátalara og hljómtækja. Það sameinar stafræna tónlistarsafnið þitt og útvarpsstöðvar í einu appi sem þú getur stjórnað frá hvaða síma eða spjaldtölvu sem er. Spilaðu það sem þú vilt hvar sem er á heimilinu í gegnum Sonos kerfið sem er mjög einfallt í uppsetningu.

Spotify Google play

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

# Siðferðileg skylda?

Skjóðan

**UTANRÍKISMÁLANEFND** Alþingis er einróma í afstöðu sinni um að Ísland skuli taka þátt í þvingunaraðgerðum Bandaríkjanna og ESB gagnvart Rússlandi vegna framgöngu Rússa gegn Úkraínumönnum og innlimunar Krímskaga í Rússland á síðasta ári þrátt fyrir að líkur séu verulegar á að Rússar setji Ísland á lista ríkja sem beitt verða viðskiptabanni vegna þessa. Þessi afstaða er réttlætt með því að vísa til siðferðilegrar skyldu okkar Íslendinga til að standa með nágrannaþjóðum okkar gegn svívirðilegum yfirgangi Rússa við nágrannaþjóð.



**ALLIR** hagsmunaaðilar í íslenskum sjávarútvegi hafa mótmælt þátttöku okkar í þvingunaraðgerðum stórveldanna gegn Rússum. Hagsmunir stórútgerðarinnar, fiskvinnslunnar, smábátasjómanna og annarra í greininni eru sameiginlegir í þessum efnum.

**SETJI** Rússar viðskiptabann á Ísland geta útflutningstekjur okkar lækkað um þrjátíu milljarða eða meira í einu vetfangi. Slíkt tekjutap skaðar ekki einungis fyrirtæki í sjávarútvegi heldur hagkerfið allt. Vangaveltur utanríkisráðherra um að utanríkisþjónustan geti aðstoðað sjávarútvegsfyrirtæki við að finna nýja markaði í stað Rússlandsmarkaðar eru hjáróma. Utanríkisráðuneytið er ekki í stakk búið til að veita slíka aðstoð og þess utan tekur langan tíma að vinna nýja markaði þó að auðvelt sé að glata mörkuðum á einni nóttu.

**TUGMILLJARÐA SAMDRÁTTUR** á útflutningstekjum veldur lækkun krónunnar, sem aftur leiðir til aukinnar verðbólgu, sem kemur illa við heimili og fyrirtæki. Verðtryggðar skuldir heimilanna hækka.

**SPYRJA** má hvort íslensk stjórnvöld beri meiri siðferðilega skyldu gagnvart Bandaríkjunum og forystuþjóðum ESB en gagnvart íslenskum fyrirtækjum og heimilum? Voru það ekki einmitt Bandaríkin, Bretland, Holland og fleiri ríki, sem nú eru í broddi fylkingar þeirra sem beita Rússa þvingunaraðgerðum, sem gengu hvað harðast fram í að knýja íslenska ríkið til að hengja Icesave-skuldir Landsbankans á herðar íslensks almennings?

**ÞEGAR** bandamenn okkar í NATO í Evrópu með Breta í broddi fylkingar settu löndunarbann á íslenskan fisk á tímum þorskastríða, örfáum árum eftir að íslenskir sjómenn höfðu hætt lífi og limum til að sjá Bretum fyrir mat í síðari heimsstyrjöldinni, opnuðu Rússar markaði sína fyrir íslenskan fisk. Bretar hafa ítrekað sýnt okkur Íslendingum yfirgang og fjandskap, svo sem með beitingu hryðjuverkalaga í október 2008.

**ÍSLENSK** stjórnvöld og utanríkismálanefnd Alþingis þurfa líka að hugsa það til enda ef ætlunin er að láta milliríkjaviðskipti okkar ráðast af siðferðilegri afstöðu okkar til meðferðar stjórnvalda í viðskiptalöndum okkar á eigin þegnum eða annarra ríkja.

**ÆTTUM** við þá ekki að setja viðskiptabann á Kína, Króatíu, Serbíu, Bandaríkin og fleiri lönd? Lýstum við stuðningi við stjórnarstefnu Sovétríkjanna er við áttum farsæl viðskipti við þau í áratugi?

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**10** Á UPPLEIÐ Félög sem hækkuðu í verði

**5** Á NIÐURLEIÐ Félög sem lækkuðu í verði

**1** STÓÐU Í STAÐ Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**NÝHERJI** 128,8% frá áramótum

**BANKNORDIK** 11,7% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**TM** -19,8% frá áramótum

**SJÓVÁ** -0,8% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 124,00 | 19,2% | 11,7% |
| Eik fasteignafélag* | 6,90 | 1,5% | -0,6% |
| Eimskipafélag Íslands | 233,00 | -1,7% | 2,2% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 40,10 | 14,6% | 0,1% |
| Hagar | 37,10 | -8,3% | 1,4% |
| HB Grandi | 39,70 | 17,5% | -0,5% |
| Icelandair Group | 26,25 | 22,7% | 0,0% |
| Marel | 196,00 | -1,0% | 5,4% |
| N1 | 41,95 | 80,8% | 0,6% |
| Nýherji | 11,85 | 128,8% | -0,5% |
| Reginn | 15,75 | 16,2% | 0,1% |
| Reitir* | 69,60 | 9,0% | 0,9% |
| Sjóvá | 11,76 | -1,6% | -0,8% |
| Tryggingamiðstöðin | 21,10 | -19,8% | -0,2% |
| Vátryggingafélag Íslands | 8,59 | -5,1% | 0,9% |
| Össur | 504,00 | 39,6% | 0,8% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1.536,30 | 17,2% | -0,1% |
| **First North Iceland** | | | |
| Century Aluminum | 3.300,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 28,70 | 19,5% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,40 | -24,3% | 0,0% |

*Skráð á árinu (þróun frá útboðsgengi).

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**FIMMTUDAGUR 13. ÁGÚST**
**Þjóðskrá – Ávöxtun af leigu á íbúðamarkaði**
**Lánamál ríkisins - Útboð ríkisvíxla**

**FÖSTUDAGUR 14. ÁGÚST**
**Hagstofan – Fiskafli í júlí 2015**
**Þjóðskrá – Fjöldi útgefinna vegabréfa**

**MÁNUDAGUR 17. ÁGÚST**
**Hagstofan – Samræmd vísitala neysluverðs í júlí**

**ÞRIÐJUDAGUR 18. ÁGÚST**
**Hagstofan – Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á*






## GJALDEYRISINNFLÆÐI Í MILLJÖRÐUM KRÓNA




**AUKIÐ GJALDEYRISINNFLÆÐI** Gjaldeyrisinnflæði jókst talsvert í júlí. Hrafn segir það helst skýrast af auknum tekjum af erlendum ferðamönnum og vaxtamunarviðskiptum. Myndin sýnir tíu daga hlaupandi meðaltal. FRÉTTABLAÐIÐ

# Nýta sér vaxtamun í milljarða viðskiptum

***Eignarhlutur erlendra aðila í ríkisskuldabréfum hefur aukist um átta milljarða í sumar. Hagfræðingur segir fjárfesta nýta sér háa vexti á Íslandi. Seðlabankinn hafi þegar brugðist við á gjaldeyrismarkaði.***

Erlendir aðilar hafa aukið eignarhlut sinn í ríkisskuldabréfum um 8,2 milljarða króna í júní og júlí.

Hrafn Steinarsson, hagfræðingur og sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka, segir fjárfesta vera að nýta sér hærri vexti sem bjóðist hér á landi miðað við í nágrannalöndum.

Fjárfestarnir hafi fjármagnað kaupin með því að koma með nýtt fé til landsins á álandsgengi. Þannig komist fjárfestarnir út með féð á ný óháð því hvort liðkað verði frekar fyrir gjaldeyrishöftum eða ekki.

Hrafn bendir á að efnahagsumhverfið á Íslandi sé fremur hagfellt sem skýri áhuga erlendra fjárfesta. „Ef þú horfir á hagvöxt, atvinnuleysi, viðskiptaafgang og ríkisfjármál – það er sama hvert þú lítur – þetta eru allt frekar jákvæðar tölur samanborið við önnur lönd,“ segir hann.

Þá hafi Seðlabankinn brugðist við auknu flæði gjaldeyris inn í landið vegna vaxtamunarviðskipta og auknum tekjum af ferðamönnum með miklum gjaldeyrisinngripum í júlí.

„Seðlabankinn er að leggjast gegn of hraðri og of mikilli styrkingu krónunnar,“ segir Hrafn.

Hrafn telur aukin viðskipti erlendra aðila ekki vera áhyggjuefni eins og er enda séu þau langt frá því að vera í sama mæli og fyrir bankahrun.

Miklu fremur séu það góðar fréttir að erlendir aðilar hafi áhuga á Íslandi. „Ég myndi telja það frekar jákvætt að það sé áhugi fjárfesta á Íslandi. Það er gott hvað varðar aflettingu hafta ef erlend fjárfesting eykst,“ segir Hrafn.

„En ef þessi viðskipti fara að verða allsráðandi á markaðnum þá er það óheppilegt. Íslenski skuldabréfamarkaðurinn er ekki það stór eða djúpur. En það er ekkert sem bendir til þess eins og er,“ segir Hrafn.

Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað þar sem Seðlabankinn hygðist kynna vaxtaákvörðun í næstu viku.

ingvar@frettabladid.is

**Ég myndi telja það frekar jákvætt að það sé áhugi fjárfesta á Íslandi. Það er gott hvað varðar aflettingu hafta ef erlend fjárfesting eykst.**



Hrafn Steinarsson, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka.

**8,2** milljarðar er upphæðin sem erlendir fjárfestar hafa aukið eignarhlut sinn um í ríkisskuldabréfum í júní og júlí.



ENNEMM / SÍA / NM68105

Þjónusta við fyrirtæki

# Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í verslun og þjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Lilja Pálsdóttir hefur 25 ára reynslu af ráðgjöf til fyrirtækja í verslun og þjónustu.

Lilja er útibússtjóri hjá Íslandsbanka.

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki

# Vill að íslenskt atvinnulíf leggi meir

***Tekjur Rauða kross Íslands námu á annan milljarð króna í fyrra. Framkvæmdastjóri hreyfingarinnar segir að rekstu fjáröflunina, en tekjur af fatasöfnun skipti meira máli. Áhugi Íslendinga á notuðum fötum sé að aukast. Hann segir n***



**VÍÐTÆK STARFSEMI** Hermann Ottósson segir að sala á fötum sé að verða einn mikilvægasti tekjustofn Rauða krossins.

Íslensk fyrirtæki mættu gera miklu meira af því að styðja við bakið á góðgerðarfélögum, segir Hermann Ottósson, framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi. „Íslensk fyrirtæki hafa möguleika á skattafrádrætti í kringum gjafir til góðgerðarmála. Og mér finnst að þau eigi að sinna því miklu, miklu meira en þau hafa verið að gera,“ segir Hermann.

Rauði krossinn er stærsta mannúðar- og góðgerðarhreyfing í heiminum og Rauði kross Íslands á meðal stærstu slíkra hreyfinga hér á Íslandi. Hermann segir að starfsemi hreyfingarinnar hér heima megi skipta í þrjá hluta.

„Rauði krossinn hefur ákveðið hlutverk samkvæmt lögum í neyðarvörnum Íslands. Hlutverkið felst m.a. í að opna fjöldahjálparstöðvar og veita fólki skjól, fæði og klæði ef það kemur til náttúruhamfara og við stöndum okkar plikt varðandi áfallahjálp. Við erum samræmingaraðili áfallahjálpar á landsvísu. Og það skiptir mjög miklu máli ef það verða mannskæð slys, bæði stór og smá, að þá koma þau inn á borð hjá okkur. Það líður varla vika án þess að áfallateymin okkar séu kölluð út í stærri eða minni viðvik. Alger umskipti hafa orðið í uppbyggingu neyðarvarna hjá félaginu síðustu tvö ár með tilkomu neyðarmiðstöðvar hjá félaginu. Neyðarvarnir okkar ná um allt land. Deildirnar okkar 43 eru hlekkirnir í þeirri keðju,“ segir Hermann.

Í öðru lagi er það hjálpar- og mannúðarstarf. Hermann segir að hjálpar- og mannúðarstarfið skiptist líka í tvennt. Í fyrsta lagi langtímaverkefni sem unnin eru með landsfélögum Rauða krossins víða um heim. Í öðru lagi neyðarstarfsemi sem unnin er þegar verða hamfarir – stríð eða náttúruhamfarir. „Dæmi um þetta eru þeir miklu fjármunir sem við erum búin að setja inn í ebólufaraldurinn í Afríku. Stærsta framlag Rauða krossins líklega frá frá upphafi var sett inn í baráttuna gegn ebólu í Vestur-Afríku. Næstum 160 milljónir sem við sendum á síðasta ári. Síðan er sú mikla áhersla sem við höfum verið að leggja á Nepal og viðbrögð við jarðskjálftanum þar. Við erum búin að senda níu hjálparstarfsmenn til Nepals og mikla fjármuni í samstarfi við ýmsa aðila,“ segir Hermann.

Hermann segir þriðja stóra partinn vera mikið innanlandsstarf sem deildirnar vinna. Rauði krossinn sinni lögbundinni fræðslu í skyndihjálp sem sé elsta og þekktasta verkefni félagsins. Vaxandi hluti deildarstarfs er síðan fatasöfnun Rauða krossins og verkefnið Föt sem framlag. „Við sendum mikið út til Hvíta-Rússlands og til Afríku,“ segir Hermann. Þá rekur Rauði krossinn heimsóknarvinaþjónustu, þar sem sjálfboðaliðar á vegum Rauða krossins heimsækja þá sem minna mega sín. Rauði krossinn rekur einnig fataverslanir, hjálparsímann 1717 og fleira. „Síðan erum við með fjáröflunardeild og samskiptasvið sem sér um að styðja við Rauðakrossstarfið um allt land, eða hjálpar til við það og heldur utan um allt þetta mikla sjálfboðaliðastarf,“ segir Hermann.

Íslenska þjóðin er smá og því er spurning hvort framlag Íslendinga til alþjóðasamstarfs skipti máli í stóra samhenginu. Hermann segir svo vera, en Íslendingar geti vissulega ekki verið í öllu. „Við þurfum hins vegar að vera með þröngan fókus á því sem við getum og gerum vel. Í fyrsta lagi er hjúkrunarfólkið okkar og læknarnir alþjóðlega viðurkennt sem afar hæft fólk í gegnum mjög langa sögu hjálparstarfs Rauða krossins. Í öðru lagi erum við að sérhæfa okkur í áfallahjálp og neyðarvörnum. Þar getum við gert ýmislegt vegna þess að við búum í harðbýlu landi. Við erum að fást við jarðskjálfta, við erum að fást við eldgos, ofviðri, flóð. Við erum í raun að fást við allar þessar náttúruhamfarir nema þurrka og afleiðingarnar af slíku. Það gefur okkur svo breiða þekkingu á þessu sviði að við getum mjög fljótt breitt það út að við kunnum og getum á þessu sviði. Og við erum þegar að ná fótfestu þar,“ segir hann. Galdurinn sé því að vera einbeittur á vissa þekkingu og nýta hana.

### Aukinn áhuginn á notuðum fötum

Hermann segir að áhugi almennings á notuðum fötum sé að aukast. „Það er ákveðið trend. Fólk vill setja saman gömul föt og ný föt. Unga fólkið og jafnvel eldra er mjög frjálslegt með þessa hluti. Síðan er það þannig að við erum að fá inn í verslanirnar ofboðslega mikið af flottum fötum. Sem auðvitað eiga mikið eftir,“ segir Hermann og tekur fram að bæði karlar og konur hafi getað fundið spariföt, jafnvel flotta kjóla og smóking, í verslunum Rauða krossins. „Þessi fatasöfnun og rekstur fataverslana og útflutningur á fötum skiptir Rauða krossinn miklu máli í sambandi við afkomu okkar, fjársöfnun,“ segir Hermann og bætir því við að mikilvægi fatasölunnar fyrir tekjuöflun aukist sífellt. Hann segir að allur fatnaður sem safnast sé nýttur. Ónýt föt séu flutt út og stór hluti af þeim endurnýttur í tuskur og annan varning í kringum iðnað. „Það fer ekkert til spillis og við tökum við öllu. Viljum fá allan textíl,“ segir Hermann.

*Hverjir eru helstu tekjustofnar hreyfingarinnar?*

Hermann segir að sala á fötum og útflutningur sé raunar einn mikilvægasti tekjustofn félagsins. En aðrir tekjustofnar skipti líka miklu máli. „Það er svo auðvitað samband okkar við almenning í tengslum við Mannvini. Það er mikill fjöldi fólks sem styrkir Rauða krossinn reglulega með litlum framlögum. Þetta eru svona 1.500 til 3.000 krónur á mánuði. En þegar saman kemur þá skiptir þetta miklu máli fyrir okkur,“ segir Hermann. Auk þess láti fjöldi einstaklinga og fyrirtækja Rauða krossinn hafa bæði fjármuni og ígildi fjármuna í formi afslátta og í formi bestu kjara í innkaupum og öðru slíku. „Við erum með samninga um verkefni bæði fyrir ríki og sveitarfélög,“ segir Hermann og nefnir þar sem dæmi hælisleitendaþjónustu sem Rauði krossinn veitir fyrir hönd innanríkisráðuneytisins, auk verkefna á sviði hjálpar- og mannúðarstarfa erlendis sem unnin eru í samstarfi við utanríkisráðuneytið. „Og svo eru það auðvitað fjármunir sem við fáum frá fyrirtæki sem við eigum með SÁÁ og Landsbjörg sem eru Íslandsspil. En þeir fjármunir hafa minnkað stöðugt og skipta okkur alltaf minna og minna máli,“ segir Hermann.

*Hversu margir eru í launuðu starfi hjá Rauða krossinum?*

„Það er misjafnt eftir því hvernig stendur á með fjölda sendifulltrúa hverju sinni. En við miðum oft við töluna 76, sem eru í launuðu starfi hjá Rauða krossinum á Íslandi,“ segir Hermann. Þar af séu í kringum 40 hjá landsskrifstofu en aðrir starfi hjá deildunum. Svo eru lausráðnir starfsmenn sem koma inn í sérstök verkefni ef þannig ber undir. Hermann segir að það sé alltaf nokkur fjöldi starfandi erlendis við hjálpar- og mannúðarstörf.

*Útskýrðu fyrir mér muninn á starfsemi landsskrifstofu og deildanna.*

„Deildirnar eru útverðir Rauða krossins,“ segir Hermann og bendir á að deildir Rauða krossins vinni að verkefnum í sínu nærsamfélagi. Dæmi um þetta sé starfsemi Reykjavíkurdeildar sem reki Konukot í Reykjavík (athvarf fyrir útigangskonur) og Vin í Reykjavík (athvarf fyrir geðfatlaða), sem hvort tveggja er rekið samkvæmt samningi við hið opinbera. Reykjavíkurdeildin sjái um neyðarvarnastarf í Reykjavík. „Ef kemur til einhverra hamfara í Reykjavík eða einhverra þeirra atvika að þarf að grípa til krafta sjálfboðaliða Rauða krossins þá er það Reykjavíkurdeildin sem hefur forystu um þær aðgerðir, með aðstoð annarra deilda og landsskrifstofu Rauða krossins,“ segir Hermann. Eftirminnilegt neyðarvarnastarf sem unnið hefur verið á vegum Rauða krossins er til dæmis fjöldahjálparstöðvarnar sem opnaðar voru eftir að gaus á Fimmvörðuhálsi og síðar í Eyjafjallajökli. Undirbúningur að slíkum aðgerðum fór líka í gang fyrir gosið í Bárðarbungu síðastliðið haust. Hermann segir að deildirnar séu margar mjög sterkar og mikilvægt að þær taki allar þátt í neyðarvörnum sem sé sterkasta vígi Rauða krossins um þessar mundir. Hermann segir að hlutverk landsskrifstofunnar sé síðan samræmingarhlutverk um land allt. Umsjón með og framkvæmd á öllu starfi erlendis. Landsskrifstofan sjái líka um samskipti og allt samband við ráðuneyti og sveitar- og bæjarfélög, en einnig við alþjóðaráð og alþjóðasamband Rauða krossins.

### Sjálfboðaliðarnir skipta mestu

Hermann segir að kjarninn í starfi Rauða krossins séu sjálfboðaliðarnir. „Það eru þeir sem bera uppi starfið í deildunum og koma saman og sjá um það að þessi störf séu unnin. Við sáum hins vegar um þjálfun þeirra í neyðarvörnum, kringum heimsóknarþjónustu, 1717 og fleiri

# a af mörkum

*r Íslandsspila skipti sífellt minna máli fyrir eyðina á Íslandi að verða sýnilegri.*



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Það eru þeir sem bera uppi starfið í deildunum og koma saman og sjá um að þessi verk séu unnin.**

verkefni,“ segir Hermann og bætir við að sjálfboðaliðarnir sem starfi með deildunum séu í kringum 3.500. Hann segir að áttatíu sjálfboðaliðar starfi við hjálparsímann 1717. Síðan eru þrír fastir starfsmenn sem eru félagsráðgjafar að mennt og vinna í faglegri umsjón og þjálfun með sjálfboðaliðum.

Eitt verkefni Rauða krossins er rekstur sjúkrabíla á landinu. „Þetta eru 78 bílar úti um allt land. Við gerum samning við velferðarráðuneytið um innkaup og rekstur þessara sjúkrabíla. Og við leggjum umtalsvert fjármagn inn í það samstarf. Og við sjáum svo algjörlega um rekstur þeirra, útboð og allt sem viðkemur þeim tækjum og tólum sem þarf í sjúkrabílana,“ segir Hermann, en bætir því við að Rauði krossinn sjái ekki um að manna bílana. Það sé misjafnt eftir landshlutum hvernig því er fyrir komið. Á höfuðborgarsvæðinu er það Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sem sér um að manna bílana. „Rauðakrossdeildirnar víða um landið voru stofnaðar í kringum sjúkrabílana. Af því að þetta er svo gríðarlegt öryggisatriði og aðkoma Rauða krossins í þessu máli er ekki síst til þess að tryggja að byggðirnar úti um landið fái líka góða bíla og að það sé eðlileg endurnýjun á þeirra bílum líka. Ég hef alltaf sagt að þetta sé ódýrasta byggðastefna sem er í framkvæmd á Íslandi. Það er að hafa almennileg sjúkraflutningatæki,“ segir Hermann.

*Sé tekið mið af þjónustu ykkar, myndirðu segja að það væri vaxandi neyð á Íslandi?*

„Neyðin hrópar hærra og hún er að verða sýnilegri. Við finnum það bara í gegnum heimsóknarþjónustuna okkar og í gegnum Hjálparsímann,“ segir Hermann. Það sé eitthvað að breytast í samfélagsgerð okkar sem ekki sé hægt að festa hendur á. „Við erum að reyna að ná til fólks sem við vitum að er í ákveðinni hættu. Við erum að reyna að ná til unga fólksins. Í Hjálparsímanum erum við núna að leggja áherslu á að reyna að ná til ungra karlmanna sem eru í sjálfsmorðshugleiðingum og reyna að fá þá til að tala og stíga fyrstu skrefin út úr vítahringnum. Við erum að taka núna upp símaþjónustu fyrir spilafíkla sem er hluti af þeirri ábyrgð sem við berum gagnvart okkar samfélagi,“ segir Hermann.

*Rauði krossinn á aðild að rekstri Íslandsspila sem halda úti spilakössum. Er þetta eitthvað sem ykkur þykir óþægilegt að reka?*

„Í sjálfu sér ekki. Þetta er gamalt fyrirtæki sem við eigum með SÁÁ og Landsbjörg og við erum í hópi mjög margra íþrótta- og góðgerðarfélaga á Íslandi og menntastofnana sem eru á happdrættismarkaði,“ segir Hermann. Þetta sé einfaldlega partur af fjármögnun Rauða krossins og fjármunirnir sem þarna fáist séu nýttir til góðs. Íslandsspil sé einungis með um 10 prósent af spilamarkaðnum. „ Á þessum markaði er íþróttahreyfingin, Háskólinn, SÍBS, DAS og ótal aðilar ,“ segir Hermann. Lottóið og getraunir eru þarna langstærst.“

Hann segir tekjur frá Íslandsspilum skipta sífellt minna máli í fjármögnun Rauða krossins og stöðug hugmyndavinna sé í gangi til að finna nýjar tekjuöflunarleiðir. Til dæmis hafi verið farið í samstarf við CCP og spilarana í Eve Online, sem hafi gengið vel. „Við fengum frá þeim 190 þúsund dollara til uppbyggingar eftir hamfarirnar á Filippseyjum 2013 og núna 130 þúsund til verkefna í Nepal. Síðan erum við að auka samstarf okkar við fyrirtæki til þess að gefa þeim kost á því að koma að þessu. Auðvitað er það partur af samfélagsábyrgð að taka þátt í góðgerðarstarfsemi,“ segir Hermann. Upphæðirnar sem safnað var samsvara 25 milljónum króna til Filippseyja og 17 milljónum króna til Nepals miðað við gengi dagsins í dag.

### Á annan milljarð í tekjur

Hermann segir að Rauði krossinn hafi verið með á annan milljarð í tekjur á síðasta ári. Það sé markmiðið að skila ekki hagnaði. „Nema það sem eðlilegt er og að við séum réttum megin við núllið. Allir okkar peningar eiga að fara til góðgerðarmála og við höfum verið að skera niður markvisst í umsjónarkostnaði og mikil hagræðing hefur átt sér stað síðustu tvö árin,“ segir Hermann. Það sé markmiðið að einungis tólf prósent eða minna af tekjunum fari í umsýslu- og stjórnunarkostnað.


# Góð ávöxtun Úrvalsbréfa

**Landsbréf – Úrvalsbréf** hafa skilað góðri ávöxtun síðastliðin ár. Sjóðurinn er hlutabréfasjóður. Að baki Úrvalsbréfum er teymi fólks með mikla reynslu, víðtæk tengsl við markaðinn og þekkingu á íslensku viðskiptalífi.

**Meðaltal nafnávöxtunar Úrvalsbréfa á ársgrundvelli** miðað við 30.06. 2015




Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á framtíðarárangur. Gengi sjóðsins getur bæði hækkað og lækkað og fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Ávöxtunartölur eru fengnar hjá Landsbankanum sem er vörsluaðili sjóðsins.

Fjárfesting í hlutabréfasjóðum felur ætíð í sér áhættu. Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóða er þó að jafnaði öruggari en þegar keyptir eru einstakir fjármálagerningar, þar sem hver sjóður dreifir áhættu fjárfesta með kaupum í fleiri en einum flokki fjármálagerninga. Hlutabréf eru í eðli sínu áhættusöm fjárfesting og afkoma þeirra félaga sem sjóðurinn á hlutabréf í hefur bein áhrif á gengi sjóðsins. Nauðsynlegt er að fjárfestar kynni sér vel þá áhættu sem fólgin er í því að fjárfesta í hlutabréfasjóðum með því að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu.

Landsbankinn er söluaðili sjóða Landsbréfa. Komdu við í næsta útibúi eða hafðu samband við Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf í síma 410 4040.

Landsbréf – Úrvalsbréf eru fjárfestingarsjóður, starfræktur í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélag sjóðsins eru Landsbréf hf. og vörslufélag er Landsbankinn hf. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst almennt áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði vegna rýmri fjárfestingaheimilda. Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sjóðsins er virði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins, s.s. ógreiddri umsýslu, þóknunum og öðrum gjöldum. Nánari upplýsingar um sjóðinn, skattlagningu hlutdeildarskírteina og áhættuþætti við fjárfestingu í sjóðnum má sjá í útboðslýsingu sjóðsins og lykilupplýsingum sem finna má á vefsvæði Landsbréfa, landsbref.is.

LANDSBRÉF




**STÓRHUGA** Starfsmenn Fanaments ætla sér að ná langt í veðmálabransanum. MYND/FANAMENTS

Hjá hin íslenska Fanaments er fé lagt undir á draumalið notenda:

# Opna veðmálasíðu fyrir íþróttaviðburði

Íslenska veðmálasíðan Fanaments var opnuð um mánaðamótin. Vefsíðan er bæði hönnuð af og í eigu íslenskra frumkvöðla en er skráð á Möltu þar sem fyrirtækið er með veðmálaleyfi.

Guðmundur Sveinsson, yfirmaður tæknimála hjá Fanaments, segir markmið fyrirtækisins að komast í fremstu röð í veðmálaheiminum.

Fyrirkomulagi Fanaments svipar til draumaliðsdeilda þar sem spilarar velja leikmenn sem gefa stig fyrir frammistöðu sína. Stigahæstu spilarar í hverri umferð vinna þá upphæðir sem safnast hafa með veðmálum annarra spilara. Hægt er að veðja á golf, fótbolta, körfubolta og blandaðar bardagaíþróttir hjá Fanaments.

Guðmundur segir slíka veðmálaleiki hafa notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum. Enn séu sóknarfæri í Evrópu sem fyrirtækið hyggist nýta. „Við stefnum á að verða jafn stórir í Evrópu og þessir aðilar eru í Bandaríkjunum,“ segir hann. - ih

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

NÝMÆLI Á VERÐBRÉFAMARKAÐI

MORGUNVERÐARFUNDUR FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

Fjármálaeftirlitið (FME) býður til opins morgunverðarfundar föstudaginn 21. ágúst í Gullteigi á Grand Hóteli.
Húsið verður opnað kl. 8.00 með léttum morgunverði.
Dagskrá hefst kl. 8.15 og stendur til kl. 10.00.


1. Opnun fundarins – **Sigurveig Guðmundsdóttir,** framkvæmdastjóri vettvangs- og verðbréfaeftirlits Fjármálaeftirlitsins


2. **Steven Maijoor,** stjórnarformaður Evrópska verðbréfa- og markaðseftirlitsins (ESMA), kynnir helstu áherslur þess árið 2015


3. EMIR reglugerðin og áhrif hennar á Ísland – **Andri Már Gunnarsson,** sérfræðingur FME

4. Umræður og spurningar úr sal

Vinsamlegast skráið þátttöku á fme@fme.is fyrir dagslok 19. ágúst



**NÝKOMINN FRÁ SPÁNI** Önundur Páll Ragnarsson útskrifaðist nýlega úr námi á Spáni með meistaragráðu í þjóðhagfræðilegri stefnumótun og fjármálamörkuðum. Hann segir námið hafa verið góðan undirbúning fyrir nýja starfið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bíður spenntur eftir fyrstu kóræfingunni

***Önundur Páll Ragnarsson hefur verið ráðinn á fjármálastöðugleikasvið Seðlabankans. Þar mun hann taka þátt í að móta þjóðhagsvarúðarstefnu. Í frítímum syngur hann í karlakórnum Esju.***

Önundur Páll Ragnarsson var á dögunum ráðinn á fjármálastöðugleikasvið Seðlabanka Íslands og hefur störf um miðjan ágúst. Hann mun ganga til liðs við teymi hjá bankanum sem vinnur að mótun þjóðhagsvarúðarstefnu.

„Þetta snýst í aðalatriðum um það að innleiða og framfylgja mælikvörðum, eða vísum, sem segja til um það hvort kerfislæg áhætta sé að myndast í bankakerfinu og hvort kerfið geti staðið af sér högg eða skelli sem hagkerfið í heild kann að verða fyrir,“ segir Önundur í samtali við Markaðinn. Þessir þjóðhagsvísar eigi þá að vera til þess fallnir að hægt sé að sjá kerfislæga áhættuþætti myndast tímanlega, svo að hægt sé að grípa inn í ef þurfa þykir. Þannig geti þessir vísar auðveldað og rökstutt ákvarðanir um inngrip eða reglusetningu sem yfirmenn bankans telja nauðsynlega.

Önundur útskrifaðist nýlega úr námi á Spáni með M.S.-gráðu í þjóðhagfræðilegri stefnumótun og fjármálamörkuðum. „Barcelona GSE er bara fyrir meistaranám í hagfræði og er samstarfsverkefni tveggja góðra háskóla og tveggja rannsóknarstofnana á sviði hagfræði,“ útskýrir Önundur. Hann sótti skólann rétt utan við Barcelona, en naut leiðsagnar kennara frá bæði Universitat Pompeu Fabra og Universitat Autonoma de Barcelona.

Önundur segir að námið hafi verið góður undirbúningur fyrir það starf sem hann tekur nú að sér. „Af því að í þessu námi fékk ég góða innsýn í grundvallaratriðin í þjóðhagfræði og líkanasmíð og tímaraðagreiningu, sem er mikið notuð í þjóðhagfræði. Svo fékk maður innsýn í peningamálahagfræði og mín lokaritgerð var á því sviði,“ segir Önundur. Hann hafi líka fengið góða innsýn í regluverk fjármálamarkaða og nýjustu skrif hagfræðinga um þjóðhagsvarúðarstefnu.

Önundur hafði áður starfað tímabundið hjá Seðlabanka Íslands áður en hann fór til Spánar í nám. Einnig hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og þar áður var hann blaðamaður hjá Morgunblaðinu. „Ég var blaðamaður 2007 til 2011, frá góðæri og fram í lungann af kreppunni. Og ég myndi bara segja að það hafi verið gríðarlega góður skóli. Maður hafi fullorðnast mikið og fræðst mikið,“ segir Önundur. Reynslan úr blaðamennskunni muni alveg klárlega nýtast í nýja starfinu og öllum þeim störfum sem hann muni taka sér fyrir hendur.

Helstu áhugamál Önundar eru veiði, bóklestur, þjóðfélagsmál og ekki síst kórsöngur. „Ég er meðlimur í karlkórnum Esju,“ útskýrir Önundur. Esja er ungur kór en hróður hans eykst sífellt. „Mér skilst það. Ég var náttúrlega fjarverandi í vetur en mér skilst að hróður kórsins hafi aukist mjög. Og hann hafi verið uppbókaður stóran hluta vetrar. Ég hlakka mikið til að fara á fyrstu æfinguna í haust. Við æfum einu sinni í viku, á miðvikudögum eftir vinnu,“ segir Önundur. Kórinn hefur aðstöðu í safnaðarheimili Háteigskirkju en Önundur segir kórinn þó ekki vera kirkjukór. jonhakon@frettabladid.is

> **Þetta snýst í aðalatriðum um það að innleiða og framfylgja mælikvörðum eða vísum sem segja til um það hvort kerfislæg áhætta hafi myndast.**

## VEL RITFÆR HÚMORISTI



Önundur er greindur, duglegur og framtakssamur maður. Einnig er hann mikill húmoristi sem auðvelt er að umgangast. Hjá honum er ekkert sem heitir að fara hálfa leið, það er allt eða ekkert. Á það jafnt við um áhugamál, nám og störf. Umfram allt er hann þó ákaflega traustur og góður vinur.

*Magnús Davíð Norðdahl héraðsdómslögmaður*



Önundur er yfirvegaður og lætur lítið yfir sér en samt er grunnt á húmorinn hjá honum. Hann kom í hagfræðinámið – vel þurr á bak við eyrun – með reynslu úr námi í sagnfræði og blaðamennsku sem hefur gefið honum ákveðna dýpt sem hagfræðingur. Hann er mjög vel ritfær og á létt með að setja hlutina upp með skipulegum og skýrum hætti. Eftir fjármálakrísuna hefur vegur peningamagnskenninga vaxið mjög í heiminum – en fyrir 2008 var það almennt viðkvæði meðal hagfræðinga að peningamagn skipti ekki máli. Önundur hefur lagt sérstaka áherslu á þessi fræði bæði í náminu hér heima og ytra og það verður virkilega spennandi að sjá til hans í starfi hjá Seðlabankanum.

*Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við HÍ*

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**FJÖLBREYTTIR HELLAR**
**Á milli 650 og 700 þekktir hellar eru hér á landi en þeir algengustu eru hraunhellar. Guðni Gunnarsson, formaður Hellarannsóknafélags Íslands, segir þá búa yfir mikilli fjölbreytni.**
**Síða 2**










# RÚSSIBANAREIÐ NIÐUR MONT BLANC

**EVRÓPUREISA** *Kormákur Rögnvaldsson dreif sig upp á hæsta fjall Evrópu í sumar og brunaði niður að fjallsrótum með kláfi. Hann synti í grænu vatni í Austurríki, heimsótti rómverskt safn og skoðaði líka elsta kastala Evrópu.*



**HÆSTI TINDUR EVRÓPU** Kormákur á Mont Blanc og Alparnir allt um kring. Honum fannst hann vera í rússibana á leiðinni niður með kláfi. MYNDIR/BIRNA GUÐRÚN BALDURSDÓTTIR

Ég fór til Frakklands, Sviss, Þýskalands og Austurríkis með fjölskyldunni minni í sumar. Við vorum fimm vikur í ferðinni og vorum aðallega í Frakklandi, í litlu þorpi nálægt Lyon og í Salzburg. Það var heitt og alltaf sól en við vorum með sundlaug í garðinum,“ segir Kormákur Rögnvaldsson, nemandi í 6. bekk í Brekkuskóla á Akureyri, þegar hann er spurður út í sumarfríið.

Kormákur skemmti sér hið besta í ferðinni en fjölskyldan fór meðal annars í tívolí og í dýragarð og heimsótti rómverskt safn. Þá dreif hann sig upp á hæsta fjall Evrópu.

„Við fórum upp á Mont Blanc með einum hæsta kláf í Evrópu, það var svolítið hræðilegt og gaman. Að fara niður var eins og í rússibana,“ segir Kormákur.

„Við heimsóttum kastalann í Salzburg, elsta varðveitta kastala í Evrópu og það var eins og að fara aftur í tímann, af því að hann er mjög gamall og litlu hefur verið breytt. Við fórum í nokkrar gönguferðir og einu sinni sáum við flottan kastala en lentum síðan í brenninetlum og rósarunnum. Það var ekki gaman fyrr en eftir á. Enginn brenndi sig samt. Einu sinni fórum við líka upp á lítið fjall í gegnum vínekrur og við vonuðum að það væri veitingastaður eða útsýnispallur uppi. Svo þegar við komum upp var veitingastaður með útsýnispalli en hann var lokaður. Það var síesta! Það var ekki gaman,“ segir Kormákur sposkur. Þá heimsótti hann skemmtilegt safn með mömmu sinni.

„Við mamma fórum í Sound of Music-ferð og fréttum að þetta væri sönn saga en það vissum við ekki. Í þeirri ferð sáum við að húsið þeirra var nokkur hús sem voru sett saman í Hollywood. Við fórum líka að synda í tveimur vötnum í Austurríki þar sem voru fiskar, annað vatnið var grænt eins og óþrifið fiskabúr.“

Hvað var eftirminnilegast í ferðinni?

„Það var að fara upp á Mont Blanc, tívolíið og dýragarðurinn og kvikmyndasafn í Lyon þar sem hlutir úr alls konar myndum voru til sýnis, til dæmis hlutir úr Narníu.“



**GÖNGUFERÐ Í AUSTURRÍKI** Kormákur ásamt mömmu sinni, Birnu Guðrúnu, og Styrmi litla bróður í notalegum göngutúr.



**HITABYLGJA** Kormáki fannst oft ansi heitt í ferðinni og þá var gott að hafa sundlaug í bakgarðinum til að kæla sig í með litla bróður.





**FJÖLBREYTNI** „Það sem gefur íslensku hellunum sérstöðu er jarðfræðilegur ferskleiki þeirra, hinn mikli fjölbreytileiki og sú staðreynd að við eigum líklega skreyttustu hraunhella heims,“ segir Guðni Gunnarsson, formaður Hellarannsóknafélags Íslands.
MYNDIR/GUÐNI GUNNARSSON

# HEILLANDI DULÚÐIN

**UNDRAVERÖLD** *Mikil litadýrð og fjölbreytileiki einkennir íslenska hella. Huga þarf vel að öryggismálum og ganga vel um þá hella sem heimsóttir eru.*

Á Íslandi eru á bilinu 650-700 þekktir hellar sem telst lítið samanborið við önnur lönd. Algengustu hellar landsins eru hraunhellar en þeir finnast ekki í miklu magni í öðrum löndum að sögn Guðna Gunnarssonar, formanns Hellarannsóknafélags Íslands. „Það sem gefur íslensku hellunum sérstöðu er jarðfræðilegur ferskleiki þeirra, hinn mikli fjölbreytileiki og sú staðreynd að við eigum líklega skreyttustu hraunhella heims. Þegar talað er um skraut, þá er átt við dropsteina og hraunstrá og aðrar myndanir sem verða til þegar afgangsbráð finnur sér leið inn í hellisrásina, drýpur niður á hellisgólfið og storknar þar í alls kyns formum. Þessar hraunmyndanir brotna og molna niður við minnstu snertingu enda eru hraunhellar með viðkvæmari náttúrufyrirbrigðum jarðar.“

Hann segir dulúðina vera mest heillandi við hellana og um leið þau forréttindi að sjá ókannaða og ósnortna undraveröld. „Fjölbreytileikinn er gífurlegur og erum við enn að uppgötva hluti sem koma jafnvel reyndustu hellamönnum á óvart. Auk þess getur litadýrðin verið mikil og þeir verið formfallegir. Það er ekki hægt að gefa sér neitt þegar kemur að íslensku hellunum.“



**LITFAGUR** Innviðir Leitahrauns sem er hraunbreiða austur af Reykjavík.



**FALLEGUR** Hellirinn litríki, Jörundur í Lambahrauni, var friðlýstur árið 1985 vegna verndunar dropsteina.

Í nágrenni höfuðborgarsvæðisins má finna nokkra aðgengilega hella að sögn Guðna þótt hann vilji fara varlega í að tala um að einhverjir þeirra séu auðveldir. „Raufarhólshellir í Leitahrauni er rétt við Þrengslaveginn og hentar hann vel fyrir þá sem vilja sjá stóra og mikilfenglega hellisrás. Arnarker er í sama hrauni og vel merkt með skilti og er stikuð leið að hellisopinu. Í báðum þessum hellum geta verið glæsilegar ísmyndanir á veturna.“

### MARGT GLEÐUR AUGAÐ

Einnig hafa Bláfjallahellarnir þótt heppilegir fyrir byrjendur en þeir eru í hrauninu beint á móti skíðasvæðinu. „Djúpihellir er í grenndinni en hann hefur þá sérstöðu að vera á tveimur hæðum. Síðan er þess virði að kíkja á Tanngarðshelli, Gljáa og Rósahelli. Allt eru þetta ólíkir og skemmtilegir hellar á tiltölulega litlu svæði.“

Guðni nefnir einnig Leiðarenda í Stórabollahrauni sem sé með greiðfærari hellum en aðkomuleiðin og innviðir hans hafa skemmst mikið vegna mikillar umferðar. „Nálægt honum er hellirinn Flóki sem tilheyrir Tvíbollahrauni og er rúmlega kílómetra langur. Þar er margt sem gleður augað og gaman er að fara um hann og jafnvel villast aðeins en lítil hætta er á að villast til lengdar þar sem það er hægt að komast út um göt á mörgum stöðum.“

Meðlimir Hellarannsóknafélagsins búa yfir gífurlegri reynslu í umgengni um hella að sögn Guðna. „Hlutverk okkar er fyrst og fremst að skjalfesta hella og stuðla að verndun og varðveislu þeirra. Þó hafa of miklar skemmdir orðið á íslenskum hellum og lítum við á það sem okkar hlutverk að koma í veg fyrir að þær haldi áfram. Þessu getur fylgt aðgangsstýring í hellana, eða jafnvel lokun, sem þykir sjálfsögð í þeim löndum sem komin eru lengra en við í hellavernd.“

Nánari upplýsingar um fjölda aðgengilegra hella, æskilegan öryggisbúnað og fjölda fallegra ljósmynda má finna á vef Hellarannsóknafélags Íslands, www.speleo.is.

■ *starri@365.is*

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,**
bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,**
jonivar@365.is, s. 512 5429










Sumar
LÍFIÐ
RÁÐLAGÐUR SKAMMTUR AF FERSKRI MENNINGU
Sumarlífið eru nýir þættir á Vísi þar sem Davíð Arnar Oddgeirsson og Ósk Gunnarsdóttir flytja okkur fréttir af öllum heitustu menningarviðburðum sumarsins. Skemmtileg viðtöl, kíkt á bak við tjöldin og hressandi umfjöllun um allt það áhugaverðasta í menningarlífinu.
Fylgstu með Sumarlífinu á Vísi í allt sumar.
vísir
Vísir.is er hluti af 365


STÖÐ 2 KYNNIR
Í SAMSTARFI VIÐ HLJÓÐX
HÁSKÓLABÍÓ LAUGARDAGINN 26. SEPTEMBER
BESTU LÖG BJÖRGVINS
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON VERÐUR Á PERSÓNULEGUM NÓTUM OG FLYTUR MÖRG AF SÍNUM BESTU LÖGUM ÁSAMT FRÁBÆRRI HLJÓMSVEIT
MIÐASALA HAFIN Á MIÐI.IS OG Í SÍMA 540 9800
HLJÓÐX
miði.is




SAMBÍÓIN Aðsókn í kvikmyndahús hefur dregist saman frá árinu 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kvikmyndahúsin heyja varnarbaráttu

*Aðsókn að kvikmyndahúsum hefur dregist saman um 16 prósent frá árinu 2009. Efnisveitum og ólöglegu niðurhali er helst kennt um.*

Aðsókn að kvikmyndahúsum hefur verið á niðurleið síðustu ár. Það sem af er ári hefur gestum fækkað um 16 prósent miðað við sama tímabili árið 2009. Þó hefur smávægileg þriggja prósenta aukning verið í aðsókn í ár miðað við sama tímabil í fyrra.

„Almennt hefur aðsókn dregist saman,“ segir Hallgrímur Kristinsson, stjórnarformaður Félags rétthafa í sjónvarps og kvikmyndaiðnaði (FRÍSK).

Þá hefur gestum á hverja sýningu líka fækkað úr 85 að meðaltali árið 2009 í 57 á þessu ári. Hins vegar hafi tekjur kvikmyndahúsanna af miðasölu að mestu staðið í stað en þær voru 1.485 milljónir króna árið 2014.

Konstantín Mikaelsson, yfirmaður kvikmyndadeildar Senu, segir aðsókn hafa dregist saman um tvö til þrjú prósent á ári frá 2009.

Tvær ástæður eru einkum fyrir minni aðsókn að kvikmyndahúsum að sögn Konstantíns: Ólöglegt niðurhal og auknar vinsældir efnisveitna sem ekki hafi sýningarétt á efni á Íslandi á borð við Netflix, Hulu og Amazon. „Þessi grái markaður borgar enga skatta hér. Svo er það náttúrulega ólöglega niðurhalið sem er okkar helsti óvinur,“ segir Konstantín.

### AÐSÓKN OG TEKJUR KVIKMYNDAHÚSA FYRSTU SJÖ MÁNUÐI ÁRSINS




Hallgrímur segir ólöglegt niðurhal ekki einu skýringuna á samdrætti í kvikmyndaðsókn.



HALLGRÍMUR KRISTINSSON

Framboð annarrar afþreyingar hafi aukist sem og að sjónvörp séu orðin betri. Engu að síður bitni það verulega á aðsókn að kvikmyndahúsum þegar hægt sé að ná í bíómyndir ólöglega á meðan þær eru enn í bíó. „Við sjáum það að þær myndir sem eru að detta inn og eru að koma inn í góðum gæðum hafa áhrif á aðsókn,“ segir Hallgrímur.

Hallgrímur nefnir sem dæmi að myndinni Aulinn ég hafi verið halað niður ólöglega með íslensku tali um þrjátíu þúsund sinnum. „Það kostaði hátt í tíu milljónir að talsetja myndina þannig að það er erfitt að eiga við þetta,“ segir hann.

Hallgrímur vill að stjórnvöld grípi til frekari aðgerða gegn ólöglegu niðurhali en segir að talað hafi verið fyrir daufum eyrum.

ingvar@frettabladid.is



# Íslendingar hjálpist að í markaðssetningu

***Hugmyndafræði Bókunar byggist á því að í litlum samfélögum hjálpist menn að við markaðssetningu. Starfsmaður fyrirtækisins kynnir hugmyndafræðina á Startup Færeyjar á laugardaginn.***

„Það þarf heppni til þess að ná að byggja upp tengsl erlendis,“ segir Guðmundur R. Einarsson hjá Bókun. Hann mun halda framsögu fyrir hönd fyrirtækisins síns á ráðstefnunni Startup Færeyjar sem fram fer um helgina.

Bókun er fyrirtæki sem framleiðir hugbúnað sem gerir aðilum í ferðaþjónustu kleift að tengjast og vinna saman á einfaldan hátt. Til dæmis geta þeir selt vörur hver annars, haldið utan um útistandandi kröfur sín á milli, sameinað eigin vörur við vörur annarra og selt sem þriðju vöruna, allt í rauntíma. Fyrirtækið var valið startup ársins í Íslandshluta Nordic Startup Awards á dögunum. Guðmundur segir að Færeyingar líti til Íslendinga þegar kemur að atvinnuskköpun.



„Ég er að fara að tala um hvernig er að vera Íslendingur að stofna fyrirtæki í minna umhverfi en þekkist erlendis, hvernig er hægt að byggja upp og mynda sambönd,“ segir Guðmundur í samtali við Markaðinn.

Guðmundur segir að í litlum samfélögum verði menn að hjálpast að við markaðssetningu. Það nægi ekki að hver og einn horfi á sjálfan sig. „Þegar kúnninn kemur til Íslands geti hann keypt fleira heldur en bara það sem fæst á áfangastaðnum sem hann fer á,“ segir Guðmundur og bendir á að Hestaleigan Laxnesi sé til dæmis farin að selja fjórhjólaferðir.

„Við verðum að deila kúnnanum. Kúnninn er ekki bara að koma til Íslands til þess að fara í Bláa lónið. Hann kemur hingað og vill vera hérna í einhvern tíma,“ segir Guðmundur. Þess vegna sé Bókun mikið að horfa á samfélagið í heildina.

jonhakon@frettabladid.is



**Í REIÐTÚR** Guðmundur segir mikilvægt að fyrirtæki selji vöru hvers annars. Í dag selur Hestaleigan Laxnesi fjórhjólaferðir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**HARÐLESTIN** Austurlandahraðlestin rekur fjóra veitingastaði, þar á meðal við Hverfisgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hagnaður Austur-Indíasamstæðunnar var 25 milljónir króna í fyrra:

# Hálfs milljarðs sala á indverskum mat

Austur-Indíafélagið og Austurlandahraðlestin seldu veitingar fyrir hálfan milljarð króna á síðasta ári. Sala félaganna jókst um 125 milljónir króna milli ára. Rekstrarkostnaður jókst aftur á móti um 97 milljónir króna sem skýrist helst af auknum efnis- og launakostnaði.

Samanlagður hagnaður félaganna nam 24 milljónum króna árið 2014. Viðsnúningur varð á afkomu félaganna sem rekin voru með 6 milljóna króna tapi á síðasta ári.

Þá var söluhagnaður af eignum Austur-Indíafélagsins bókfærður upp á 16 milljónir króna.

Austurlandahraðlestin rekur fjóra veitingastaði á höfuðborgarsvæðinu og Austur-Indíafélagið einn. Guðmundur Karl Björnsson á allt hlutafé Austur-Indíafélagsins og 75 prósent í Austurlandahraðlestinni á móti Miroslav Manojlovic sem á 25 prósenta hlut.

Eignir félaganna nema 258 milljónum króna, skuldir 194 milljónum króna og eigið fé 64 milljónum króna.

- ih



Breytingar á landbúnaðarkerfinu eitt mikilvægasta viðfangsefnið:

# Breytið þessu kerfi fyrir okkur öll

Skattgreiðendur borga 16-18 milljarða króna með íslenska landbúnaðarkerfinu á ári hverju. Kerfi sem allir tapa á og engri ríkisstjórn virðist takast að breyta vegna sterkrar stöðu sérhagsmunaafla sem standa vörð um það.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, hefur boðað afnám allra tolla, að tollum á matvöru undanskildum, hinn 1. janúar 2017. Afar jákvætt skref en spyrja má, hvers vegna ekki að nota tækifærið og afnema líka tolla á matvæli?

Forsvarsmenn Bændasamtakanna telja að ef tollvernd á innflutt kjöt verði afnumin muni myndast „ruðningsáhrif“. Þau muni birtast í því að neytendur fari frekar í erlent kjöt en til dæmis íslenska lambið. Þeir hafa engar rannsóknir eða vísindi á bak við þessa ályktun. Bara einhvers konar tilfinningu eða huglægt mat.



**Markaðshornið**

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@stod2.is

**Íslendingar hafa alist upp á íslenska lambinu og hafa smekk fyrir því.**

Munu íslenskir neytendur hætta að borða íslenskt lambakjöt þótt annað dýrakjöt, erlent, verði á boðstólum á aðeins lægra verði? Íslendingar hafa alist upp á íslenska lambinu og hafa smekk fyrir því. Færi einhver að bjóða upp á ribeye á páskadag bara upp úr þurru? Eða skipta sunnudagslambinu út fyrir sunnudagssvín?

Íslenskir sauðfjárbændur bjóða upp á úrvalsvöru sem er á heimsmælikvarða og það vegur upp á móti verðinu. Íslenskir bændur geta til dæmis sýnt fram á minni lyfjanotkun en erlendir kollegar þeirra. Fólk vill greiða fyrir gæði. Íslenskir neytendur vilja frekar íslenska grænmetið en það erlenda en tollvernd á grænmetisinnflutningi var afnumin árið 2002. Allir græddu á því. Ekki bara neytendur, grænmetisbændur líka. Af hverju ættu að gilda einhver önnur lögmál um kjöt?

Minnimáttarkennd fulltrúa landbúnaðarkerfisins veldur mér heilabrotum. Í einu orðinu berja bændur sér á brjóst og státa (réttilega) af miklum gæðum íslenska kjötsins en í öðru orðinu berjast þeir áfram fyrir því að vera í hlýjum faðmi ríkisvaldsins, verndaðir með ofurtollum. Það eru hrópandi mótsagnir í þessum málflutningi.

Ríkisstjórn Samfylkingar og VG stóð vörð um kerfið og ef eitthvað er var tekin stefna í átt til aukins helsis. Núverandi stjórn stendur vörð um kerfið. Sjálfstæðisflokkurinn skilar auðu í málinu en í kafla um landbúnaðarmál í landsfundarályktun frá síðasta landsfundi er ekki einu orði minnst á tollvernd eða afnám hennar. Það þarf því ekki að koma á óvart að ríkisstjórnarflokkarnir tveir taki stöðu með sérhagsmunum og gegn almenningi, neytendum, þegar landbúnaðarmál eru annars vegar.

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, kynnti á Búnaðarþingi hugmyndir sínar um gerð eins langs rammasamnings við landbúnaðinn í stað þriggja búvörusamninga. Hugmyndin gengur út á breytingar á því fyrirkomulagi þar sem beingreiðslur (ríkisstyrkir) eru greiddar til bænda en ráðherrann vill ekki gera neinar róttækar breytingar á tollverndinni. Hún verður í reynd bara fest í sessi.

Það er virðingarvert að lifa á því sem landið gefur en hvernig líf er það að geta ekki verið án meðgjafar meðbræðra sinna? Að þurfa sífellt að taka við beinum og óbeinum greiðslum frá skattgreiðendum? Er það líf með reisn?

## Innflytjendur í óvissu á ströndum Grikklands



**MIKIL FJÖLGUN** Flóttamönnum sem koma til Grikklands hefur fjölgað gríðarlega í ár. Þrátt fyrir þessa fjölgun hafa stjórnvöld ekki bolmagn til að veita þeim neinar viðtökur og fulltrúi Sameinuðu þjóðanna segir aðstæður þeirra skammarlegar. Þessi kona sat á strönd á eyjunni Kos í fyrradag eftir að hafa stigið þar á land.

# Stefnubreyting við sameiningu stofnana

Alma Lísa Jóhannsdóttir
sérfræðingur hjá SFR



Á undanförnum árum hafa stjórnvöld stefnt að því að fækka opinberum stofnunum. Sérstaklega hefur verið einblínt á sameiningu smærri stofnana með það fyrir augum að auka hagkvæmni í ríkisrekstrinum.

Síðustu ríkisstjórnir hafa unnið að þessu. Stórar sameiningar áttu sér stað á kjörtímabili ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur. Aðferðafræðin við sameiningarnar var að starfsfólk stofnananna fékk að halda starfi sínu og hugað var þannig að velferð mannauðsins í umbótaferlinu enda lykillinn að því að vel takist til.

Í fyrsta fjárlagafrumvarpi núverandi ríkisstjórnar boðaði fjármálaráðherra stórfelldar breytingar á ríkisrekstrinum. Meðal þeirra var fækkun opinberra stofnana um 50 og haldið var þannig áfram á þeirri vegferð sem hófst rétt fyrir aldamótin 2000. Framtíðarsýnin sem birtist í rökunum fyrir ákvörðuninni var einnig skýr en í frumvarpinu var eitt höfuðmarkmiðanna að einfalda ríkiskerfið og minnka umfang þess með það að leiðarljósi að auka skilvirkni.

Þó svo að markmiðið sé það sama hefur margt breyst. Ef litið er til þeirrar aðferðafræði sem notuð hefur verið við sameiningu stofnana á undanförnum árum má sjá að nú hefur átt sér stað stefnubreyting. Hún birtist með þeim hætti að stjórnvöld telja nú mikilvægt, jafnvel nauðsynlegt, að segja öllu starfsfólki upp við sameiningu stofnana. Nýlegar sameiningar sýna þetta með skýrum hætti. Nýjasta dæmið er frá síðasta starfsdegi Alþingis fyrir sumarfrí með stofnun Menntamálastofnunar.

SFR telur þessa leið ranga. Einfaldlega vegna þess að verkefnin sem eru færð til nýrrar stofnunar eru hin sömu og voru hjá fyrirrennurum hennar og því er aðeins um breytingar á byggingu stofnana að ræða en ekki um niðurlagningu starfa og verkefna svo um ræðir. Starfsmönnum eru ýmist boðin störf hjá nýrri stofnun við sömu verkefni og áður, eða þeim eru boðin ný verkefni. Það er verulegt áhyggjuefni að nú virðist vera að færast í aukana að settur sé fyrirvari í lögin um að lækka megi starfsfólk í starfsstigi.

Standi vilji stjórnvalda til þess að gera breytingar á störfum er til samræmis við meðalhófsreglu að flytja störfin en ekki leggja þau niður. SFR telur grundvallaratriði að gætt sé jafnræðis gagnvart opinberum starfsmönnum við sameiningu stofnana. Engin rök eru fyrir því að réttarstaða starfsfólks þeirra stofnana sem lagðar eru niður nú sé lakari en réttarstaða starfsmanna við sambærilegar sameiningar sem hafa átt sér stað.

Stjórnvöld hafa ekki markað sér opinbera stefnu um hvernig þau vilja standa að verkefnum eins og sameiningum stofnana. Því hafa þau ekki heldur tekið ákvörðun um hvernig þau vilja búa að mannauðnum við slíkar aðstæður. Hingað til hefur það verið á forræði einstakra stofnana eða ráðuneytis. Þetta er algjörlega ótækt. Stjórnvöld verða að vita hvert þau ætla að fara og hvernig þau ætla að komast þangað.

Tryggja þarf að á bak við ákvörðun um sameiningu stofnana liggi fjárhagslegar, rekstrarlegar, stjórnsýslulegar, samfélagslegar, faglegar og hugsanlega pólitískar forsendur þannig að markmiðið með breytingunum sé á hreinu og leiðirnar að því séu skýrar. Undirbúningur er alltaf mikilvægur enda getur ávinningur af umbótum orðið lítill sem enginn ef ekki er staðið vel að málum frá upphafi. Stjórnsýslan á að starfa með faglegum hætti og gæta jafnræðis og meðalhófs enda er mikilvægt að gætt sé samræmis við ákvörðunartöku stjórnvalda.

# *Fögnum fjölbreytileikanum – Uppfærum námsefnið!*

***Hin hliðin***

Rakel Sölvadóttir
stofnandi Skema og reKode.



Fordómar eru að mestu lærð hegðun og háð fjölskyldu, félögum og félagslegu umhverfi hvers og eins. Rannsóknir hafa sýnt fram á að börn byrja að móta fordóma milli þriggja og sex ára aldurs. Ung börn fylgja hegðun og atferli eftir því hvað umhverfið gefur af sér. Þau gera að sínu eigin það sem þau heyra og/eða sjá án þess í raun og veru að skilja af hverju. Þetta gera þau ósjálfrátt til að þóknast þeim sem veita þeim öryggi og umönnun, meðal annars foreldrum, umsjónaraðilum og kennurum.

Leik- og grunnskólar eru mikilvægur vettvangur í þessari fræðslu og mótun hugsunarháttar og mats einstaklings á umhverfinu. Í leik- og grunnskólunum fer fram mikilvæg félagsmótun sem hefur mikið að segja um það hvort einstaklingarnir mótist við þröngsýni, fordóma og afmyndun raunveruleikans eða við raunverulegar staðreyndir. Kennarar þurfa hins vegar að vera vel í stakk búnir, hafa aðgengi að fjölbreytilu námsefni og vera búnir að fara í gegnum eigin fordóma.

Þegar ég var að stíga mín fyrstu skref „út úr skápnum“ fyrir 10 árum hafði ég áhyggjur af því að börnin mín tvö myndu ekki njóta sömu lífsgæða og önnur börn sökum fordóma. Þau voru þá bæði á leikskóla og ein af þeim fáu sem áttu samkynhneigt foreldri. Ég spurðist fyrir um aðgengi barnanna á leikskólanum að fræðslu og/eða námsgögnum sem vörðuðu fjölbreytileikann í þjóðfélaginu en þar var því miður ekkert að finna. Tíu árum síðar erum við því miður á svipuðum stað hvað námsefni varðar. Sorglegt en satt!

Þó framfarir hafi verið í viðhorfi á Íslandi gætir enn mikillar mismununar minnihlutahópa líkt og fram kom í könnun sem gerð var fyrir félagsog tryggingamálaráðuneyti Íslands árið 2012 um viðhorf til mismununar. Helstu niðurstöður voru þær að 57,7% (56,9% árið 2009) svarenda töldu að fólki væri mismunað eða það áreitt vegna kynþáttar eða þjóðernis, 46,9% (35,9% 2009) vegna fötlunar eða örorku og 40,3% (41,4% 2009) vegna samkynhneigðar eða tvíkynhneigðar. Við eigum sem sagt langt í land enn!

Sýnt hefur verið fram á að með fræðslu og jákvæðum fyrirmyndum sé hægt að draga úr fordómum. Einnig hafa samskipti við einstaklinga úr minnihlutahópum dregið úr neikvæðri ímynd þess hóps. Þar sem það er mismunandi hversu mikil fjölbreytni er í hópnum innan skólanna þarf að nýta sér aðrar leiðir til að ná til sem flestra þátta. Er ekki kominn tími á að uppfæra námsefni leik- og grunnskóla? Er ekki kominn tími á að sýna fjölbreyttara fjölskyldumynstur í námsefninu? Ætlum við að halda áfram að hafa bara stöðluðu hvítu fjölskylduna sýnilega – ljóshærð móðir, dökkhærður faðir, ljóshærð dóttir með stutt hár og sonurinn dökkhærður með stutt hár? Fögnum fjölbreytileikanum og brjótum niður þá múra sem settir hafa verið um námsefni á Íslandi.

# HRAÐVIRK OG VINSÆL SKÓLATÖLVA

TOSHIBA



INTEL i5
5. KYNSLÓÐ

TOS-L50B2E4

VERÐ ÁÐUR
129.995.
20.000
SKÓLAAFSLÁTTUR

**109.995**

## NÝR OG HRAÐARI INTEL i5

Þessi er vinsæl og fer hratt. Ótrúlegt verð fyrir glæsilega hannaða gyllta 15,6" fartölvu með nýjasta og hraðasta 5. kynslóðar i5 örgjörva frá Intel sem lengir rafhlöðuendinguna fyrir skólann. Intel HD Graphics 5500 skjákjarninn skilar stórbættri grafískri vinnslu. Kemur með AC þráðlausu korti sem skilar mun sterkara þráðlausu neti og Scullcandy vottuðum hátölurum með DTS hljóm.

**Ein bestu kaupin í skólaúrvalinu okkar í ár.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| INTEL i5<br>5. KYNSLÓÐ | 4GB<br>VINNSLUMINNI | HD5500<br>GRAFÍKKJARNI | 15,6"<br>SKJÁR |

TOSHIBA
3 ÁRA ÁBYRGÐ
TOSHIBA

BÆTTU VIÐ ÁRS ÁBYRGÐ Á
TOSHIBA
FYRIR AÐEINS
4.995,-




tl.is

TÖLVU LISTINN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

# MARKAÐURINN

Netfang ritstjorn@markadurinn.is Sími 512 5000 Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is


**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 133,18 | DKK 19,71 | NOK 16,26 | CHF 135,70 |
| GBP 207,82 | EUR 147,10 | SEK 15,30 | JPY 1,07 |

**6.664,54**
71,68 -71,68 (1,06%)

**Viðskiptavefur Vísis**
@VisirVidskipti

## 6% AÐ MEÐALTALI

### Mest aukning á Suður- og Vesturlandi

Hótelherbergjum á landsvísu hefur fjölgað um 28% á árabilinu 2010-2014 eða um rúmlega 6% á ári að meðaltali. Framboðið hefur aukist hlutfallslega mest á Suðurnesjum, Suðurlandi, Vestfjörðum og Vesturlandi, en einnig þó nokkuð á höfuðborgarsvæðinu. Lítil framboðsaukning hefur verið á Austurlandi og samdráttur á Norðurlandi. Á sama tíma fjölgaði erlendum ferðamönnum um 111% eða um meira en 20% á ári að meðaltali.

**06.08.2015** Þegar stjórnvöld taka ákvörðun sem hér virðist hafa verið tekin er ástæða til að vanda þar til verka og hafa samráð við þá sem þessara hagsmuna hafa að gæta og að umræða um þetta allt saman sé uppi á borðum. Okkur þykir hafa skort á það.



***Kolbeinn Árnason,***
*framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.*

## 1,8 PRÓSENT

### Capacent spáir minni verðbólgu

Fjármálaráðgjöf Capacent gerir ráð fyrir rúmlega 0,1% hækkun vísitölu neysluverðs í ágúst. Gangi þetta eftir mun verðbólgan á ársgrundvelli lækka úr 1,9% í 1,8%. Verðbólgan lúrir því enn vel undir verðbólgumarkmiði Seðlabankans. Það sem helst hefur áhrif til lækkunar vísitölunnar er lækkandi olíuverð og lægri flugfargjöld. Áhrifa útsöluloka gætir hins vegar og mjólkurverðshækkun hefur einnig áhrif til hækkunar á vísitölu.

## STJÓRNARMAÐURINN

### Bakkelsisfárið

Verslun Dunkin' Donuts var opnuð á dögunum á Laugavegi, en líklegt er að móttökurnar hafi farið fram úr björtustu vonum þeirra sem að standa.

**LÖNG RÖÐ** myndaðist strax kvöldið fyrir opnunina, og samkvæmt því sem fram kom í fjölmiðlum seldust um 16 þúsund kleinuhringir fyrsta daginn. Lítið virðist vera að draga úr hungri Reykvíkinga í kleinuhringi, en þegar þetta er ritað tæpri viku síðar horfir stjórnarmaðurinn út á Laugaveg þar sem röðin sniglast í átt að Bankastræti.

**MARGIR HAFA** þó orðið til þess að furða sig á vinsældunum og hafa sakað gesti staðarins um lágmenningu, lágkúru og fleira í þeim dúr. Þetta hefur verið sérstaklega áberandi meðal fjölmiðlamanna sem hafa látið sleggjudóma sem þessa falla í útvarpi, á samfélagsmiðlum og víðar.

**EINHVERJIR** hafa meira að segja gefið í skyn að með því að kaupa varning frá Dunkin' Donuts sé fólk með einhverjum hætti að sýna þjóð sinni óhollustu, eins og fólki eigi að renna blóðið til skyldunnar og gæða sér á dönskuskotnu bakarískruðerí í staðinn (sem er í flestum tilvikum innflutt frosið).

**STJÓRNARMAÐURINN** hefur alla tíð átt erfitt með að skilja menningarlega hreinræktarstefnu á borð við þessa. Hvernig er Dunkin' Donuts t.d. frábrugðið rótgrónum kaffihúsum eins og Kaffitári eða Te og kaffi? Dunkin' Donuts er vitanlega rekið samkvæmt sérleyfi og ber erlent nafn, en í báðum tilvikum er um að ræða íslenska rekstraraðila, og í báðum tilvikum er verið að flytja nýja siði til landsins.

**EÐA ER** kaffi og croissant allt í einu orðið íslenskara en kaffi og kleinuhringur? Vitanlega ekki. Eru það sömuleiðis orðin sérstök mannréttindi að fá að kaupa mjólkurkaffi á 600 krónur í miðbænum, og að geta ekki nálgast ódýrari kost nema með því að fara upp í bíl og aka á næstu bensínstöð?

**MÖGULEGA** mætti gagnrýna Dunkin' Donuts og fleiri staði á grundvelli lýðheilsusjónarmiða, en þá skal eitt yfir alla ganga – pitsur, hamborgara, kleinur, vínarbrauð og djöflatertur þurfa sömuleiðis að víkja.

**ER SAMT** ekki bara einfaldast að fólk fái að bera sjálft ábyrgð á því hvað það lætur ofan í sig?

@stjornarmadur




## Veðurspá
Miðvikudagur

Vaxandi suðaustanátt og þykknar upp, 13-20 m/s og talsverð rigning síðdegis, en 15-23 við suður- og vesturströndina og á hálendinu og hviður allt að 35 m/s við fjöll. Mun hægara og þurrt á N- og A-landi fram eftir degi. Dregur úr vindi og úrkomu í kvöld, en hvessir heldur með rigningu norðaustantil. Ekkert ferðaveður verður því fyrir bifreiðar með aftanívagna sunnan- og vestantil á landinu.









### KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** flík, **6.** kringum, **8.** dauði, **9.** sæti, **11.** nesoddi, **12.** ís, **14.** yfirstéttar, **16.** vörumerki, **17.** svipuð, **18.** nam burt, **20.** frú, **21.** skarpur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ló, **3.** skammstöfun, **4.** nennuleysi, **5.** berja, **7.** planta, **10.** saur, **13.** frost-skemmd, **15.** skrifa, **16.** stykki, **19.** bókstafur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** pels, **6.** um, **8.** hel, **9.** set, **11.** tá, **12.** klaki, **14.** aðals, **16.** ss, **17.** lík, **18.** tók, **20.** fr, **21.** klár.
**LÓÐRÉTT: 1.** kusk, **3.** eh, **4.** letilíf, **5.** slá, **7.** melasól, **10.** tað, **13.** kal, **15.** skrá, **16.** stk, **19.** ká.

### SKÁK
**Gunnar Björnsson**

**Robin Van Kampen (2.623) átti leik gegn Vladimir Hamitevici (2.450) á Íslandsmóti skákfélaga.**

**22.…Bxe4! 23. dxe4 d3 24. Bf3 g4 25. Hh1 Dxf3+ 26. Dxf3 gxf3 27. Re3 Had8.** Svartur hefur unnið manninn til baka og hefur mun betri stöðu sem dugði til vinnings.

**www.skak.is** Oliver með hörkuskák gegn Shirov


**Svartur á leik**

## Myndasögur

**PONDUS**
Eftir Frode Øverli




**GELGJAN**
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN**
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







### SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 5 | 7 | | | 8 | | 1 |
| | | | 9 | | | | 3 | 7 |
| 6 | | | 8 | | | | 4 | |
| | | | | 3 | 7 | | | 9 |
| | 4 | 1 | | 6 | 9 | 5 | | |
| | | | | | | 1 | | |
| 7 | 5 | | | | 2 | | | |
| | | 3 | | | | | 8 | 6 |
| 4 | 9 | | | 7 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 6 | 9 | | 8 | | |
| | | | | | 7 | | 9 | |
| 9 | | | 8 | 4 | 5 | | | 3 |
| 6 | | | | | | 9 | 2 | |
| | | 5 | | | 8 | | 4 | 7 |
| 7 | 2 | 4 | | | | 1 | 8 | |
| | 5 | 6 | 3 | | | 4 | | |
| | | | | | 9 | | | |
| 2 | 3 | | | | | 5 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | 6 | | | | | 3 |
| | | | | | | | 4 | |
| | | 3 | 5 | | 1 | 6 | | |
| | | 7 | | | 4 | 8 | | |
| | 2 | | | | 3 | 9 | | 4 |
| | 5 | | 8 | 6 | 7 | | | |
| | | 8 | 4 | | 9 | 3 | | 1 |
| | | | | | | | 6 | |
| | | 2 | 3 | | | | | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 7 | 5 | 4 | 8 | 1 | 6 | 9 |
| 6 | 8 | 4 | 1 | 9 | 3 | 5 | 2 | 7 |
| 5 | 9 | 1 | 6 | 7 | 2 | 8 | 3 | 4 |
| 9 | 5 | 2 | 7 | 8 | 4 | 6 | 1 | 3 |
| 7 | 6 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 4 | 5 |
| 1 | 4 | 3 | 2 | 5 | 6 | 9 | 7 | 8 |
| 3 | 1 | 5 | 4 | 2 | 9 | 7 | 8 | 6 |
| 8 | 7 | 6 | 3 | 1 | 5 | 4 | 9 | 2 |
| 4 | 2 | 9 | 8 | 6 | 7 | 3 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 1 | 6 | 7 | 3 | 8 | 5 | 2 | 4 | 9 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 6 | 2 | 7 | 1 | 5 |
| 9 | 7 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 2 | 4 |
| 3 | 1 | 2 | 7 | 9 | 4 | 5 | 6 | 8 |
| 5 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 | 3 | 9 | 7 |
| 4 | 2 | 5 | 8 | 1 | 7 | 9 | 3 | 6 |
| 6 | 8 | 1 | 5 | 3 | 9 | 4 | 7 | 2 |
| 7 | 9 | 3 | 2 | 4 | 6 | 8 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 1 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 2 |
| 4 | 2 | 9 | 5 | 3 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 5 | 6 | 7 | 9 | 1 | 2 | 8 | 3 | 4 |
| 6 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 3 |
| 1 | 9 | 2 | 6 | 4 | 3 | 7 | 5 | 8 |
| 8 | 3 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 7 | 5 | 6 | 1 | 8 | 4 | 3 | 2 | 9 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 5 | 6 | 4 | 8 | 7 |
| 2 | 4 | 8 | 3 | 7 | 9 | 1 | 6 | 5 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# ÚTSALA



## ALLT AÐ 50%







**OFNAR, HELLUBORÐ, KÆLISKÁPAR, ÞVOTTAVÉLAR, HRAÐSUÐUKATLAR, ÖRBYLGJUOFNAR, UPPÞVOTTAVÉLAR, HEILSUGRILL, KAFFIVÉLAR, BÚSÁHÖLD OG FLEIRA!**















*Sjá allt úrvalið á www.ef.is*

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is

*Mánudaga-föstudaga 9-18 og laugardaga 11-15*

# Ört vaxandi og alþjóðleg djasshátíð

Jazzhátíðin í Reykjavík hefst í dag með djassgöngunni og lýkur ekki fyrr en á sunnudagskvöld einum tuttugu tónleikum síðar.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



JAZZGANGAN MIKLA Það er gríðarlegt fjör í göngunni sem markar upphaf Jazzhátíðar Reykjavíkur en gangan fer af stað frá Lucky Records kl. 17 í dag og eru allir hvattir til þess að mæta og taka þátt í fjörinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Í dag er komið að því að telja í Jazzhátíð Reykjavíkur í 26. sinn og mun djassinn duna í Hörpu allt fram á sunnudagskvöld. Ari Daníelsson er í forsvari fyrir hátíðina og tekur hann við keflinu af Pétri Grétarssyni sem var framkvæmdastjóri hátíðarinnar síðastliðin átta ár. Ari segir að á aldarfjórðungsafmæli hátíðarinnar á síðasta ári hafi hátíðin flutt í Hörpu og við að hafi hún svo sannarlega sprungið út. „Í framhaldinu var Jazzhátíð í Reykjavík valin besti tónlistarviðburður ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum fyrr á þessu ári. Það er mikil hvatning og hátíðin er enn að stækka og dafna svo djassunnendur mega svo sannarlega eiga von á góðu.“



ARI DANÍELSSON

Eins og síðustu ár mun djassganga niður Laugaveg marka upphaf hátíðarinnar. Gleðin verður við völd í göngunni og mun göngustjóri stilla saman lúðra og trommur við verslunina Lucky Records við Hlemm kl. 17.00 í dag og eru allir sem hljóðfæri geta valdið hvattir til að mæta og spila með.

### Komin á kortið

„Jazzhátíðin virðist vera að ná til afskaplega breiðs hóps djassgeggjara enda er dagskráin afskaplega fjölbreytt. Við finnum líka fyrir mikilli fjölgun erlendra áhorfenda, bæði með öllum þeim ferðamönnum sem hér eru staddir fyrir og svo kemur hingað til dæmis þrjátíu manna hópur frá Kanada. Það er þekkt fyrirbæri frá stórum djasshátíðum á borð við þá sem er í Kaupmannahöfn og fleiri að áhorfendur komi langan veg í svokölluð djass-safari og það gleður okkur mikið að vera komin með Jazzhátíð Reykjavíkur á kortið fyrir slíkar ferðir.

Við erum líka með gríðarlega stóra, fjölbreytta og metnaðarfulla dagskrá svo þetta þarf í sjálfu sér ekki að koma á óvart. Ef við teljum listamennina á öllum tuttugu tónleikum hátíðarinnar þá eru það um hundrað manns og þar af eru um þrjátíu útlendingar. Allt er þetta fólk í hæsta gæðaflokki sem nýtur mikillar virðingar í alþjóðlegum djassi enda eru íslenskir tónlistarmenn líka margir hverjir að vinna með tónlistarmönnum víða um veröld.“

### Alþjóðleg breidd

Ari segir að það sé ekki erfitt að setja saman flotta dagskrá fyrir hátíðina einmitt vegna þess hversu víða íslenskir djassarar séu að vinna og gróskan í djassinum mikil. „Margir íslenskir djasstónlistarmenn vinna einnig utan Íslands og það myndar tengslanet. Þetta er líka oft fjölbreytt og ólíkt tónlistarfólk þannig að breiddin er mikil. Það ríkir í raun mikil breidd í djassi á Íslandi í dag og við leitumst við að sýna áhorfendum þessa breidd. Við erum til að mynda með heiðurstónleika til þess að minnast þess að nú eru fimmtíu ár liðin frá því að Louis Armstrong kom hingað til lands og það er svona gamaldags djasstónlist alveg frá þriðja áratug síðustu aldar og svo erum við með mjög nútímalegan djass í boði Hilmars Jenssonar og þýska saxófónleikarans Angeliku Niescier svo dæmi sé tekið.

Jazzhátíð í ár endurspeglar líka þann sköpunar- og drifkraft sem ræður ríkjum í íslensku djasslífi, en í ár fá tónleikagestir að njóta átta útgáfutónleika þar sem nýtt efni verður frumflutt og oftar en ekki er þar um að ræða eftirtektarverð samstarfsverkefni innlendra og erlendra listamanna.“

### Uppskeruhátíð

Jazzhátíð minnist þess einnig að í ár eru liðin 100 ár frá kosningarétti kvenna á Íslandi og verður lögð sérstök áhersla á hlut kvenna í djasstónlist. „Við erum með fjölda frábærra kvenna sem ætla að spila fyrir okkur í ár, bæði innlendar og erlendar, og væri einfaldlega of langt mál að telja þær allar upp hér og nú. Málið með þessa hátíð er að hún er líka uppskeruhátíð okkar í djassinum og það er mikilvægt fyrir okkur öll að koma saman og spila. Deila reynslu okkar og þekkingu og halda áfram að efla djassinn á Íslandi. Vonandi munu áhorfendur halda áfram að koma og deila þessu með okkur.“

Tónleikar verða alls 20 og Ari bendir á að það sé tilvalið að tryggja sér aðgöngupassa á öll kvöldin enda sé verðið afskaplega hagstætt fyrir alla þessa tónlist. „Það kostar aðeins 16.200 kr. að kaupa passa á öll kvöldin sem miðar við að þannig fái kaupandinn í raun fjórða kvöldið frítt. En svo erum við líka með fasta liði sem er frítt inn á og þar má nefna daglegar gleðistundir klukkan fimm á Budvarsviðinu á efstu hæðum Hörpu, þar sem kynningar á dagskrárliðum fara fram og svo spunastundir á hverju kvöldi í lok dagskrár klukkan ellefu þar sem flytjendur láta gamminn geisa óundirbúið fram eftir kvöldi. Við erum að fá heilmikla aðsókn bæði á tónleikana sem og opnu viðburðina – svo mikla að við eigum í raun erfitt með að átta okkur á því hversu margir gestir eru að rúlla í gegn hjá okkur. Slíkur er einmitt krafturinn í djassinum í dag.“

# Landsmenn eiga von á leikhús- og dansveislu bráðlega

Heljarinnar sviðslistahátíð verður í höfuðborginni frá 25. til 30. ágúst, bæði leiklistarhátíðin LÓKAL og Reykjavík Dance Festival.

„Ef ég hefði verið að fylgjast með þessum hátíðum úr fjarlægð hefði ég sagt: „Vá, hvað dagskráin er metnaðarfull og fjölbreytt í ár,“ segir Ragnheiður Skúladóttir um leiklistarhátíðina LÓKAL og Reykjavík Dance Festival. Sjálf er hún listrænn stjórnandi LÓKALS ásamt Bjarna Jónssyni og segir um ákaflega frjótt og spennandi samstarf að ræða milli þeirra og aðstandenda danshátíðarinnar þetta árið með innflutningi samtals sjö erlendra sýninga.

Hátíðirnar standa frá 25. til 30. ágúst og þar eru 24 sýningar samanlagt. „Það er ótrúlegt en satt að okkur hefur tekist að setja dagskrána upp þannig að sé einhver mjög áhugasamur leikhús- og dansaðdáandi þá getur hann séð allar sýningarnar,“ segir Ragnheiður stolt og segir íslensku verkin verða frumsýnd á hátíðunum og öðlast svo framhaldslíf, annaðhvort í framhaldi af hátíðinni eða síðar á leikárinu.

„Það sem er líka markvert við hátíðirnar í ár og mun marka þær næstu árin er að við sækjumst eftir þátttöku almennings. Erum í stóru evrópsku tengslaneti sem sótti um fjögurra ára verkefni sem er kallað Urban Heat. Fókus þess er á samfélög innan samfélaga sem eru kannski ekki augljós, geta verið trúarhópar, ungt fólk eða hvaða hópar sem er. Við munum kanna á ýmsan hátt hverfi Reykjavíkurborgar á næstu árum og listamenn á okkar vegum fara inn í hverfin að ná í yrkisefni og virkja íbúana í listsköpun,“ lýsir Ragnheiður.

Dæmi um hina nýju stefnu er sýningin Atlas á stóra sviði Borgarleikhússins þar sem hundrað einstaklingum er boðið að taka þátt. „Ég hef líkt þessari sýningu við þjóðfund. Fólk sem er áhugasamt má endilega hafa samband við okkur,“ segir Ragnheiður og segir dansverk Ásrúnar Magnúsdóttur GGGGRRRLLLSS af sama toga, þar komi á fjórða tug unglingsstúlkna fram.

Sem dæmi um nýtt leikverk á LÓKAL nefnir Ragnheiður Nazanin sem Marta Nordal hefur gert um ævi írönsku flóttakonunnar Nazanin sem kom hingað til lands 2009 og verður með á sviðinu.

Sýningar verða í Tjarnarbíói en líka í Borgarleikhúsinu, Gamla bíói, Hafnarhúsi og Listaháskólanum. „Þessi tími hentar ágætlega leikhúsunum,“ segir Ragnheiður. „Hátíðirnar eru upptaktur að leikárinu en auðvitað líka vettvangur sjálfstæðu senunnar.“

gun@frettabladid.is



LISTRÆNIR STJÓRNENDUR Alexander Róbertsson, Ásgerður G. Gunnarsdóttir, Bjarni Jónsson og Ragnheiður Skúladóttir halda utan um hátíðirnar tvær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gildir frá 12 ágúst, til og með 14 ágúst. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## TREND
## ALLT SVART

Það ætti að gleðja landann að það verður vel séð að klæðast öllu svörtu í vetur. Þegar öll fötin eru svört getur verið auðveldara að finna samsetningar og þau fara alltaf aftur í tísku í stað þess að eiga flíkur í litum sem teljast aðeins flott í eina árstíð á ári.



**TOM FORD** Amerískí hönnuðurinn er með puttann á púlsinum fyrir veturinn.



**GIVENCHY** Riccardo Tisci hélt glæsilega tískusýningu þar sem nánast öll fötin voru svört.



**ALEXANDER MCQUEEN** Breska tískuhúsið er alltaf með jafn einstakar tískusýningar.



**RICK OWENS** Ef það er ekki hvítt hjá Rick þá er það svart.



**ALEXANDER WANG** Wang lét hafa eftir sér að viðskiptavinir hans vildu hafa allt svart og hann færi aðeins eftir óskum þeirra. MYNDIR/GETTY





**ÝMIS VERKEFNI** Kjartan tók ljósmyndir bak við tjöldin við tökur á myndbandi Úlfur Úlfur, Brennum allt.



**SKIPABLÆTI** Það fær ekki hvaða skip sem er pláss í P3. MYNDIR/KJARTAN HREINSSON

# Gefur út þriðja ljósmyndabæklinginn

Kjartan Hreinsson áhugaljósmyndari hefur vakið athygli fyrir skemmtilegar og persónulegar myndir sem hann gefur út í bæklingi.

**Gunnhildur Jónsdóttir**
gunnhildur@frettabladid.is

Frá því að Kjartan Hreinsson fékk sér myndavél fyrir tveimur árum hefur hann ekki hætt að taka myndir. Hann gaf út blöðung eða „zine" á dögunum sem heitir P3 og er samsafn af myndum sem hann hefur tekið upp á síðkastið. Á myndunum hans skín í gegn dálæti á Olís, skipum og gömlum bílum. Hann leikstýrði einnig báðum tónlistarmyndböndum Sturlu Atlas. Kjartan er ekki lærður en þrátt fyrir það hafa myndir hans vakið mikla athygli og styrkti 66°Norður nýlega verkefni eftir hann.

„Ég er búinn að vera með myndavélina á mér frá því að ég fékk hana. Ég er alltaf að taka myndir en vissi aldrei hvað ég ætti að gera við þær, hef bara verið að setja þær á Instagram. Svo ákvað ég að gera lítinn bækling og ég skemmti mér við að setja þetta upp. Nú eru komnar þrjár útgáfur," segir Kjartan en í þetta skiptið er bæklingurinn 80 blaðsíður sem er næstum því eins og bók og var prentaður í 40 eintökum. „Ég er ýmist að gefa þá eða að selja. Það eru margir sem vilja kaupa hann og þá sel ég hann á lágu verði og næ þannig að borga upp prentkostnaðinn."

Myndirnar eru ýmist persónulegar af vinunum eða frá verkefnum sem hann hefur tekið að sér eins og þegar hann vann að tónlistarmyndbandinu við lagið Brennum allt með Úlfur Úlfur. „Ég hef mikinn áhuga á að fylgjast með skipum og bílum en ég get verið mjög pikkí þegar kemur að þeim. Það halda líka margir að ég hafi verið að vinna fyrir Olís en þetta er bara della sem ég hef tekið upp á. Það var útgerðarmaður á Vestfjörðum í fréttunum með Olís-derhúfu og eftir það varð ekki aftur snúið." Hann segist einnig vera heillaður af Olís-merkinu en það er hannað af Þresti Magnússyni sem gerði íslensku myntina.

Kjartan leikstýrði myndböndum Sturlu Atlas en þeir eru góðir vinir. „Myndböndin voru bæði frekar óplönuð og tekin upp á litlu myndavélina mína. Þetta er í fyrsta skipti sem ég geri eitthvað í líkingu við þetta. Svo tókum við vinirnir nokkrar myndir og fengum síðan styrk frá 66°Norður eftir að myndirnar voru tilbúnar. Ekkert af þessu var planað."

> **Ég er búinn að vera með myndavélina á mér frá því að ég fékk hana. Ég er alltaf að taka myndir en vissi aldrei hvað ég ætti að gera við þær.**





**OPNA ÚR P3** Kjartan birti myndir af öllum síðum bæklingsins á netinu en hann hefur slegið í gegn.



**MYNDAR Í TÍMA OG ÓTÍMA** Kjartan fékk myndavél fyrir tveimur árum og hefur verið með hana á sér síðan þá. MYND/AÐSEND


ego dekor
ÚTSALAN ER HAFIN 20 - 50% AFSLÁTTUR
-25%
ATLAS tungusófi
Stærð: 292X173cm
Verð: 253.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 189.750,-
-25%
MONACO tungusófi
Stærð: 291X168cm
Verð: 238.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 178.500,-
-20%
COSTA hornsófi
Stærð: 310X180cm
Verð: 235.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 188.000,-
-25%
KENT tungusófi
Stærð: 234X165cm -færanleg tunga
Verð: 185.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 138.750,-
MOBI borðstofuborð - spónlagður askur
200X100cm Verð: 89.000,- ÚTSÖLUVERÐ: 62.300,-
160X90cm Verð: 66.000,- ÚTSÖLUVERÐ: 46.200,-
-30%
VANCOUVER glerskápur
Breidd: 168cm
Verð: 265.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 198.750,-
-25%
-20%
ALL 4 YOU skápur
Breidd: 91cm
Verð: 69.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 55.200,-
VANCOUVER skenkur
Breidd: 190cm
Verð: 157.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 125.600,-
-20%
-30%
STÓLL 133-7
Verð: 13.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 9.730,-
-30%
STÓLL 234
Verð: 15.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 11.130,-
-30%
CODY stóll
Verð: 17.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 12.530,-
Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: lau: 10.00 - 16.00 sun: 13.00 - 16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola


| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| VACATION | 3:50, 5:50, 8, 10:10 |
| THE GIFT | 8, 10:20 |
| FRUMMAÐURINN 2D | 3:40, 5:50 |
| TRAINWRECK | 8, 10:35 |
| SKÓSVEINARNIR 2D | 3:50 |
| MINIONS - ENS TAL 2D | 6 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
Það muna allir eftir ógleymanlegu grínmyndunum um Griswold fjölskylduna. Nú er komið að syninum að fara með sína fjölskyldu í frí!



| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| VACATION | KL. 3:40 - 4:40 - 5:50 - 6:50 - 8 - 9 - 10:20 - 11:10 |
| VACATION VIP | KL. 3:40 - 5:50 - 8 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 5:15 - 8 - 10:45 |
| MISSION: IMPOSSIBLE VIP | KL. 10:20 |
| ANT-MAN 2D | KL. 8 - 10:45 |
| THE GALLOWS | KL. 10:45 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 - 5:50 |
| INSIDE OUT ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 - 5:50 |
| JURASSIC WORLD 2D | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| VACATION | KL. 8 - 10:40 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 10:10 |
| TRAINWRECK | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| VACATION | KL. 5:40 - 8 - 10:45 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 5:20 - 8 - 10:20 |
| FANTASTIC 4 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| ANT-MAN 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| VACATION | KL. 5:50 - 8 - 10:20 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 6 - 9 - 10:30 |
| MAGIC MIKE XXL | KL. 8 |
| INSIDE OUT ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| VACATION | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:45 |
| ANT-MAN 2D | KL. 5:30 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ


Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

# Forbes fjallar ítarlega um Galvan

**Sóla Káradóttir er listrænn stjórnandi tískumerkisins Galvan en hún flýgur á milli London og Los Angeles vegna vinnunnar.**

Í byrjun mánaðarins birtist grein á vefsíðu Forbes um breska merkið Galvan sem segir það vera á góðri leið með að verða eitt stærsta merkið í gala-fatnaði. Sóla Káradóttir er listrænn stjórnandi merkisins en það var stofnað fyrir aðeins einu og hálfu ári og hefur vaxið á miklum hraða síðan þá. Í dag eru aðeins fjórir starfsmenn en Sóla segir að fyrirtækið þurfi bráðum að stækka við sig. Stjörnur á borð við Siennu Miller, Jennifer Lawrence, Elizabeth Olsen og Rihönnu hafa klæðst kjólum frá Galvan.

„Ég flýg mikið á milli London og Los Angeles vegna vinnunnar. Úti í LA er ég aðallega að vinna að „celebrity dressing“ en skrifstofan okkar er í London. Við erum hver á sínum staðnum og erum mikið að vinna í gegnum Skype. Það hefur gengið mjög vel hingað til og það sem við græðum mest á því eru sambönd um allan heim sem við getum nýtt okkur,“ segir Sóla.

Í grein Forbes segir að Galvan fylli upp í ákveðið gat í markaðnum þar sem konur geta keypt sér mínímalíska kjóla sem eru í góðum gæðum og eru ekki á sama verðbili og öll lúxusmerkin þar sem kjólarnir eru yfirleitt of mikið skreyttir og kosta annan handlegginn. „Okkur hefur gengið vel að koma þessu inn í búðir og margir segja að þetta sé akkúrat það sem þeir hafa verið að leita að.“ Þær ætla að halda lengur áfram að einblína á þá stefnu sem þær hafa markað sér en eru opnar fyrir að bæta við vörulínum í framtíðinni þegar merkið er búið að skjóta almennilegum rótum á tískumarkaðnum.

Þessa dagana er Sóla stödd á Íslandi en fer fljótt út aftur þar sem tískumánuðurinn nálgast óðfluga en þá verður keyrsla allan september. „Við höfum aðallega verið að koma þessu sjálfar inn í búðir og ekki verið með mikið af sýningum. Við erum kannski fáar í fyrirtækinu en við erum mjög „hands on“. Ásamt því að tískuvikurnar eru að byrja þá erum við líka komnar langt á leið með sumarlínuna fyrir næsta ár og erum byrjaðar að vinna í haustlínunni fyrir 2016.“

> **Okkur hefur gengið vel að koma þessu inn í búðir og margir segja að þetta sé akkúrat það sem þeir hafa verið að leita að.**

Margar stórar stjörnur hafa klæðst Galvan en Rihanna sem er ein frægasta söngkonan um þessar myndir fór sjálf í Opening Ceremony-verslun og keypti þar tvo kjóla. „Hún klæddist öðrum kjólnum í afmælinu sínu og svo hinum í fyrirpartíi fyrir Grammy-verðlaunin. Það gerði mikið fyrir vörumerkið okkar enda skiptir máli að fá góða ímynd. Sienna Miller hefur líka klæðst tveimur flíkum frá okkur og hún hefur áhuga á að fá okkur til þess að hanna fyrir sig.“

gunnhildur@frettabladid.is



**LISTRÆNN STJÓRNANDI** Sóla flýgur á milli heimsálfa í vinnunni en það hefur gengið vel hingað til. MYND/AÐSEND



**SIENNA MILLER** Leikkonan hefur klæðst tveimur flíkum frá Galvan.



**ELIZABETH OLSEN** Avengers-leikkonan er glæsileg í flottum kjól frá Galvan.



**RUTH WILSON** Breska leikkonan lét sig ekki vanta á Galvan-lestina.



**JENNIFER LAWRENCE** Stórstjarnan klæddist þessum fallega kjól í eftirpartíi eftir Met Gala. MYNDIR/GETTY



Weetabix
Weetos
Weetos er heilkorna
og inniheldur viðbætt
járn og D vítamín

## Fyrsti Evrópusigur Stjörnukvenna



Kvennalið Stjörnunnar byrjar vel í undanriðli Meistaradeildar Evrópu en Íslandsmeistararnir unnu 5-0 sigur á Hibernians frá Möltu í gær í fyrsta leik liðsins af þremur en þeir fara allir fram á Kýpur. Liðið sem vinnur riðilinn tryggir sér sæti í 32 liða úrslitum keppninnar. Brasilísku stelpurnar Poliana (2 mörk) og Francielle (1 mark) skoruðu báðar á fyrstu 47 mínútunum en þriðja mark Stjörnunnar í leiknum var sjálfsmark. Guðrún Karítas Sigurðardóttir skoraði síðan fimmta markið aðeins sex mínútum eftir að hafa komið inn á í fyrsta Evrópuleiknum sínum. Stjarnan hafði tvisvar tekið þátt í 32 liða úrslitum Meistaradeildarinnar á síðustu árum en hafði ekki unnið Evrópuleik fyrr en í gær. Apollon frá Kýpur vann 2-0 sigur á KÍ frá Færeyjum í hinum leik riðilsins en Stjörnustelpur mæta færeyska liðinu í næsta leik sem verður strax á morgun.



**FÖGNUÐUR** Blikastúlkur fagna einu marka sinna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## PEPSI DEILD KVENNA

**ÞÓR/KA-KR** **2-0**
1-0 Sandra María Jessen (22.), 2-0 Sandra María Jessen (80.).

**ÞRÓTTUR-SELFOSS** **0-3**
0-1 Dagný Brynjarsdóttir (38.), 0-2 Magdalena Anna Reimus (45.), 0-3 Guðmunda Brynja Óladóttir (71.).

**BREIÐABLIK-FYLKIR** **3-0**
1-0 Aldís Kara Lúðvíksdóttir (30.), 2-0 Rakel Hönnudóttir (59.), 3-0 Telma Hjaltalín Þrastardóttir (78.).

### STAÐA EFSTU LIÐA

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Breiðablik | 13 | 12 | 1 | 0 | 38-2 | 37 |
| Stjarnan | 13 | 11 | 0 | 2 | 36-7 | 33 |
| Þór/KA | 13 | 7 | 3 | 3 | 34-19 | 24 |
| Selfoss | 13 | 7 | 2 | 4 | 23-12 | 23 |
| ÍBV | 13 | 7 | 1 | 5 | 30-19 | 22 |

# Í fótspor frænku tuttugu árum síðar

Aníta Hinriksdóttir verður meðal keppenda á HM í frjálsum íþróttum sem fer fram í Peking í ágúst. Hún verður fyrsti langhlaupari Íslands á HM síðan 1995.




**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Ísland hefur ekki átt langhlaupara á HM í frjálsum í tuttugu ár og það leit út fyrir að biðin lengdist enn þegar Aníta Hinriksdóttir náði ekki ströngum lágmörkum fyrir þátttökurétt í 800 metra hlaupi. Í gær kom hins vegar í ljós að íslenska hlaupadrottningin fær tækifæri til að feta í fótspor frænku sinnar, Mörtu Ernstsdóttur.

### Öðruvísi reglur fyrir þetta HM

„Það voru öðruvísi reglur áður þegar það voru A- og B-lágmörk. Íslendingarnir voru oft að fara inn á stórmótin á B-lágmörkunum. Nú eru engin B-lágmörk lengur heldur stjórnar mótshaldarinn reglunum. Lágmarkið inn á HM núna er eiginlega eins og gömlu A-lágmörkin eða mjög strangt. Síðan fylla þeir upp í fjöldann með afrekum sem koma næst,“ segir Gunnar Páll Jóakimsson, þjálfari Anítu. Alþjóðasambandið staðfesti í gær að Aníta verði með keppenda á heimsmeistaramótinu sem hefst þann 20. ágúst í Peking í Kína.

„Við vorum búin að fara á mót í Belgíu tvær helgar í röð og þar voru allir að miða við þessi lágmörk. Það vissu því margir eftir tvö síðustu mót að þeir væru mjög heitir,“ segir Gunnar Páll en Anítu vantaði aðeins fimmtán hundraðshluta upp á að ná lágmarkinu.

„Við vissum í gær að það væri mjög líklegt að hún fengi að fara en það var ekki gefið endanlega út fyrr en í dag (í gær). Hún var svo ofboðslega nálægt lágmarkinu þannig að líkurnar voru talsverðar. Við erum mjög sátt með að hafa farið í þessi tvö hlaup gagngert til þess að reyna að ná lágmarkinu. Það borgaði sig,“ segir Gunnar.

### Fyrsta heimsmeistaramótið

Aníta keppir nú á sínu fyrsta heimsmeistaramóti í fullorðinsflokki. „Þetta verður stærsta mótið sem hún hefur tekið þátt í og mér finnst þetta vera mjög mikilvægt. Hún komst í úrslit á EM innanhúss og var eini unglingurinn sem náði því. Hún komst síðan í undanúrslit á EM utanhúss í fyrra og er byrjuð að gera sig gildandi í fullorðinsflokknum. Það að komast inn á heimsmeistaramótið styrkir enn frekar stöðu hennar í undirbúningnum fyrir Ólympíuleikana. Þetta gæti líka hjálpað henni almennt í að skapa sér nafn til þess að komast inn á stærstu mótin. Það er mikil barátta um að komast inn á þau mót. Reynsla og annað hefur töluvert að segja í öllum greinum en ekki hvað síst í þessum greinum sem hún er að finna sig í enda að læra taktísk hlaup í hverju hlaupi,“ segir Gunnar Páll.

### Strákarnir ekki eins góðir

Aníta og spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir verða einu íslensku keppendurnir á HM í ár. „Hulda Þorsteinsdóttir (stangarstökk) og Hafdís Sigurðardóttir (langstökk) eru næstar á eftir þeim Ásdísi og Anítu. Strákarnir hafa því ekki átt alveg eins gott ár og stelpurnar,“ segir Gunnar Páll. Hann býst við frábæru móti.

„Þetta verður mikið ævintýri. Kínverjarnir kunna þetta frá Ólympíuleikunum og þetta verður örugglega mjög flott mót,“ segir Gunnar Páll að lokum.

ooj@frettabladid.is

### ➜ Aníta vill ferðast með Ásdísi til Kína

Aníta Hinriksdóttir og Ásdís Hjálmsdóttir munu að öllum líkindum ferðast saman til Kína en þær eru einu íslensku keppendurnir á HM í frjálsum íþróttum í Peking. Ásdís hefur vitað það síðan í vor að hún væri að fara til Peking.

„Þetta er frekar stuttur fyrirvari og nú er allt á fullu að reyna að fá vegabréfsáritun til Kína og skipuleggja ferðir. Við erum að vonast til þess að hún geti ferðast með Ásdísi frá Zürich þar sem Ásdís býr,“ segir Gunnar Páll Jóakimsson, þjálfari Anítu.

„Ef hún kemst með Ásdísi þá fær hún nógu marga daga úti því fyrstu dagarnir fara bara í það að jafna sig, bæði á löngu ferðalagi og tímamismuninum. Við tökum aldrei mjög erfiðar æfingar þarna úti en við tökum enga alvöru æfingu fyrr en á þriðja, fjórða degi,“ segir Gunnar Páll.

Komist Aníta út með Ásdísi líða sex dagar frá því að hún kemur til Peking þar til keppni í undanrásum 800 metra hlaupsins fer fram 26. ágúst næstkomandi.

- óój

**FRÆKNAR FRÆNKUR** Aníta Hinriksdóttir og Martha Ernstsdóttir. Martha keppti í 5000 og 10000 metra hlaupi á HM 1995. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hafa ekki tapað síðan einhvern tímann á síðasta ári

Nítján ára landsliðið í handbolta byrjar vel á HM í Rússlandi en fyrr í sumar unnu strákarnir sigur á Opna Evrópumótinu í Gautaborg.

**HANDBOLTI** Ómar Ingi Magnússon og félagar í íslenska 19 ára landsliðinu hafa unnið þrjá fyrstu leiki sína á Heimsmeistaramótinu í Rússlandi og þar á meðal eru sigrar á móti Þýskalandi og Spáni. Strákarnir unnu Egypta í gær.

„Þetta hefur byrjað vel hjá okkur þó að leikurinn í dag hafi ekki verið upp á marga fiska. Tveir fyrstu voru mjög góðir hjá okkur en þessi er vonandi bara undantekningin. Við kláruðum hann og það er það sem skipti máli,“ segir Ómar Ingi Magnússon, lykilmaður í íslenska liðinu.

Íslenska liðið lét sér nægja tveggja marka sigur á Egyptum 31-29 en áður hafði liðið unnið Þýskaland 34-26 og Spán með einu marki, 25-24.

„Við spiluðum mjög vel á móti Þýskalandi og vorum frábærir á móti Spáni. Stemningin er góð hjá okkur og allir eru glaðir og flottir,“ segir Ómar Ingi sem er næstmarkahæsti leikmaður íslenska liðsins með sextán mörk í þessum þremur leikjum. Íslenska liðið vann Opna Evrópumótið í Gautaborg með sigri á Svíum í úrslitaleik og strákarnir hafa haldið sigurförinni áfram á þessu móti.

„Við erum ekki búnir að tapa í þó nokkurn tíma, síðan í fyrra einhvern tímann,“ segir Ómar Ingi.

„Við ætlum okkur stóra hluti á þessu móti en markmiðið núna er samt bara að klára riðilinn. Það eru tveir leikir eftir í riðlinum og við þurfum að klára þá almennilega til að fá sem auðveldastan andstæðing í 16 liða úrslitunum. Síðan pælum við bara í 16 liða úrslitunum þegar þar að kemur,“ segir Ómar Ingi og passar sig á því að tala ekki af sér.

Íslenska nítján ára liðið er búið að vinna alla fjórtán leiki sína á árinu 2015. Sigurinn á Spáni þar sem Ómar Ingi skoraði sigurmarkið er einn af þeim stærri til þessa í ár.

„Spánn lenti í þriðja sæti á Evrópumótinu í fyrra og er með eitt af bestu liðum í heimi. Á góðum degi erum við þar líka. Við getum unnið alla en þetta getur líka farið illa á móti öllum ef við erum ekki á tánum,“ segir Ómar Ingi.

„Það eru sömu gildi í gangi hjá okkur eins og öllum íslenskum liðum sem er stemningin, barátta og vilji. Við erum flest allir í góðum hlutverkum hjá liðunum okkar heima. Við fáum þar mikið að gera og það er sett ábyrgð á okkur sem þroskar okkur gríðarlega,“ segir Ómar Ingi sem er frá Selfossi en spilað með Val á síðasta ári.

„Hvert smáatriði skiptir máli í svona leikjum og hver ákvörðun skiptir máli. Hausinn er einbeittur á riðilinn núna en síðan koma aðrar hugsanir eftir það. Við ætlum bara að taka einn leik í einu,“ segir Ómar en liðið mætir Noregi í dag. Norðmenn hafa líka unnið þrjá fyrstu leiki sína.

„Norðmenn eru stórir og sterkir. Þeir keyra líka mikið og þetta verður erfiður leikur,“ segir Ómar og hann viðurkennir að það sé hungur í fleiri sigra innan íslenska liðsins. „Það væri ekki verra að geta haldið sigurgöngunni áfram fram eftir ágústmánuði,“ segir Ómar Ingi.

- óój




**SEXTÁN MARKA MAÐUR** Ómar Ingi Magnússon er í stóru hlutverki hjá íslenska liðinu í Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/XXX

# ORMSSON

# SPARIDAGAR

## standa nú sem hæst

**25% AFSLÁTTUR**
AEG
Kaffivélar, brauðristar, blandarar, töfrasprotar, hraðsuðukönnur, straujárn, ryksugur o.m.fl.

**Allar vörur á SPARIDÖGUM frá**
AEG SAMSUNG Tefal Pioneer ZANUSSI bodum BRAUN Nintendo Verbatim hama

**Tilboð • Afslættir • Verðlækkun**

**22% AFSLÁTTUR**
AEG
Þvottatæki, kæliskápar, ofnar, helluborð, viftur, gufugleypar, o.m.fl.

### AEG veggofn

BE3002401-M stál
HT944 185 876

Stál með kjöthitamæli
Fjölkerfa blástursofn
með 8 aðgerðum
Þrefalt gler í ofnhurð -
kaldari framhlið
Innanmál: 74 lítrar

**Verð áður: 109.900,- kr**



**30% AFSLÁTTUR**



### AEG helluborð

HK634000XB með stálkanti, 57cm.
HT949 595 118

Keramikhellur m. stálramma
Snertirofar
Tímastillir á öllum hellum
"Automatic" og "Stop and Go" stillingar
Sjálfvirk öryggisslökkvun

**Verð áður: 89.900,- kr**

**Saman í pakka kr. 139.800,- og þú sparar 60.000,-**

**22% AFSLÁTTUR**
AEG
**AEG uppþvottavél**
56302WO / HT911 546 089
Gerð : Topplaus gerð undir borðplötu: H:82-87, B:60, D:60 / Orkunýtni : A+ / 2200W öryggi 10A / Þvottahæfni : A / Þurrkhæfni : A.
Rétt verð: hvít: 99.900,- / stál: 109.900
**Tilboð: hvít: 77.922,- / stál: 85.722,-**

**30% AFSLÁTTUR**
bodum
Salt- og piparkvörn saman í einum stauk
Vörurnar frá þessu listræna merki, eru tímalausar og taka sig vel út í eldhúsinu.
*Sjón er sögu ríkari*

**20% AFSLÁTTUR**
ZANUSSI
Þvottavélar
Þurrkarar
Uppþvottavélar
Kæliskápar
Eldavélar
*Toppvara á frábæru verði*

brabantia **Sterk eldhúsáhöld** *
**20% AFSLÁTTUR**
Ostaskeri, hvítlaukspressa, pizzuhnífur, þeytari eða dósaopnari, allt á sínum stað í eldhúsinu.

brabantia **Touch Bin** *
**Hafa slegið í gegn**
30 lítra og 45 lítra.
Til í ýmsum litum.
**20% AFSLÁTTUR**

brabantia
**Eldhúsáhöld**
Allt til alls.
**20% AFSLÁTTUR** *

OBH NORDICA *
**Kaffivélin sem sýður vatnið**
OBH Nordica framleiðir eldhústæki í ýmsum litum.
**20% AFSLÁTTUR**

**Fullkominn rakstur með BRAUN** *
**20% AFSLÁTTUR**

Tefal **Pottar og pönnur meistarans**
Jamie Oliver Tefal
**20% AFSLÁTTUR**

ORMSSON
**Greiðslukjör**
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði
Lántökugjald 3,5%

**Opið
virka daga
kl. 10 - 18 og
laugardaga 11 -15**

* NÝTT Í AUGLÝSINGU

*
**Rafmagnstannburstar fyrir alla fjölskylduna**
**20% AFSLÁTTUR**
Oral-B
BRAUN

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | ORMSSON<br>ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | KS<br>SAUÐÁRKRÓKI<br>SÍMI 455 4500 | SR BYGG<br>SIGLUFIRÐI<br>SÍMI 467 1559 | ORMSSON<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | ORMSSON<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | ORMSSON<br>VÍK -EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 471 2038 | ORMSSON<br>PAN-NESKAUPSSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | ORMSSON<br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 | GEISLI<br>VESTMANNAEYJUM<br>SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG<br>BORGARNESI<br>SÍMI 422 2211 | OMNIS<br>AKRANESI<br>SÍMI 433 0300 |

# DAGSKRÁ



2 | 20:50
**MISTRESSES**
Bráðskemmtilegir bandarískir þættir um fjórar vinkonur og skrautleg samskipti þeirra við hitt kynið. Þættirnir eru byggðir á samnefndri breskri þáttaröð.

FJÖLBREYTT
**MIÐVIKUDAGSKVÖLD!**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365



2 | 20:10
**COVERT AFFAIRS**
Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunnar.



2 | 21:35
**YOU´RE THE WORST**
Hressilegir gamanþættir um tvo frekar alvarlega einstaklinga sem halda að þau hafi hitt sálufélaga sinn.
En það á eftir að koma í ljós.



2 | 22:00
**RITA**
Rita er miðaldra kennari sem fer ótroðnar slóðir og er vinsæl meðal nemendanna. Hún þykir ekki góð fyrirmynd en á fullt traust eins manns.



2 | 22:45
**MAJOR CRIMES**
Hörkuspennandi þættir sem fjalla um lögreglukonu sem er ráðin til morðrannsókna-deildar innan lögreglunnar í Los Angeles.



| 22:00
**HER**
Dramatísk mynd með gamansömu ívafi sem gerist í náinni framtíð með Joaquin Phoenix, Amy Adams og Scarlett Johansson.



Krakka Stöðin | 07:00-20.30
**BARNAEFNI ALLA DAGA**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.40 Big Time Rush**
**08.05 The Middle**
**08.30 The Crazy Ones**
**08.55 Mom**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 Spurningabomban**
**11.15 Höfðingjar heim að sækja**
**11.50 Grey's Anatomy**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Nashville**
**14.35 White Collar**
**15.20 Man vs. Wild**
**16.05 Big Time Rush**
**16.30 Welcome to the Family**
**16.55 Raising Hope**
**17.20 Bold and the Beautiful**
**17.40 Nágrannar**
**18.05 The Simpsons**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.55 Modern Family**
**19.15 Víkingalottó**
**19.20 The Middle**
**19.45 Mindy Project** *(18:22)* Gamanþáttaröð um konu sem er í góðu starfi en gengur illa að fóta sig í ástalífinu.
**20.10 Covert Affairs** *(7:16)* Fjórða þáttaröðin um CIA-fulltrúana Annie og Auggie og samband þeirra bæði innan og utan vinnunnar.
**20.50 Mistresses** *(8:13)* Þættir um fjórar vinkonur og samskipti þeirra við karlmenn. Þættirnir eru byggðir á samnefndri breskri þáttaröð.
**21.35 You're the Worst** *(6:10)* Hressilegir gamanþættir um tvo einstaklinga sem eru afar sjálfsgagnrýnin og á veröldina í kringum þau. Þegar þau hittast virðast þau hafa hitt sálufélaga sína en tíminn leiðir það í ljós hvort samband þeirra gengur upp.
**22.00 Rita** *(3:8)* Kennslukona á miðjum aldri sem fer ótroðnar slóðir og er óhrædd við að segja það sem henni finnst. Hún á þrjú börn á unglingsaldri en hefur aldrei þótt góð fyrirmynd.
**22.45 Major Crimes**
**23.30 Real Time With Bill Maher**
**00.30 Tyrant**
**01.15 NCIS**
**02.00 The Paperboy**
**03.45 Compliance**
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.30 Barcelona - Sevilla**
**13.45 Valur - Breiðablik**
**15.35 Pepsímörkin 2015**
**16.50 KR - ÍBV**
**18.40 Portsmouth - Derby** Bein útsending
**20.45 Barcelona - Sevilla**
**22.30 Sounds of the Finals**
**23.20 Portsmouth - Derby**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**10.20 Manstu**
**11.05 Premier League Review 2015**
**12.00 Leicester - Sunderland**
**13.40 Premier League World**
**14.10 Bournemouth - Aston Villa**
**15.50 Norwich - Crystal Palace**
**17.30 Enska uppgjörið**
**18.40 Portsmouth - Derby** Bein útsending
**20.45 Arsenal - West Ham**
**22.30 Goðsagnir - Ólafur Þórðarson**
**23.20 Newcastle - Southampton**
**01.05 WBA - Man. City**

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarna **20.30** Auðlindakistan **21.00** Eldað með Holta **21.30** Sjónvarp Kylfings.is

## STÖÐ 3

**18.15 Last Man Standing**
**18.35 Cristela**
**19.00 Hart Of Dixie**
**19.45 Baby Daddy**
**20.10 Awake** *(11:13)*
**20.55 The Originals** *(11:22)* Meðlimir Mikaelson-fjölskyldunnar eru þeir fyrstu af hinum svokölluðu ofurvampírum en þær geta lifað í dagsljósi.
**21.40 The Mysteries of Laura** *(3:22)* Þættir um einstæða móður sem sinnir starfi sínu sem rannsóknarlögreglukona hjá lögreglunni í New York.
**22.25 Witches of East End** *(5:10)*
**23.10 Sirens**
**23.35 Supernatural**
**00.20 Hart Of Dixie**
**01.05 Baby Daddy**
**01.30 Awake**
**02.15 The Originals**
**03.00 The Mysteries of Laura**
**03.45 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.49** Tommi og Jenni **07.55** UKI **08.00** Brunabílarnir **08.22** Kalli á þakinu **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Ævintýri Tinna **09.25** Latibær **09.47** Mæja býfluga **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.49** Tommi og Jenni **11.55** UKI **12.00** Brunabílarnir S**12.22** Kalli á þakinu **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Ævintýri Tinna **13.25** Latibær **13.47** Mæja býfluga **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.49** Tommi og Jenni **15.55** UKI **16.00** Brunabílarnir **16.22** Kalli á þakinu **16.47** Ævintýraferðin **17.00** Ævintýri Tinna **17.25** Latibær **17.47** Mæja býfluga **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Igor

## GULLSTÖÐIN

**17.30 Strákarnir**
**18.00 Mike and Molly**
**18.20 New Girl**
**18.45 How I Met Your Mother**
**19.10 Friends** *(5:24)*
**20.00 Hæðin** *(9:9)* Í þessum lokaþætti af Hæðinni er ekki úr vegi að rifja upp gang mála og hvernig pörin þrjú fóru að því að umbreyta húsunum þremur í Árakri í glæsilegar íbúðir.
**20.50 Chuck** *(15:24)* Chuck Bartowski er mættur í fjórða sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum. Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.
**21.35 Cold Case** *(18:23)* Lily og sérsveit hennar hefja á ný rannsókn á láti áhugaleikara frá árinu 2002 þegar eigandi í félagsheimili finnur byssu falda innan um leikmuni.
**22.20 Curb Your Enthusiasm**
**22.50 Cold Feet**
**23.45 Tekinn** Tryggvi Guðmundsson
**00.10 Hæðin**
**01.00 Chuck**
**01.45 Cold Case**
**02.30 Curb Your Enthusiasm**
**03.00 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.55 Moonrise Kingdom**
**12.30 Grand Seduction**
**14.20 Ocean's Twelve**
**16.25 Moonrise Kingdom**
**18.00 Grand Seduction**
**19.55 Ocean's Twelve**
**22.00 Her**
**00.05 The Company You Keep**
**02.05 Edge of Darkness**
**04.00 Her**

## RÚV

**16.10 Sumardagar**
**16.30 Ráðgátur Murdoch**
**17.20 Disneystundin**
**17.21 Finnbogi og Felix**
**17.43 Sígildar teiknimyndir**
**17.50 Gló magnaða**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Neytendavaktin**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Sumardagar**
**19.55 Íþróttaafrek sögunnar** *(4:14)*
**20.25 Innsæi** *(2:14) (Perception II)* Dr. Daniel Pierce er sérvitur taugasérfræðingur sem hjálpar yfirvöldum að upplýsa flókin sakamál.
**21.10 Allir litir hafsins eru kaldir** *(1:3)* Íslenskur sakamálamyndaflokkur.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Churchill: Að vinna stríðið en glata friðinum** *(Churchill: Winning the war, losing the peace)* Heimildarmynd frá BBC. Þegar breska þjóðin gekk til þingkosninga að lokinni seinni heimsstyrjöldinni árið 1945 gerðist hið óvænta að stór meirihluti þjóðarinnar sneri baki við Winston Churchill sitjandi forsætisráðherra.
**23.10 Hinterland: Stúlkan í vatninu** *(4:4)*
**00.50 Fréttir**
**01.05 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 The Talk**
**09.45 Pepsi MAX tónlist**
**13.30 Cheers**
**13.55 Dr. Phil**
**14.35 Welcome to Sweden**
**15.00 Reign**
**15.45 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course**
**16.15 Britain's Next Top Model**
**17.05 Agent Carter**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Talk**
**19.10 Million Dollar Listing**
**19.55 Growing Up Fisher** *(9:13)*
**20.15 America's Next Top Model** *(8:16)*
**21.00 Girlfriends' Guide to Divorce** *(6:13)*
**21.45 Satisfaction** *(4:10)*
**22.30 Sex & the City**
**22.55 Madam Secretary**
**23.40 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**00.25 Extant**
**01.10 Girlfriends' Guide to Divorce**
**01.55 Satisfaction**
**02.40 Sex & the City**
**03.05 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.35** World Golf Championship **14.05** Champions Tour Highlights **15.00** Golfing World 2015 **15.50** Inside The PGA Tour 2015 **16.15** PGA Tour 2015 - Highlights **17.10** Golfing World 2015 **18.00** World Golf Championship

## HRINGBRAUT

**00.00** Fólk með Sirrý **01.00** Atvinnulífið **01.30** Fólk og frumkvæði **02.00** Fólk með Sirrý **03.00** Atvinnulífið **03.30** Fólk og frumkvæði **04.00** Fólk með Sirrý **05.00** Atvinnulífið **05.30** Fólk og frumkvæði **06.00** Fólk með Sirrý **07.00** Atvinnulífið **07.30** Fólk og frumkvæði **08.00** Fólk með Sirrý **09.00** Atvinnulífið **09.30** Fólk og frumkvæði **10.00** Fólk með Sirrý **11.00** Atvinnulífið **11.30** Fólk og frumkvæði **12.00** Fólk með Sirrý **13.00** Atvinnulífið **13.30** Fólk og frumkvæði**14.00** Fólk með Sirrý **15.00** Atvinnulífið **15.30** Fólk og frumkvæði **16.00** Fólk með Sirrý **17.00** Atvinnulífið **17.30** Fólk og frumkvæði **18.00** Fólk með Sirrý **19.00** Atvinnulífið **19.30** Fólk og frumkvæði **20.00** Mannamál **20.30** Matjurtir **20.45** Golf með Eyfa **21.15** 433 **21.45** Grillspaðinn **22.00** Mannamál **22.30** Matjurtir **22.45** Golf með Eyfa **23.15** 433 **23.45** Grillspaðinn

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




**KONAN Í LESTINNI** EFTIR **PAULA HAWKINS**

# ENGIN SKÁLDSAGA HEFUR SELST JAFN HRATT Í HEIMINUM!

„Paula Hawkins leikur sér að sjónarhornum og tímasetningum af mikilli fimi og skapar gríðarlega spennu og samúð með óvenjulegri aðalpersónu.“
THE GUARDIAN

1. PRENTUN UPPSELD!
2. PRENTUN KOMIN Í VERSLANIR!

**1.**
**Metsölulisti Eymundsson**
Íslenskar kiljur




**FRAMÚRSKARANDI VINKONA** EFTIR **ELENU FERRANTE**

# „ALLIR ÆTTU AÐ LESA ALLT EFTIR ELENU FERRANTE!“

– Boston Globe

Napólí-sögur Elenu Ferrante fara nú sannkallaða sigurför um heiminn. Elena og Lila alast upp í alþýðuhverfi í Napólí á sjötta áratugnum, þegar heimurinn er að taka miklum stakkaskiptum. Þetta er stórbrotin saga af vináttu, umbreytingum og lífsins gangi.

★★★★½

„Kraftmikil, viðburðarík, afar vel sögð og áhrifamikil.“
– KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, DV

**2.**
**Metsölulisti Eymundsson**
Íslenskar kiljur

BJARTUR

**SUMARLAGIÐ**



**„Það fyrsta sem kemur upp í huga minn er lagið Everybody Loves the Sunshine eftir Roy Ayers.“**

Margeir Steinar Ingólfsson tónlistarmaður

# Vildi deila upplifun sinni og tók upp vélina

## Tónlistarunnandinn Siggi Jensson stendur fyrir útgáfu á tónleikamynddiski af Eistnaflugshátíðinni.

„Ég fór á Eistnaflug árið 2008 í fyrsta sinn og varð svo heillaður af þessu að ég fór að hugsa, hvar eru myndavélarnar til að taka þetta upp? og þá kviknaði hugmyndin um að taka upp tónleikana,“ segir tónlistarunnandinn Siggi Jensson.

Hann heillaðist af hátíðinni og vildi deila upplifun sinni en gekk með hugmyndina um nokkurt skeið. „Ég ræddi svo við Stefán Magnússon, skipuleggjanda hátíðarinnar, og við ákváðum að hjóla í þetta árið 2014, þegar hátíðin var haldin í tíunda skiptið og gáfum þetta út í ár þegar hátíðin átti tíu ára afmæli.“

Tónleikarnir eru nú komnir út, en um er að ræða fjögurra diska dvd-pakka með 46 hljómsveitum sem komu fram á hátíðinni og pakkinn inniheldur einnig heimildarmynd um hátíðina. „Ég er framleiðandinn, Hallur Örn Árnason er leikstjóri og meðframleiðandi myndarinnar er Grímur Hákonarson. Ég fékk fyrirtæki til þess að koma og taka upp tónleikana,“ segir Siggi. Verkefnið var að stórum hluta styrkt af fyrirtækjum í Fjarðabyggð. Hann hefur komið að kvikmyndatöku í Los Angeles og þekkir því til kvikmyndagerðar sem þessarar.

Heimildarmyndin um hátíðina var m.a. opnunarmynd á Reykjavik Shorts&Docs hátíðinni í Bíói Paradís. Þessi framleiðsla Sigga hefur fengið mikið lof og verður myndapakkinn til umfjöllunar í merku erlendu rokktónlistartímariti. „Ég má því miður ekki nefna titil tímaritsins en það er svakalega mikill heiður að þeir ætli að fjalla um þetta.“

**- glp**



**ÚTGÁFA** Siggi Jensson er framleiðandi tónleikamyndar frá Eistnaflugi sem komin er út. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Fyrir þínar bestu stundir

Þú finnur bæklinginn á dorma.is



MEIRA Á dorma.is

JACKPOT
tungusófi



Slitsterkt áklæði, grátt eða antrasite.
Hægri og vinstri tunga.

Fullt verð: 119.900

Aðeins 99.900 KR.



JACKPOT
horntungusófi



Slitsterkt áklæði, grátt eða antrasite.
Hægri eða vinstri tunga.

Fullt verð: 159.900

Aðeins 129.900 KR.



JACKPOT
U-sófi



Slitsterkt áklæði, grátt eða antrasite.
Hægri eða vinstri tunga.

Fullt verð: 189.900 kr.

Aðeins 149.900 kr.

Holtagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100

Afgreiðslutími
Mán. til fös. frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

DORMA
Láttu drauminn rætast




**SÁTT OG SÆL** Bergljót Gunnarsdóttir er hér fyrir framan annað af dúkkuhúsunum sem hún hefur smíðað fyrir langömmubörnin sín. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Bob Marley og Elvis í unglingaherberginu

## Listakonan Bergljót Gunnarsdóttir hefur lokið við að smíða tvö stærðarinnar dúkkuhús fyrir langömmubörnin. Mynd af Bob Marley prýðir einn vegg hússins.

Hin 75 ára gamla listakona Bergljót Gunnarsdóttir situr ekki auðum höndum því á meðal áhugamála hennar er að smíða dúkkuhús. Hún hefur nú lokið við smíði tveggja glæsilegra dúkkuhúsa. Um er að ræða stærðarinnar dúkkuhús sem eru sjaldséð hér á landi. „Ég bjó til dúkkuhúsin fyrir langömmubörnin. Ég hef fengið mikið hól og börnin eru mjög ánægð með þau,“ segir Bergljót. Hún hefur alla tíð verið flink í höndunum og til að mynda unnið við mósaík og gler og ýmislegt annað í gegnum árin.

Hún segist hafa byrjað á að kaupa grind en hafi svo breytt öllu sem hægt var að breyta. „Ég byrjaði á að kaupa eitthvað sem kallað er grind. Ég klæddi húsið að utan og breytti líka innréttingunum svolítið. Ég breytti veggjunum og herbergjaskipan, ásamt því að flísaleggja og teppaleggja gólfin,“ útskýrir Bergljót. Hún notaði svokallaða grind þegar hún hóf að smíða eldra húsið en nýrra húsið smíðaði hún alveg frá grunni. Hún hóf smíðina eftir jólin og segir verkið taka nokkrar vikur.

„Ég var í nokkrar vikur að gera þetta, líklega svona fjórar til sex vikur. Stundum fékk ég köst þegar ég var að þessu og byrjaði kannski á kvöldin og gat verið að alveg til morguns,“ segir Bergljót en hún smíðar einnig flest húsgögn og innviði hússins. „Ég byrjaði að smíða mublur í húsið í kjölfarið . Ég hef til dæmis verið að smíða alls kyns hluti inn í húsið eins og arin, snyrtiborð, klósettrúllur, spegla og kremdollur,“ bætir Bergljót við.

Hún hefur einnig málað málverk á veggina í húsinu sem minna á Kjarval og Þorvald Skúlason og fleiri. Þá eru einnig plaköt á veggjum í húsinu. „Unglingaherbergið í nýja húsinu hefur fengið talsverða athygli, það er veggfóðrað með Bob Marley-plakötum og stóru Elvis Presley-plakati,“ bætir Bergljót við.

Hvaða hlut hefur verið erfiðast að smíða? „Pílárarnir í ruggustólnum stóðu svolítið út í allar áttir áður en mér tókst að hemja þá.“



**UNGLINGAHERBERGIÐ** Í risi hússins er unglingaherbergið þar sem Bob Marley og Elvis Presley eru á veggjum.

Innblásturinn að hönnun húsanna sækir hún bara í sinn eigin huga og sækir ekki hugmyndir á veraldarvefinn eða annað. „Mig hefur alltaf langað í dúkkuhús en ég eignaðist aldrei svoleiðis. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á svona húsum.“

Bæði húsin eru hugsuð fyrir börn fimm ára og eldri og eru nú í eigu langömmubarna Bergljótar, en langar hana ekki að búa til fleiri hús og selja jafnvel? „Ég held að fólk mundi ekki borga yfir hundrað þúsund krónur fyrir dúkkuhús, og þó,“ segir Bergljót og hlær. „Ég veit ekki alveg hvað dúkkuhús kosta en ég veit að þau eru rándýr sem ég hef séð úti í Englandi til dæmis. Efnið í mín hús kostar svona fjörutíu til fimmtíu þúsund og svo er vinnan,“ segir Bergljót.

**gunnarleo@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# TILBOÐ

## öll rúm á **30-50%** afslætti

Fáðu fría legugreiningu
og faglega ráðgjöf
þegar þú kaupir rúm







Allir aukahlutir á
**30%** afslætti með
seld um rúmum/dýnum

Bjóðum uppá vaxtalausar rað-
greiðslur til allt að 12 mánaða





VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

Smiðjuvegi 2, Kópavogi (við hliðina á Bónus)
**Sími 544 2121 - www.rumgott.is**

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

WOWAIR.IS



## BAKÞANKAR

Kolbeins Tuma Daðasonar

# Litla Ísland minnir á sig

Það kryddar óneitanlega tilveruna þegar fulltrúar Íslands slá í gegn á alþjóðlegum vettvangi. Ekki líða margir dagar á milli þess sem maður fyllist stolti vegna árangurs samlanda. Tökum bara síðustu tvær vikur sem dæmi.

**SUNDDROTTNINGARNAR** Eygló Ósk Gústavsdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir fóru á kostum á HM í Rússlandi. Sögulegur árangur, Íslandsmet og Norðurlandamet – já, bara metaregn. Í gær var Anítu Hinriksdóttur boðið á HM í frjálsum í Kína, þökk sé glæsilegum árangri undanfarin misseri. Ásdís Hjálmsdóttir verður einnig á meðal keppenda í spjótkasti þar sem hún hefur verið fastagestur undanfarin ár.

**KROSSFITDROTTNINGIN** Katrín Tanja Davíðsdóttir er sú hraustasta í heimi og ekki langt undan eru Björgvin Guðmundsson og Sara Sigmundsdóttir. Fanney Hauksdóttir heldur áfram að gera fólk orðlaust, nú með Evrópumeistaratitli í bekkpressu – hennar fyrsta alþjóðlega móti í fullorðinsflokki. Haraldur Franklín spilaði svo frábært golf á EM áhugamanna í Slóvakíu.

**GYLFI SIGURÐSSON** og félagar í Swansea stríddu Chelsea um helgina, Alfreð Finnbogason skoraði í sínum fyrsta leik í Grikklandi og Aron Jóhannsson, víst Íslendingur, samdi við eitt stærsta félag í Þýskalandi. Aron Pálmarsson vann sinn fyrsta titil með Veszprém og Aronar framtíðarinnar í 19 ára landsliði karla hafa unnið alla þrjá leikina á HM í Rússlandi. Þá hafa íslenskir knapar sópað að sér verðlaunum á HM íslenska hestsins í Herning.

**FRAMUNDAN** eru stór augnablik í íslenskri íþróttasögu. Karlalandsliðið í fótbolta getur stigið risaskref í átt að sínu fyrsta stórmóti með góðum úrslitum í leikjum sínum gegn Hollandi og Kasakstan Strákarnir í körfuboltalandsliðinu halda svo til Berlínar í september og mæta þeim bestu í Evrópu á EM í fyrsta skipti. Þar ætla ég að vera og kæmi mér mjög á óvart ef ég sneri ekki heim rosalega stoltur af strákunum.







## YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur kvenna á tölublað, 18–49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015




Allt sem þú þarft ...